

Mat á fullyrðingu Áfram Íslands um efnahagslega yfirburði Íslands gagnvart ríkjum Evrópusambandsins

Gauti B. Eggertsson*

Fyrsta útgáfa, júlí 2026

Ágrip

Áfram Ísland heldur því fram að Ísland sé efnahagslega í allt annarri deild en ríki Evrópusambandsins. Þessi grein kannar hvort gögnin sem hreyfingin notar styðji þá fullyrðingu.

Niðurstaðan er skýr: Ísland er auðugt og farsælt land en er ekki í sérflokk í samanburði við ríki Evrópusambandsins. Þegar sama tímabil, sambærilegir efnahagslegir mælikvarðar og hefðbundin hagfræðihugtök eru notuð er efnahagsleg staða Íslands, ólíkt mati Áfram Íslands, sambærileg við stöðu annarra vestrænna og þróaðra ríkja Evrópusambandsins.

Augljósasta dæmið um mismunandi túlkun tölfræðilegra gagna er hagvöxtur. Áfram Ísland birtir tölur sem segja að meðalvöxtur íslenska hagkerfisins síðustu tíu ár sé 2,9% á móti 1,6% í ESB. En þegar tekið er tillit til fólksfjölgunar snýst myndin við: hagvöxtur á mann var 0,86% á Íslandi en 1,39% í ESB. Átta önnur dæmi af þessum toga eru rýnd, þar á meðal rangtúlkun á atvinnuleysi ungmenna í Finnlandi og Spáni og fullyrðing um 68% kaupmáttaraukningu sem hvílir á upphafsári í öldudal eftirhrunsáranna, verðvísitölu án húsnæðis og launum á vinnustund í stað árslauna.

Heildarmyndin sýnir að Ísland tilheyrir sama hópi og þróuð hagkerfi Vestur- og Norður-Evrópu innan ESB: það stendur framur sumum á sumum mælikvörðum og aftur öðrum á öðrum, en gögnin setja það ekki í sérflokk ofan við þau. Samanburður á stöðu ríkja í dag segir ekki hvaða áhrif aðild eða evruupptaka hefði. Endanlegt mat á kostnaði og ávinningi aðildar verður ekki gert án þess að fyrir liggi samningur; þessi grein metur afmarkaða fullyrðingu um núverandi stöðu Íslands. Frumgögn eru listuð í Viðauka A í enda greinarinnar, en útreikningar og tölvukóði eru birtir opinberlega svo sannreyna megi niðurstöður á https://gautieggertsson.github.io/Afram_Island_gogn.

*Dupee Family Professor of Social Sciences and Professor of Economics, Brown University, USA. Netfang: Gauti_Eggertsson@brown.edu. Frumheimildir eru tilgreindar við hverja mynd, en nákvæm gagnasöfn og gagnaradír eru skráð í Viðauka A aftast. Gögn og tölvuforrit sem endurgera útreikninga og myndir eru aðgengileg á https://gautieggertsson.github.io/Afram_Island_gogn og allar uppfærðar útgáfur greinarinnar verða birtar á https://gautieggertsson.github.io/Afram_Island_grein.pdf (slóðirnar virkjast við birtingu greinarinnar)

„Við erum í meistaradeild. Evrópusambandið í núverandi formi er í besta falli að keppa um miðja aðra deild.“

Halldór Benjamín Þorbergsson, forsvarsmaður Áfram Íslands
(Viðskiptablaðið, 6. júlí 2026)

*

„Við spyrjum bara um staðreyndir, staðreyndir, staðreyndir“

„Næstum því fjórði hver ungur Finni á aldrinum 15 til 25 ára er atvinnulaus.“

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands 1996–2016
(ræða á stofnfundi Áfram Íslands, 6. júlí 2026)

Meginniðurstöður

Er Ísland í meistaradeild í efnahagsmálum en ríki Evrópusambandsins í annarri deild? Greining Áfram Íslands, gefin út 8. júlí 2026, segir já. Tölurnar í henni eru flestar réttar. En margar þeirra svara annarri spurningu en þeirri sem skiptir máli þegar Ísland er borið saman við ríki ESB. Þær merkja einnig annað en flestir lesendur ætla. Margar þessara talna voru komnar í opinbera umræðu áður en greiningin sjálf birtist: fyrrverandi forseti Íslands vitnaði í sviplíkar tölur í ræðu á stofnfundi hreyfingarinnar, tveimur dögum fyrir útgáfu (Áfram Ísland 2026). Tölurnar hafa því þegar mótað opinbera umræðu. Það gerir meiri kröfur til þess að þær þoli skoðun.

Tökum skýrasta dæmið, hagvöxtinn. Greiningin ber saman 2,9% vöxt alls íslenska hagkerfisins og 1,6% vöxt í ESB síðustu 10 ár. Á sama tíma fjölgaði íbúum Íslands margfalt hraðar en íbúum ESB. Hefðbundna lífskjaraspurningin er hve mikið kemur í hlut hvers íbúa. Þegar henni er svarað snýst myndin við. Hagvöxtur á mann er þá mældur 0,86% á ári í samanburði við 1,39% í ESB, og Ísland færir úr 10. sæti af 28 í 23. sæti.

Þessi formáli tekur saman meginniðurstöður greinarinnar án þess að fara ofan í kjölinn á fjölda álítaefna sem koma upp við greiningu gagnanna. Í seinni hluta greinarinnar, köflum 1–15, eru fræðilegar undirstöður útreikninganna kynntar, meðal annars með einföldum líkönum og útskýringu á grundvallarhugtökum hagfræðinnar sem notuð eru. Ekkert af þessu efni er nýtt innan fræðanna; en birt til að gera nánari grein fyrir almennum viðmiðum í hagfræði með vísan í heimildir. Ítarlegar útskýringar og tölvukóðar sýna hvernig nálgast má tölulegu upplýsingarnar og endurgera útreikningana, svo lesandi geti sjálfur sannreynt niðurstöðurnar. (https://gautieggertsson.github.io/Afram_Island_gogn.)

Fullyrðingin um efnahagslega yfirburði Íslands hvílir að stórum hluta á tíu tölulegum samanburðum. Sama mynstur birtist í þeim öllum: val á heiti, nefnara, ári, samanburðarhópi eða breytu ykir þá mynd sem dregin er upp af efnahagslegri velgengni Íslands. Tafla 1 dregur þessa tíu samanburði saman; í myndunum hér á eftir er Ísland auðkennt með rauðu. Þetta eru þeir samanburðir sem mér sýnast hvað mikilvægastir í greiningu Áfram Ísland; í seinni hluta greinarinnar er farið ofan í fleiri álitamál utan þessara tíu.

Þrjár spurningar blandast auðveldlega saman. Í fyrsta lagi getur Ísland staðið yfir meðaltali ESB á mörgum mælikvörðum. Í öðru lagi er spurt hvort Ísland standi í sérflokkum gagnvart þróuðum ríkjum Vestur- og Norður-Evrópu innan ESB. Það er meginspurning þessarar greinar. Í þriðja lagi er spurt hvaða áhrif aðild eða evruupptaka hefði. Samanburður á stöðu ríkja í dag svarar ekki þeirri spurningu.

Fimm þættir samanburðarins: fjórar spurningar sem lesandinn getur sjálfur spurt — og ein sem krefst endurreiknings frá grunni

Tölur geta verið réttar en samt svarað annarri spurningu en lesandinn heldur. Nær allur munurinn á niðurstöðu þessarar greinar og niðurstöðu Áfram Íslands liggur í fimm einföldum atriðum: hverjir eru bornir saman, á hvaða tíma, með hvaða nefnara, undir hvaða heiti — og hvaða breyta er valin þegar fleiri en ein kemur til greina. Lesandinn getur beitt fyrstu spurningunum fjórum á alla tölusamanburði, líka þá sem gerðir eru í þessari grein:

Hvað er tekið með í samanburðinn? (Samanburðarhópur) Meðaltal ESB er gagnlegt en getur hulið mikinn mun milli aðildarríkjanna 27. Þess vegna er grundvallarregla að bera saman bæði meðaltalið og öll ríki ESB. Þegar samsettur mælikvarði er notaður þarf jafnframt að sýna alla meginþætti hans, ekki aðeins þá sem gefa hagstæðasta mynd.

Er verið að bera saman sama tíma? (Samanburðartími) Stakt ár, langtímameðaltal og nýjasta mánaðartala svara ekki sömu spurningu. Sama gildir þegar tölur úr mismunandi útgáfum gagnagrunns eru settar saman í einni mynd eða þegar valið tímabil gjaldeyrisflökts nær yfir fjármagnshöft en sleppir stærstu gengishreyfingunum.

Með hverju er hagstærðinni deilt? (Nefnari) Heildarhagvöxtur og hagvöxtur á mann eru báðir réttir mælikvarðar, en þeir svara ólíkum spurningum. Heildarhagvöxtur segir hversu mikið hagkerfið hefur vaxið í heild sinni, en hagvöxtur á mann segir hversu mikið framleiðsla á hvern íbúa hefur aukist. Sama á við um atvinnuleysi ungmenna. Atvinnulaus er skilgreindur sem einstaklingur sem er án atvinnu, leitar að vinnu og getur hafið störf. Við túlkun atvinnuleysis ungs fólks skiptir miklu máli hvaða hópur er í nefnanum. Ef fá ungmenni vinna með námi, getur unga vinnuaflíð verið mjög lítið hlutfall alls aldurshópsins. Þegar atvinnulausum ungmennum er deilt með unga vinnuaflinu, getur það gefið allt aðra mynd en þegar þeim er deilt með öllum ungmennum á sama aldri. Þetta er ástæða þess að staðhæfing fyrrum forseta Íslands, sem vitnað er til í upphafi, er röng: Fjórðungur fólks á aldrinum 15 til 25 ára í Finnlandi er ekki atvinnulaus, líkt og sýnt verður í þessari grein.

Hvað heitir stærðin? (Heiti stærðar) Verðlag er ekki það sama og kaupmáttur. Kaupmáttur segir hversu mikið fólk getur keypt fyrir tekjur sínar og ræðst því bæði af tekjum og verðlagi. Að sama skapi eru nafnvextir samsett stærð, bætur fyrir vænta verðbólgu að viðbættum raunvöxtum. Fullyrðing um að vaxtamunur milli landa stafi af verðbólgu er því fullyrðing um hvernig munurinn skiptist á milli þessara tveggja þátta. Nákvæm leiðrétting byggist á Fisher-sambandinu; einfaldur frádráttur er fyrsta stigs nálgun. Hvort tveggja krefst meira en að sýna að vextir og verðbólga fylgist að. Skýr heiti og hefðbundnar hagfræðilegar skilgreiningar gera lesandanum kleift að sjá hvað hver tala segir og hvað hún segir ekki.

Er sama hugtakið notað alls staðar — og hefði jafngild breyta gefið annað svar? (Breytuval) Um margar hagstærðir eru til fleiri en einn viðurkenndur kvarði: verðlag má mæla með verðvísi framleiðslunnar eða neyslunnar, laun má telja á vinnustund eða sem árslaun, vinnandi fólk má telja sem launþega eina eða allar vinnandi hendur. Valið milli jafngilda kvarða er ekki rangt í sjálfu sér — en þegar valið fellur *alltaf* sömu megin, og sami kvarðinn er notaður á einum stað en honum hafnað á öðrum, er valið sjálft orðið að niðurstöðu. Þessari spurningu getur lesandinn ekki svarað af stakri glæru; hún krefst þess að framsetningin sé lesin sem ein heild og reiknuð upp á nýtt frá grunni. Það er gert í þessari grein; samandregna niðurstaðan er í töflunni í lok þessa yfirlits og valið á verðvísunum er rakið kvarða fyrir kvarða í kafla 14.

Tíu lykilsamanburðir greiningarinnar, sem nú verða raktir, eru hver um sig dæmi um einn eða fleiri þessara fimm þátta. Í töflunni er tilgreint hvaða þættir eiga við í hverju tilviki.

Tíu samanburðir Áfram Íslands þar sem framsetningin hallar Íslandi í vil

Fullyrðingar Áfram Íslands	Hvað var valið	Sambærilegi samanburðurinn	Staða Íslands
1. Hagvöxtur 2,9% á móti 1,6% í ESB	Heildarvöxtur, ekki vöxtur á mann. Nefnari	Á mann: 0,86% á móti 1,39% á ári	10. sæti verður 23. sæti af 28
2. Ísland „ódyrt“: verðlag 28% undir meðaltali ESB	Verðlagsvísi einstaklingsbundinnar neyslu er deilt með hlutfallslegum tekjum; útkoman er kynnt sem mælikvarði á verðlag. Heiti stærðar	Verðlagsvísir einkaneyslu heimila 2024: 161,7 (ESB = 100)	Dýrast af 28 ríkjum
3. Skuldir 56% á móti 84% fyrir ESB-heildina; spáð 45% á móti 88% árið 2030	Stærðarvegin heildartala ESB er notuð sem lýsing á því sem almennt gerist meðal ríkjanna. Landatöflurnar og ESB-heildin koma úr tveimur WEO-gagnaútgáfum. Samanburðarhópur Samanburðartími	Sama IMF-röð, WEO apríl 2026: Ísland 56,1%; einfalt meðaltal 65,1%; miðgildi 58,8%	14. sæti af 28 frá lægstu skuldum; nálægt miðju
4. Háir vextir eru heimatilbúið verðbólguvandamál	Fylgni nafnvaxta við verðbólgu er kynnt sem skýring á vaxtamuninum, en vænt verðbólga er aldrei dregin frá og raunvextir hvergi nefndir. Heiti stærðar	Áætlaðir raunvextir nýrra íbúðalána: 5,5% á óverðtrygðum lánum og samningsbundnir raunvextir 4,5% á verðtrygðum, á móti 0,8% viðmiði evrusvæðisins	Hæst í samanburðinum; við 4,5% íslensku raunvextina munar um 114 þús.kr. á mánuði af 60 m.kr. láni
5. Atvinnuleysi ungmenna 9% á móti 15% í ESB	Atvinnulausum ungmennum er deilt með þeim hluta aldurshópsins sem vinnur eða leitar að vinnu, ekki öllum aldurshópnum, sem telur einnig námsfólk utan vinnumarkaðar. Nefnari	Af öllum 15–24 ára eru 7,9% í atvinnuleit á Íslandi á móti 6,2% í ESB, enda vinna mun færri evrópsk ungmenni með námi	7. hæsta hlutfallið af þeim 27 ríkjum sem gögn ná til
6. Framleiðni vex mun hraðar en í ESB og á Norðurlöndum	Aðeins er borið saman við tvö meðaltöl; 34%-fullyrðing um heildarþáttaframleiðni verður ekki endurgerð úr tilgreindum heimildum (endurgeranlegt mat: +11–16%). Samanburðarhópur	Öll 27 ESB-ríkin sýnd á sambærilegum mælikvarða	14. sæti af 28, bæði frá árinu 2000 og á síðustu tíu árum; á hvern starfandi undir meðaltali ESB
7. Samkeppnishæfni meiri og vaxandi á Íslandi en almennt í ESB	Þrír af fjórum meginþáttum IMD sýndir. Efnahagsleg frammistaða, þar sem Ísland er í 52. sæti, er tekin út með of viðtækum fyrirvara um stærð ríkja. Samanburðarhópur	Allir fjórir meginþættirnir, undirþættirnir og heildarröðun IMD	15. sæti í heild; fimm ESB-ríki ofar
8. Kaupmáttur launa jókst um 68% 2013–2025 á móti 8% í ESB, „sama á hvaða mælikvarða er litið“	Upphafsár nálægt botni eftir hrunið; verðvísitala án húsnæðis eigenda; laun á vinnustund, ekki árslaun. Samanburðartími Heiti stærðar Nefnari Breytuval	Árslaun á launþega, verðvísitala einkaneyslu með húsnæði, frá 2007: Ísland +3%, ESB +15%, Norðurlönd í ESB +12%	Neðst í samanburðinum frá 2007; frá aldamótum milli ESB og Norðurlandanna í ESB

framhald á næstu síðu

Fullyrðingar Áfram Íslands (<i>framhald</i>)	Hvað var valið	Sambærilegi samanburðurinn	Staða Íslands
9. Laun næsthæst í Evrópu; verðleiðrétta röðunin sögð „ákveðið ósamræmi í hagtölum“	Laun mæld í evrum á markaðsgengi; eigin verðleiðrétting greiningarinnar (8. sæti) afgreidd sem ósamræmi. Tekjusamanburðir á íbúa telja auk þess aðeins laun launþega en sleppa tekjum sjálfstætt starfandi, sjöunda hvers vinnandi manns í ESB. Heiti stærðar Nefnari Breytuval	Árslaun á launþega á verðlagi neyslunnar: 98 (ESB = 100); vinnutekjur allra vinnandi handa á íbúa: 115	2. sæti verður 12. sæti af 28; tekjur á íbúa úr 4. sæti í 5.–6. sæti
10. Einkaneysla á mann „Nr. 2 í ESB“	Neyslan er umreiknuð með jafnvirðisgengi landsframleiðslunnar, þar sem útflutningsverðlag (fiskur, ál, ferðaþjónusta) vegur þungt, í stað jafnvirðisgengis neyslunnar sjálfrar. Breytuval	Raunveruleg einstaklingsbundin neysla á mann á jafnvirðisgengi neyslunnar: 115,6 (ESB = 100)	2. sæti verður 4. sæti af 28

Tafla 1: Tíu lykilsamanburðir Áfram Íslands, númeraðir 1–10. Hver lína sýnir fullyrðinguna, valið sem hún byggist á, sambærilega samanburðinn og stöðu Íslands í heildarsamanburði. Fjallað er um samanburðina í sömu röð í köflunum hér á eftir; ítarlegri skilgreiningar og útreikningar eru í seinni hluta þessarar greinar, sem og yfirlit yfir fleiri hagstærðir.

Mynstrið er skýrt. Í öllum tíu tilvikum hallar val á heiti, nefnara, tíma, samanburðarhópi eða breytu framsetningunni Íslandi í vil. Við þetta bætist mynstur sem sést aðeins þegar glærurnar eru lesnar saman: *valkvæð notkun breyta og hugtaka eftir hentugleika*. Í öll fimm skiptin þar sem val á verðvísi breytti niðurstöðu var valinn sá kvarði sem hækkaði stöðu Íslands eða studdi málflutninginn (kaffi 14). Sama verklag birtist í því hverjir teljast: vinnustundir eru lagðar til grundvallar þar sem þær lyfta framleiðni á stund („Íslendingar vinna lítið“), en þegar sama stundamæling skilar launum í 8. sæti er mælingunni sjálfri hafnað sem „ósamræmi í hagtölum“; og tekjusamanburðir sem telja aðeins laun launþega eru notaðir gagnvart svæði þar sem sjöundi hver vinnandi maður stendur utan launasummunnar, án þess að þess sé getið. Breytan er með öðrum orðum valin eftir því hvaða niðurstöðu þarf; Tafla 2, í lok númeruðu samanburðanna, dregur þetta mynstur saman spurningu fyrir spurningu. Þegar sambærilegri og heildstæðari tölur eru notaðar er staða Íslands áfram góð, en hin almenna sérstaða minnkar, hverfur eða snýst við.

ESB-ríkin eru ekki öll á sama þróunarstigi. Ríki Mið- og Austur-Evrópu gengu mörg inn í sambandið með mun lægra tekjustig en ríki Vestur-Evrópu og hafa síðan verið að vinna það forskot upp. Þau raðast því gjarnan neðar í tekjustigi en ofar í hagvexti og framleiðnivexti. Fyrir fullyrðinguna um „sérdeild“ er lykilsamanburðurinn því ekki aðeins við meðaltal allra 27 ríkjanna, heldur við þróuð ríki Vestur- og Norður-Evrópu innan sambandsins. Þar liggur Ísland innan sama árangursbils: framar sumum á sumum mælikvörðum og aftar öðrum á öðrum.


Fyrirvari um Lúxemborg og Írland. Í Lúxemborg og á Írlandi eiga fjölmörg alþjóðafyrirtæki heimilisfesti og bóka þar mikinn hagnað þótt starfsemin í löndunum sjálfum sé takmörkuð. Landsframleiðsla ríkjanna tveggja ofmetur því lífskjör íbúanna og tölur þeirra ber að taka með fyrirvara; greining Áfram Íslands bendir sjálf á þetta á glærum sínum. Hér er farið eins að og í greiningunni: ríkin tvö eru alls staðar tekin með óbreytt og engin tilraun gerð til leiðréttingar. Leiðréttingin sem hagfræðin notar við þessari skekkju, vergar þjóðartekjur í stað landsframleiðslu, breytir ekki heildarmyndinni — en hún færir Ísland ekki ofar heldur neðar: Írland og

Lúxemborg lækka mikið en sitja bæði áfram ofan Íslands, Danmörk og Holland færast upp fyrir það og Ísland fer úr 4. sæti í það 5. (kaflí 11). Fyrirvari greiningarinnar, beitt til enda, veikir því fullyrðingu hennar fremur en styrkir. Ríkin tvö eru sýnd dauf á mynd 16 til að minna á fyrirvarann.

1. Hagvöxtur: 10. sæti verður 23. sæti á mann (Nefnari)

Fullyrðing Áfram Íslands. Hagvöxtur á Íslandi var 2,9% á ári á móti 1,6% í ESB.

Samanburður á mann. Tölurnar lýsa vexti alls hagkerfisins. Íbúum Íslands fjölgaði hins vegar miklu hraðar en íbúum ESB. Þegar spurt er hversu mikið framleiðsla jókst á hvern íbúa var vöxturinn 0,86% á ári á Íslandi 2016–2025 en 1,39% í ESB. Ísland er þá í 23. sæti af 28. Sama meginniðurstaða fæst á fimm, tíu og tuttugu ára tímabilum. Niðurstaðan veltur ekki á tímabilinu heldur á nefnaranum: því hvort miðað sé við allt hagkerfið eða hvern íbúa.



Mynd 1: Greining Áfram Íslands (vinstri) sýnir meðalvöxt alls hagkerfisins á fimm, tíu og tuttugu ára tímabilum. Sambærilegi lífskjaramælikvarðinn (hægri) sýnir sömu þrjú tímabil á hvern íbúa. Löndunum er raðað eftir tíu ára meðaltalinu; þar færir Ísland úr 10. sæti í 23. sæti. Ríkin efst í vaxtaröðinni eru að stórum hluta samleitniríki Mið- og Austur-Evrópu sem vaxa frá lægra upphafsstigi; meðal þróaðra vestrænna hagkerfa liggur Ísland innan sama árangursbils. Heimild: Eurostat.

2. Verðlag: „ódýrt“ verður dýrast (Heiti stærðar)


Fullyrðing Áfram Íslands. Verðlag á Íslandi er lágt þegar verðlagsvísinum er deilt með því sem greiningin nefnir miðgildi ráðstöfunartekna á mann. Ísland er „ódýrt“: almennt verðlag 28% lægra en í ESB, matur 40% og rafmagn og hiti 73%.

Verðlag eða kaupmáttur? Tilgangur verðlagsvísis er að mæla hvað sambærileg neyslukarfa kostar í mismunandi löndum. Verðlagsvísinn má reikna óháð tekjum, því spurt er hvað það kostar í peningum að kaupa tiltekna neyslukörfu. Verðlagsvísir einkaneyslu heimila er 161,7 á Íslandi

þegar meðaltal ESB er 100. Myndin til vinstri svarar hins vegar annarri spurningu og endurgerir nú útreikning Áfram Íslands nákvæmlega. Þar er verðlagsvísi einstaklingsbundinnar neyslu, 172,7 fyrir Ísland, deilt með hlutfallslegu miðgildi jafngildra ráðstöfunartekna. Tekjuhlutfall Íslands og ESB er 2,4 og útkoman 72. Hún segir hversu hátt verðlagið er miðað við valið tekjuhugtak, ekki hvað vörur og þjónusta kosta. Háar tekjur geta gert hátt verðlag bærilegra, en þær lækka ekki verðið sem neytandinn greiðir.

Myndhlutarnir nota tvö opinber en ólík neysluhugtök. Einstaklingsbundin neysla vinstra megin nær einnig til þjónustu sem hið opinbera og félagasamtök greiða, en einkaneysla heimila hægra megin nær til útgjalda heimilanna sjálfra. Óleiðrétt gildi Íslands er 172,7 samkvæmt fyrri vísinum og 161,7 samkvæmt þeim síðari; Ísland er hæst í samanburðarhópnum samkvæmt báðum. Meginvandinn er því ekki verðlagsröðin ein og sér heldur að verðlagsvísi er deilt með tekjuhlutfalli og útkoman kölluð verðlag.

Hefðbundin hagfræðileg greining bendir til þess að hærra tekjustig endurspeglar að einhverju leyti í hærra verðlagi, meðal annars vegna hærri launakostnaðar. Sumar vörur eru auðveldlega fluttar milli ríkja, en staðbundin þjónusta byggir í ríkari mæli á innlendu vinnuafli. Þetta eru svokölluð Balassa–Samuelson-áhrif; sjá Balassa (1964) og Samuelson (1964). Þau fela þó ekki í sér að verðlag hækki í sama hlutfalli og tekjur, eins og deilingin í greiningu Áfram Íslands gerir ráð fyrir. Í seinni hluta greinarinnar er samband tekna og verðlags metið með aðhvarfsgreiningu á öllum ESB-ríkjunum. Niðurstaðan, sem sést á mynd 19, er að verðlag fylgir tekjustigi í Evrópu, en jafnvel að teknu tilliti til þess er Ísland um 24% dýrara en tekjustig þess spáir. Frávik Íslands frá líkaninu er stærra en allra 27 ESB ríkjanna samkvæmt matinu.



Mynd 2: Vinstri: nákvæm endurgerð á útreikningi Áfram Íslands. Verðlagsvísi einstaklingsbundinnar neyslu er deilt með hlutfallslegu miðgildi jafngildra ráðstöfunartekna; gildi Íslands er 72. Hægri: verðlagsvísir einkaneyslu heimila án tekjudeilingar; gildi Íslands er 161,7 og það hæsta í samanburðarhópnum. Vísarnir ná til ólíkra neysluhugtaka. Óleiðrétt gildi Íslands samkvæmt fyrri vísinum er 172,7 og einnig það hæsta í hópnum. Heimildir: Eurostat, Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands; sjá Viðauka A.

3. Skuldir: langt undir ESB-heildinni, en nær miðju aðildarríkjanna (Samanburðarhópur)

Fullyrðing Áfram Íslands. Opinber fjármál standa betur á Íslandi en almennt í ESB og horfurnar eru bjartari.


Heildartala og dæmigert ríki. Skuldastaða Íslands er raunverulegur styrkleiki. Samkvæmt sömu röð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins voru heildarskuldir hins opinbera 56,1% af landsframleiðslu árið 2025 á Íslandi, samanborið við 82,5% fyrir ESB í heild.¹ Sjóðurinn spáir jafnframt að

¹Samsett fjármálagögn WEO eru reiknuð með því að leggja saman landsstærðir eftir umreikning í Bandaríkjadali á markaðsgengi og deila samanlögðum skuldum með samanlagðri landsframleiðslu. Talan er því stærðarvegin heildartala fyrir sambandið, ekki einfalt meðaltal eða miðgildi aðildarríkjanna.

hlutfallið lækki í 45,4% á Íslandi árið 2030.²

En ESB-heildin lýsir ekki dæmigerðu aðildarríki. Einfalt meðaltal ríkjanna 27 var 65,1% og miðgildið 58,8%, aðeins 2,7 prósentustigum yfir Íslandi. Þrettán aðildarríki skulduðu minna en Ísland og fjórtán meira. Ísland var því í 14. sæti af 28 þegar raðað er frá lægstu skuldum.

Munurinn gagnvart ESB-heildinni sýnir hagstæða stöðu Íslands. Hann sýnir ekki að Ísland sé í annarri efnahagslegri deild en aðildarríkin.




Mynd 3: Vinstri: skuldahlutfall Íslands árið 2025, miðgildi og einfalt meðaltal ESB-ríkjanna 27 og stærðarvegin heildartala ESB, allt úr sömu röð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (WEO, apríl 2026). Hægri: öll ESB-ríkin og Ísland á sömu röð árið 2025, raðað frá lægstu skuldum; Ísland er auðkennt með rauðu í 14. sæti af 28 og miðgildisríkið, Pólland, með bláu; brotalína sýnir miðgildið (58,8) og punktalína ESB-heildina (82,5). Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (WEO, apríl 2026).

²Engin af þeim þremur WEO-gagnaútgáfum sem voru kannaðar, apríl 2025, október 2025 og apríl 2026, endurgerir allar fjórar tölurnar á glærum Áfram Íslands. Öll 2025-landagildin og 56% og 45% fyrir Ísland samsvara WEO apríl 2026, en 84% og 88% fyrir ESB-heildina samsvara WEO apríl 2025. Hér er WEO apríl 2026 notuð samræmt fyrir allar stærðir.

4. Vextir: munurinn hverfur ekki þegar verðbólga er tekin frá (Heiti stærðar)

Stýrivextir: nafnvextir segja aðeins hluta sögunnar

Ísland og evrusvæðið



Raunvextir eru reiknaðir með nákvæmu Fisher-sambandi. Stýrivextir lýsa aðhaldi peningastefnunnar, ekki þeim vöxtum sem heimili greiða. Heimildir: Seðlabanki Íslands og Seðlabanki Evrópu.

Mynd 4: Vinstri hlutinn sýnir 7,75% meginvexti Seðlabanka Íslands og 2,25% innlánsvexti Seðlabanka Evrópu 20. júlí 2026. Hægri hlutinn sýnir áætlaða raunstýrivexti þegar 3,9% vænt verðbólga eftir eitt ár á Íslandi og 2,2% vænt ársverðbólga á evrusvæðinu á öðrum ársfjórðungi 2027 eru tekin frá með nákvæmu Fisher-sambandi. Gildið fyrir evrusvæðið er næsta opna um-eins-árs viðmið í könnun Seðlabanka Evrópu. Stýrivextir lýsa aðhaldi peningastefnunnar en eru ekki þeir vextir sem heimili greiða. Heimildir: Seðlabanki Íslands og Seðlabanki Evrópu.


Fullyrðing Áfram Íslands. Háir vextir á Íslandi eru fyrst og fremst afleiðing verðbólgu; hátt vaxtastig og vaxtakostnaður eru „heimatilbúin vandamál“.

Stýrivextir: nafnvextir segja aðeins hluta sögunnar. Mynd 4 prófar þá skýringu með því að sýna bæði nafnstýrivexti og stýrivexti umfram vænta verðbólgu. Nafnvaxtamunurinn er 5,50 prósentustig. Þegar vænt verðbólga eftir um eitt ár er tekin frá með nákvæmu Fisher-sambandi eru áætlaðir raunstýrivextir 3,71% á Íslandi og 0,05% á evrusvæðinu. Munurinn minnkar í 3,66 prósentustig en hverfur ekki.

Stýrivextir lýsa hins vegar aðhaldi peningastefnunnar, ekki þeim vöxtum sem heimili greiða. Þeir eru því fyrsta skrefið í samanburðinum. Næsta skref er að bera saman vexti nýrra íbúðalána.

Íbúðalán: nafnvextir eða raunvextir? Nafnvextir fela í sér bætur fyrir vænta verðbólgu. Til að sjá hvað lán kostar í raun þarf því að leiðrétta fyrir væntri verðbólgu með Fisher-sambandinu; einfaldur frádráttur er fyrsta stigs nálgun. Útkoman nefnist *raunvextir*. Væri munurinn á vöxtum á Íslandi og á evrusvæðinu fyrst og fremst afleiðing verðbólgu ætti hann að hverfa að mestu við þennan frádrátt. Það gerist ekki (mynd 5). Á nafnvöxtum nýrra íbúðalána er Ísland með hæstu vextina í samanburðinum (neðsta súlan á vinstri hluta myndarinnar). Á raunvöxtum (hægri) er verðbólguþá hvers lands notuð við útreikninginn. Sá mælikvarði lýsir væntri raunbyrði vaxtagreiðslna heimila í hverju landi. Evruríkin liggja þá á bilinu frá um $-0,9\%$ upp í um $1,2\%$, en Ísland langt fyrir ofan: raunvextir eru $4,5\%$ á verðtryggðum íslenskum lánum og $5,5\%$ á óverðtryggðum. Brotalínan sýnir $0,8\%$ viðmið evrusvæðisins í heild. Ríkin sem næst koma Íslandi á myndinni, Ungverjaland, Pólland og Tékkland, standa öll utan evrunnar með eigin mynt. Verðtryggðu vextirnir eru vextir umfram verðbólgu samkvæmt samningi, og þeir eru samt hærri en *nafnvextir* allra evruríkjanna. Nafnvaxtamunurinn við evrusvæðið í heild er 5,75 prósentustig og munur væntrar verðbólgu $0,85$ prósentustig. Nákvæmt Fisher-samband gefur þá $4,73$ prósentustiga raunvaxtamun. Hvernig raunvextirnir eru reiknaðir, á hvaða gögnum þeir hvíla og hvernig niðurstaðan þolir aðrar forsendur er rakið í kafla 6; útreikningarnir fylgja vaxtagreininni sem samanburðurinn byggist á (Eggertsson 2026a).

Ný íbúðalán: Ísland og ríki ESB




Raunvextir óverðtryggðra lána miðast við verðbólguþá hvers lands og nákvæmt Fisher-samband; verðtryggt íslenskt lán er beint raunvaxtaviðmið. Brotalínan sýnir 0,8% viðmið evrusvæðisins. Grunnmat Eggertssonar (2026) notar sameiginlega evrusvæðið fyrir evruríkin og gefur sömu heildarmynd. Myndin sýnir núverandi kjör, ekki spá um kjör eftir aðild.

Mynd 5: Vinstri hlutinn sýnir nafnvexti nýrra íbúðalána í ríkjum ESB í apríl 2026 og 9,19% vexti óverðtryggðra breytilegra íbúðalána á Íslandi í mars 2026. Hægri hlutinn sýnir áætlaða raunvexti sömu óverðtryggðu lána, reiknaða með verðbólguþá hvers lands og nákvæmu Fisher-sambandi, og bætir við verðtryggða íslenska láninu. Fyrir hvert ESB-ríki er notað meðaltal HICP-spár framkvæmdastjórnar ESB fyrir 2026 og 2027. Landsspáin lýsir væntri raunbyrði vaxtagreiðslna heimila í hverju landi. Vextir verðtryggða íslenska lánsins, 4,5%, eru sammingsbundnir raunvextir og þurfa því ekki slíka leiðréttingu. Brotalínan sýnir 0,8% viðmið evrusvæðisins í heild, námundað í einn aukastaf; það er ekki verðbólguþá súlna einstakra landa. Grunnmat Eggertssonar (2026a) notar 2,65% verðbólguþá evrusvæðisins fyrir öll evruríkin. Tafla 2 í þeirri grein sýnir að valið breytir gildum einstakra ríkja en ekki heildarmyndinni. Myndin lýsir núverandi vaxtakjörum en er ekki spá um kjör eftir hugsanlega aðild að ESB eða upptöku evru. Heimild og aðferð: Eggertsson (2026a).

Hvað munurinn þýðir fyrir heimili. Fyrir heimili sem tekur 60 m.kr. jafngreiðslulán til 25 ára er greiðslan, á föstu verðlagi, um 333 þús.kr. á mánuði við 4,5% íslensku verðtryggðu vextina en um 220 þús.kr. við 0,8% raunvaxtaviðmið evrusvæðisins. Munurinn er um 114 þús.kr. á mánuði, eða um 1,4 m.kr. á ári (Eggertsson 2026a). Mynd 6 notar lægri íslensku raunvaxtatlöna, 4,5%. Talan 114 þús.kr. er miðmat, ekki ein nákvæm tala. Í ítarlegri næmnigreiningu vaxtagreinarinnar er samsvarandi mánaðarmunur 96–149 þús.kr. Meginniðurstaðan hvílir ekki á verðbólguþá fyrir Ísland: 4,5% íslenska talan er sammingsbundinn raunvöxtur verðtryggðs láns. Viðmiðunarlánið, 60 m.kr., jafngildir um 85% af kaupverði dæmigerðrar fyrstu íbúðar árið 2025; það er viðmiðunarlán fyrir fyrstu kaup en ekki fullyrðing um miðgildi allra nýrra lána. Myndin mælir raunvaxtamuninn eins og hann er nú. Hvort og hve hratt sá munur myndi minnka við upptöku evru er sérstök orsaka- og spáspurning; söguleg samleitni vaxta ríkja sem tóku upp evru er metin sérstaklega í Eggertsson (2026a).

Hvað núverandi raunvaxtamunur þýðir fyrir heimili

Jafngild föst mánaðargreiðsla 60 m.kr. jafngreiðsluláns til 25 ára, á verðlagi dagsins



Reikningsdæmi við óbreytta skuld, lánstíma og greiðsluform. 0,8% er námunduð framsetning á 0,77% viðmiði. Myndin er ekki spá um framtíðarkjör. Heimild og aðferð: Eggertsson (2026).


Mynd 6: Jafngild föst mánaðargreiðsla 60 m.kr. jafngreiðsluláns til 25 ára, reiknuð á verðlagi dagsins. Við 4,5% raunvexti er greiðslan 333,5 þús.kr.; við 0,8% raunvaxtaviðmið evrusvæðisins er hún 219,9 þús.kr. Munurinn er 113,6 þús.kr., eða um 114 þús.kr. á mánuði. Vaxtaviðmiðið er birt með einum aukastaf en greiðslan reiknuð með nákvæmara undirliggjandi gildi; sjá kafla 6. Skipting súlnanna sýnir raunvaxtakostnað og raunlækkun höfuðstóls fyrsta mánaðar. Reikningurinn heldur skuld, lánstíma og greiðsluformi föstum og er ekki spá um framtíðarkjör. Heimild og aðferð: Eggertsson (2026a).

5. Ungt fólk: „fjórði hver Finni“ er rangt vegna nefnarans (Nefnari)

Fullyrðing Áfram Íslands. Atvinnuleysi 15–24 ára er 9% á Íslandi á móti 15% í ESB og það þriðja lægsta í samanburðinum.

Allur aldurshópurinn. Hefðbundna talan er 9,5% á Íslandi og 15,2% í ESB. Þar er atvinnulausum aðeins deilt með þeim ungu sem annaðhvort vinna eða leita að vinnu. Í flestum Evrópulöndum er stór hluti ungs fólks utan þess hóps og einbeitir sér að námi. Á Íslandi vinna námsmenn miklu oftast með námi. Hópurinn sem deilt er með, nefnarinn, nær því til 82,7% aldurshópsins á Íslandi en aðeins 40,7% í ESB. Tölurnar tvær eru því reiknaðar út frá gjörólíkum hópum. Sé atvinnuleitendum deilt með öllum 15–24 ára er hlutfallið 7,9% á Íslandi og 6,2% í ESB. Ísland er þá með sjöunda hæsta hlutfallið meðal þeirra 27 ríkja sem gögn ná til (21. sæti af 27 þegar raðað er frá lægsta hlutfalli, eins og á myndinni). Í umræðunni hefur finnska talan einmitt verið túlkuð sem „næstum fjórði hver ungur Finni atvinnulaus“ (Bítið, Bylgjan, 7. júlí 2026); af öllum ungum Finnum voru 11,7% í atvinnuleit, eða nær einn af hverjum níu. Hæsta hlutfallið á þann mælikvarða meðal þeirra ríkja sem gögn ná til er í Svíþjóð, sem stendur utan evrunnar.³

³Á öðrum mælikvarða, hlutfalli þeirra sem hvorki eru í vinnu né námi, stendur Ísland vel; það breytir ekki




Mynd 7: Greining Áfram Íslands (vinstri) deilir atvinnulausum ungmennum með þeim sem vinna eða leita að vinnu. Víðari mælikvarðinn (hægri) deilir atvinnuleitendum með öllum 15–24 ára og tekur því námsfólk og aðra utan vinnuafns með í myndina. Röðin snýst við vegna þess að mun fleiri ungir Íslendingar vinna með námi. Gögn vantar fyrir Lúxemborg. Heimild: Eurostat.

6. Framleiðni: tvö meðaltöl fela 14. sætið, og 34%-talan verður ekki endurgerð (Samanburðarhópur)

Fullyrðing Áfram Íslands. Framleiðni hefur vaxið mun hraðar á Íslandi en í ESB og á Norðurlöndum.


Öll ríkin. Framleiðni á unna stund óx hraðar á Íslandi en að meðaltali í þessum tveimur hópum. Þegar öll ríkin eru sýnd er Ísland hins vegar í 14. sæti af 28, bæði frá árinu 2000 og á síðustu tíu árum. Mælt á hvern starfandi, án áhrifa styttri vinnutíma, var framleiðnivöxtur Íslands síðustu tíu ár undir meðaltali ESB, í 19. sæti af 28. Staðan í dag er sterkari en vöxturinn: landsframleiðsla á unna stund á jafnvirðisgengi er 123,4 þegar meðaltal ESB er 100, sem er 7. sæti af 28, nánast jafnfætis Þýskalandi (123,6) en undir Hollandi (125,3), Belgíu (133,7) og Danmörku (138,0). Rétt niðurstaða er því að framleiðni sé há en vöxtur hennar sé í miðjum hópi.

merkingu atvinnuleysistölunnar eða rangri túlkun finnska hlutfallsins.



Mynd 8: Greining Áfram Íslands (vinstri) sýnir aðeins Ísland og tvö meðaltöl í samanburði á framleiðnivexti frá árinu 2000. Heildarsamanburðurinn (hægri) sýnir sama mælikvarða fyrir öll 27 ESB-ríkin og Ísland; þar er Ísland í 14. sæti. Ríkin efst í vaxtarröðinni eru að stórum hluta samleitniríki Mið- og Austur-Evrópu sem vaxa frá lægra upphafsstigi; meðal þróaðra vestrænna hagkerfa liggur Ísland innan sama árangursbils. Heimild: Eurostat.

Er framleiðnistigið borið uppi af auðlindagreinunum? Hátt framleiðnistig Íslands stafar ekki að mestu af fiskveiðum, orkuvinnslu og málmmframleiðslu. Þegar þessar þrjár greinar eru fjarlægðar úr bæði teljara og nefnara fyrir öll samanburðarríki með tiltæk gögn er Ísland í 4. sæti af 20 bæði með og án greinanna (mynd 9), og framleiðni í afgangi hagkerfisins er um 15% yfir miðgildi vestrænu samanburðarríkjanna. Greinarnar þrjár lyfta framleiðnistigi Íslands þó hlutfallslega meira en hjá dæmigerðu samanburðarríki, um 6,2% á móti 1,9% miðgildi, einkum vegna þess að íslenskar fiskveiðar og málmmframleiðsla eru sjálfar mun framleiðnimeiri en sömu greinar annars staðar. Aðferð, gögn og næmnipróf eru rakin í kaffa 8.



Mynd 9: Framleiðnistigið í öllum samanburðarríkjum með tiltæk gögn: verg virðisaukning á unna stund á jafnvirðisgengi árið 2023, nýjasta árinu með fullri sundurliðun eftir atvinnugreinum. Vinstri hlutinn sýnir allar atvinnugreinar; Ísland er í 4. sæti af 20. Hægri hlutinn sýnir sama mælikvarða án fiskveiða (A03), orkugeirans (D) og málmframleiðslu (C24), sem eru fjarlægðar úr bæði teljara og nefnara fyrir öll ríkin; Ísland er áfram í 4. sæti. Átta ESB-ríki birta ekki vinnustundir eftir þessum greinum og eru því ekki í samanburðinum, þar á meðal Þýskaland, Frakkland, Belgía og Lúxemborg, sem eru öll ofarlega á opinbera mælikvarðanum; það skýrir hvers vegna Ísland er hér í 4. sæti en 7. sæti af 28 í textanum að ofan. Brotalínan sýnir miðgildi vestrænu ríkjanna í úrtakinu, án Íslands. Opinberi mælikvarðinn (123,4; ESB=100; árið 2024) byggist á landsframleiðslu; hér er notuð virðisaukning eftir atvinnugreinum árið 2023 svo að unnt sé að draga greinarnar frá. Heimild: Eurostat; aðferð, gögn og næmnipróf í kafla 8.

Heildarþáttaframleiðni: +34% nær frá 2012 til 2022; röðin er ekki endurgeranleg úr tilgreindum heimildum og endurgeranlegt mat gefur +11–16%.

Heildarþáttaframleiðni. Glæra Áfram Íslands sýnir vísitölu þar sem 2010=100 og merkir 34% hækkun á íslensku línunni. Merkingin nær þó frá 2012 til 2022, ekki frá grunnárinu 2010. Talan er í samræmi við línuna á myndinni, en ekki tókst að endurgera línurnar úr þeim heimildum sem tilgreindar eru. Eurostat birtir hvorki sambærilega íslenska röð né skilgreint meðaltal Norðurlandanna, Hagstofa Íslands birtir ekki heildarþáttaframleiðniröð og engin aðferð, vægi eða

auðkenni gagnaraða fylgja útreikningnum. Fullyrðingin um 34% er því ekki sjálfstætt sannreynanleg eins og hún er birt. Endurgerð með viðurkenndum aðferðum á opinberum gögnum gefur +11 til +16% vöxt 2012–2022, og níu af fjórtán árbreytingum birtu línunnar eru reikningslega ómögulegar fyrir stærð af þessu tagi (kafli 8).

7. Samkeppnishæfni: þrír af fjórum meginþáttum sýndir (Samanburðarhópur)

Fullyrðing Áfram Íslands. Samkeppnishæfni er almennt meiri á Íslandi en í ríkjum ESB og hefur aukist hér á meðan hún hefur almennt dalað þar.


Allir fjórir meginþættirnir. IMD skiptir matinu í fjóra meginþætti: efnahagslega frammistöðu, skilvirkni hins opinbera, skilvirkni atvinnulífs og innviði. Greining Áfram Íslands sýnir heildarsæti Íslands, 15. sæti, á fyrri glæru. Á næstu glæru sýnir hún hins vegar aðeins þrjá meginþættina þar sem Ísland stendur best og tekur efnahagslega frammistöðu út. Það er upplýst í neðanmálsgrein og rökstutt með því að slök staða Íslands þar skýrist nær alfarið af mælikvörðum sem þjagist af stærð ríkja.

Stærðarfyrirvarinn hefur nokkurt gildi. Algildar stærðir hafa áhrif á hluta alþjóðlegrar fjárfestingar og viðskipta. Hann skýrir þó ekki allan þáttinn. Ísland er í 59. sæti í verðlagsundirþættinum, sem byggist á verðbólgu og kostnaðarstigi en ekki stærð hagkerfisins. Í birtum niðurstöðum er Ísland jafnframt í 57. sæti í raunhagvexti og 55. sæti í viðskiptajöfnuði. Með því að sleppa öllum meginþættinum eru því ekki aðeins stærðarnæmir mælikvarðar teknir út heldur einnig raunverulegar veikar niðurstöður.

Í IMD 2025 er Ísland í 52. sæti í efnahagslegri frammistöðu, 18. sæti í skilvirkni hins opinbera, 10. sæti í skilvirkni atvinnulífs og 12. sæti í innviðum (mynd 10). Heildarsæti Íslands er 15. Það er sterk niðurstaða, en fimm ESB-ríki eru ofar: Danmörk, Írland, Svíþjóð, Holland og Finnland. Mat IMD setur því Ísland í sama fremsta hóp og nokkur þróuð ESB-ríki, ekki í sérflokk ofan við þau.

Fjórir meginþættir samkeppnishæfni IMD 2025

Sæti Íslands af 69 ríkjum; lægra sæti er betra




Heimild: IMD World Competitiveness Booklet 2025, bls. 52 (heildarsæti), 60-63 (þættir).

Mynd 10: IMD metur samkeppnishæfni með fjórum meginþáttum. Greining Áfram Íslands sýnir þrjá þeirra en tekur efnahagslega frammistöðu út, þar sem Ísland er í 52. sæti. Fyrirvarinn um stærð ríkja á við um hluta mælikvarðanna en ekki meðal annars verðlagsundirþáttinn, þar sem Ísland er í 59. sæti. Heildarsæti Íslands er 15., á eftir fimm ríkjum Evrópusambandsins. Heimild: IMD World Competitiveness Booklet 2025.

8. Kaupmáttur launa: 68% aukningin verður 3% (Samanburðartími, Heiti stærðar, Nefnari, Breytuval)

Fullyrðing Áfram Íslands. Kaupmáttur launa á Íslandi jókst um 68% frá 2013 til 2025 en um 8% í ESB, og niðurstaðan er sögð sú sama „sama á hvaða mælikvarða er litið“.


Þrjár forsendur búa til niðurstöðuna. Talan sjálf endurgerist úr frumgögnum Eurostat nánast upp á prósentustig (mynd 11); Norðurlöndin innan ESB, Danmörk, Svíþjóð og Finnland, hækka um 6% á sama mælikvarða. Þetta er eina tilvikið af tíu þar sem flestir þættir samanburðarins koma saman í einni tölu. Í fyrsta lagi hefst samanburðurinn árið 2013, nálægt botni kaupmáttar á Íslandi eftir fjármálahrunið, sem lagðist þyngra á Ísland en flest önnur Evrópuríki (**samanburðartími**). Í öðru lagi er verðbólga mæld með samræmdu vísitölunni (SVN/HICP), sem undanskilur húsnæðiskostnað þeirra sem búa í eigin húsnæði; sá liður nemur um 15–16% af einkaneyslu og raunverð húsnæðis hækkaði um 131% á Íslandi á tímabilinu, á móti 18% á Norðurlöndunum innan ESB og 25% í ESB. Stærð sem sleppir svo stórum útgjaldalið er kynnt sem kaupmáttur (**heiti stærðar**). Í þriðja lagi eru launin mæld á vinnustund en ekki sem árs-laun á hvern launþega; mældum vinnustundum á launþega hefur fækkað tvisvar til sjö sinnum hraðar á Íslandi en á Norðurlöndunum innan ESB frá 2018, og fækkun mældra stunda hækkar tímakaupið án þess að launaumslagið breytist (**nefnari**).



Heimild: Eurostat (lc_lci_r2_q, prc_hicp_midx). Norðurlönd innan ESB: DK, SE, FI, vegin með fjölda launþega.

Mynd 11: Kaupmáttur launa samkvæmt mælikvarða Áfram Íslands 2013–2025 (vísitala, 1. ársfj. 2013 = 100): launavísitala (LCI, launaliður D11) deilt með samræmdri vísitölu neysluverðs. Birt tala greiningarinnar, +68%, endurgerist úr frumgögnum Eurostat (+67% með ársfjórðungsmeðaltali verðlags). Norðurlönd í ESB: Danmörk, Svíþjóð og Finnland, vegin með fjölda launþega. Heimild: Eurostat; gögn og forrit í Eggertsson (2026b; 2026c).

Sambærilegi samanburðurinn. Mynd 12 breytir forsendunum þremur: samanburðurinn hefst árið 2007, síðasta heila árinu fyrir hrun; verðlag er mælt með verðvísitölu einkaneyslu þjóðhagsreikninga, sem telur reiknaða húsnæðisþjónustu eigenda með, líkt og íslenska vísitala neysluverðs og bandaríska PCE-vísitalan; og miðað er við árslaun á hvern launþega. Niðurstaðan snýst við: kaupmáttur jókst um 15% í ESB og 12% á Norðurlöndunum innan ESB en um 3% á Íslandi. Leiðréttingarnar eru af tvennum toga. Tvær varða *breytuval*: verðvísitalan ein og sér, að öðru óbreyttu, færir +68% í +41% (tafla 3), og mælieining launanna — árslaun á launþega í stað tímakaups — lækkar töluna enn frekar. Sú þriðja varðar samanburðartímann: upphafsárið. Val upphafsársins 2013 og val verðvísitölu án húsnæðis skýra hvort um sig rúman þriðjung munarins. Frá aldamótum, fyrsta árinu sem sambærileg gögn ná til, er Ísland með 24% á móti 19% í ESB og 27% á Norðurlöndunum innan ESB, en mælikvarði greiningarinnar framlengdur til aldamóta sýnir +98%. Niðurstaða sem snýst við þegar upphafsári, verðvísitölu og mælieiningu er breytt er ekki „sama á hvaða mælikvarða er litið“; hún er afleiðing tiltekinna forsendna. Skilgreiningar, gögn og næmnipróf eru rakin í kafla 10 (Eggertsson 2026b; 2026c).



*+68% er birt tala Áfram Íslands (LCI/HICP, 2013–2025); árleg nálgun þjóðhagsreikninga á sama tímabili: +63%.
Öll lönd: laun á launþega m.v. einkaneysluverðvísitölu þjóðhagsreikninga (með húsnæði); vísitala neysluverðs gæfi Íslandi +6%.
Norðurlönd innan ESB: Danmörk, Svíþjóð og Finnland, vegin með fjölda launþega.

Mynd 12: Kaupmáttur árslauna á hvern launþega 2007–2025 (vísitala, 2007 = 100), raunvirtur með verðvísitölu einkaneyslu þjóðhagsreikninga sem telur reiknaða húsnæðisþjónustu eigenda með; mælikvarði Áfram Íslands er sýndur til samanburðar (brotin lína) og rauði hringurinn merkir árið 2013, upphaf úrtaks greiningarinnar. Ísland +3%, ESB +15%, Norðurlönd í ESB +12%. Norðurlönd í ESB: Danmörk, Svíþjóð og Finnland, vegin með fjölda launþega. Heimild: Eurostat; gögn og forrit í Eggertsson (2026b; 2026c).


9. Launastigið: næsthæst í evrum, 12. sæti í kaupmætti (Heiti stærðar, Nefnari, Breytuval)

Fullyrðing Áfram Íslands. Laun á Íslandi eru næsthæst í Evrópu (glæra 19), og háar tölur á mann — landsframleiðsla, neysla, tekjur — eru bornar fram sem staðfesting þess að kjörin séu í sérflokki.

Laun eru keypt fyrir á íslensku verðlagi. Í evrum á markaðsgengi eru árslaun á hvern launþega næsthæst í samanburðarhópnum, 61.809 evrur árið 2024. En launin eru notuð á Íslandi, þar sem verðlag neyslu er það hæsta í samanburðarhópnum, 73% yfir meðaltali ESB; í Evrópu allri er aðeins Sviss dýrara (Eurostat). Á verðlagi neyslunnar eru sömu árslaun 98 þegar ESB er 100 — 12. sæti af 28, rétt undir meðaltalinu (mynd 13). Greiningin reiknar sjálf verðleiðréttu útgáfu tímakaupsins á glæru 19 og fær Ísland í 8. sæti; þá niðurstöðu, þá einu réttu í kaupmáttarsamanburði hennar, afgreiðir hún sem „ákveðið ósamræmi í hagtölum“.

Sömu laun — tvær gjörólíkar myndir

Árslaun á hvern launþega árið 2024. Vinstri: í evrum. Hægri: það sem launin kaupa, þegar tekið er tillit til þess að verðlag á Íslandi er 73% yfir meðaltali ESB.





Heimild: Eurostat (nama_10_a10: laun D11; nama_10_a10_e: fjöldi launþega; prc_ppp_ind: verðlagsvísitala einstaklingsneyslu A01, útgáfa 10.7.2025); útreikningar höfundar. ESB-rikin 27 og Ísland.

Mynd 13: Sömu árslaun á hvern launþega árið 2024, mæld tvisvar: í evrum á markaðsgengi (vinstri; Ísland í 2. sæti) og á verðlagi neyslunnar (hægri; Ísland í 12. sæti af 28, rétt undir meðaltali ESB). Heimild: Eurostat (nama_10_a10, nama_10_a10_e, prc_ppp_ind); sjá Viðauka A.

Hverjir teljast til vinnandi handa? Háu á-mann-tölurnar bera auk þess annan fyrirvara sem hvergi er getið í greiningunni. Launatekjur á íbúa, raunvirtar með verðlagi neyslunnar, mælast 129 á Íslandi (4. sæti) — en sú tala telur aðeins laun launþega. Í ESB eru 14,3% starfandi sjálfstætt starfandi og tekjur þeirra bókast utan launasummunnar; á Íslandi er hlutfallið 4,6%. Samanburðurinn ber því saman launatekjur í landi þar sem nánast allir vinnandi eru launþegar við svæði þar sem tekjur sjöunda hvers vinnandi manns eru bókaðar annars staðar. Þegar allar vinnandi hendur eru taldar með fellur Ísland í vísitöluna 115 og 5.–6. sæti (mynd 14) — áfram vel yfir meðaltali ESB, en forskotið stafar af því hve margir vinna, ekki af því að hvert starf borgi betur: kaupið á hvern launþega er í 12. sæti og á vinnustund í 8. sæti.

Þegar allar vinnandi hendur eru taldar með rennur Ísland niður listann

Vinnutekjur á íbúa 2024, leiðréttar fyrir verðlagi neyslu (ESB = 100). Vinstra megin telur aðeins launasumma launþega — en tekjur sjálfstætt starfandi (14,3% starfandi í ESB, 4,6% á Íslandi) bókast utan hennar. Hægra megin er launasumman sköluð upp svo tekjur allra vinnandi handa teljist með; þá lækkar Ísland en löndin með marga sjálfstætt starfandi hækka.



Heimild: Eurostat (nama_10_a10; laun D11 og launakostnaður D1; nama_10_a10_e; starfandi EMP_DC og launþegar SAL_DC; nama_10_pe; mannfjöldi; prc_ppp_ind; verðlagsvisitala einstaklingsneyslu A01); útreikningar höfundar. ESB-ríkin 27 og Ísland, árið 2024. Hægni mynd: D1 x (starfandi/launþegar), þ.e. gert ráð fyrir að hver sjálfstætt starfandi hafi sömu vinnutekjur og meðallaunþegi.

Mynd 14: Vinnutekjur á hvern íbúa árið 2024, raunvirtar með verðlagi neyslunnar (ESB = 100). Vinstri: aðeins launasumma launþega talin, eins og í á-mann-samanburði greiningarinnar (Ísland 129, 4. sæti). Hægri: allar vinnandi hendur taldar með stöðluðu aðferðinni um aðlagða launahlutdeild (Ísland 115, 6. sæti; 111–115 og 5.–6. sæti eftir útfærslum). Heimild: Eurostat (nama_10_a10, nama_10_a10_e, nasa_10_nf_tr, nama_10_pe, prc_ppp_ind); sjá Viðauka A og kafla 14.


10. Neysla á mann: „Nr. 2 í ESB“ verður 4. sæti (Breytuval)

Fullyrðing Áfram Íslands. Einkaneysla á mann er sú næstmesta í ESB, „Nr. 2 í ESB“, aðeins Lúxemborg ofar (glæra 6).

Neysla er borin saman á verðlagi neyslunnar. Til að bera neyslu saman milli landa þarf að umreikna hana með jafnvirðisgengi — hlutfallinu sem jafnar verðlag milli landa. Á glærunni er einkaneysla heimila umreiknuð með jafnvirðisgengi *landsframleiðslunnar*, þar sem útflutningsverðlag — fiskur, ál og ferðaþjónusta — vegur þungt. Hátt útflutningsverð segir ekkert um hvað innkaupakarfa heimilis kostar. Kjörmaelkvarði Eurostat á efnisleg lífsskjör heimila er raunveruleg einstaklingsbundin neysla (AIC) á jafnvirðisgengi neyslunnar sjálfrar (Eurostat 2026; Eurostat og OECD 2024); valið á glærunni gengur því gegn leiðbeiningum heimildarinnar sem hún sjálf byggir á. Á rétta kvarðanum er Ísland með 115,6 þegar ESB er 100 og fellur í 4. sæti; Holland og Þýskaland færast upp fyrir það (mynd 15). Niðurstaðan er áfram sterk — neysla vel yfir meðaltali ESB — en „Nr. 2 í ESB“ hvílir á röngu gengi. Í kafla 14 er þetta val sett í samhengi við önnur verðvísaval greiningarinnar (tafla 3).

Neysla á mann: rétt jafnvirðisgengi færir Ísland úr 2. sæti í það 4.

Neysla á mann 2024 (ESB = 100). Vinstra megin er einkaneysla heimila umreiknuð með jafnvirðisgengi landsframleiðslunnar — en í því vegur útflutningsverðlag (fiskur, ál, ferðaþjónusta) þungt og það á ekkert erindi í neyslusamanburð. Hægra megin er raunveruleg einstaklingsbundin neysla (AIC) á jafnvirðisgengi neyslunnar sjálfrar — kvarðinn sem Eurostat mælir með fyrir samanburð á lífskjörum heimila.



Heimild: Eurostat (nama_10_pc, líður P31_S14_S15, eining CP_PPS_EU27_2020_HAB; prc_ppp_ind, raunveruleg einstaklingsbundin neysla á mann í PPS á AIC-gengi); útreikningar höfundar: ESB-ríkin 27 og Ísland, árið 2024.

Mynd 15: Neysla á mann árið 2024 (ESB = 100). Vinstri: einkaneysla heimila umreiknuð með jafnvirðisgengi landsframleiðslunnar, eins og á glæru 6 (Ísland 122,4; 2. sæti). Hægr: raunveruleg einstaklingsbundin neysla á jafnvirðisgengi neyslunnar, kjörmælikvarði Eurostat (Ísland 115,6; 4. sæti). Heimild: Eurostat (nama_10_pc, prc_ppp_ind); sjá Viðauka A og kafla 14.

Sama spurning, tvö svör — eftir því hvaða breyta var valin

Fimmti þáttur samanburðarins, breytuvalið, sést ekki á stakri glæru; hann birtist þegar framsetningin er borin saman við sjálfa sig. Tafla 2 dregur mynstrið saman. Hver lína er spurning sem framsetningin varpar fram; dálkarnir sýna svar hennar, svarið þegar rétt eða heildstæð breyta er notuð, og hvað var gert. Í öllum sex tilvikum féll breytuvalið málflutningnum í vil.

Spurningin sem varpað er fram	Svar greiningarinnar	Svarið með réttri breytu	Hvað var gert
1. Neyta íslensk heimili meira en heimili í ESB-ríkjunum? (g. 6)	Næstmest í ESB — „Nr. 2“	4. sæti af 28 (115,6)	Neysla umreiknuð með verðlagi <i>framleiðslunnar</i> — fíksins og álsins — í stað verðlags þess sem heimilin kaupa
2. Hefur kaupmáttur launa vaxið margfalt hraðar á Íslandi en í ESB? (g. 16–17)	+68% á móti 8%, „sama á hvaða mælikvarða er litið“	Tvær leiðréttingar á breytuváli: með verðvísitölu sem telur húsnæði með verður +68% að +41%; með árslaunum á launþega í stað tímakaups lækkar talan enn frekar. Frá 2007, með báðum réttu breytunum, snýst röðin við: +3% á móti +15%	Valin verðvísitala sem sleppir húsnæðiskostnaði eigenda — á tímabili þar sem raunverð húsnæðis hækkaði um 131% — og laun mæld á vinnustund þar sem mældum stundum fækkaði hraðast í Evrópu; hvort tveggja hækkar birtu töluna (upphafsárið 2013 bætist við, sjá dæmi 8)
3. Hver er kaupmáttur íslenskra launa, rétt reiknaður? (g. 19)	Laun „næsthæst í Evrópu“ — í evrum á markaðsgengi; eigin verðleiðrétting greiningarinnar (8. sæti) afskrifuð sem „ákveðið ósamræmi í hagtolum“	Kaupmáttur launa mælist á verðlagi neyslunnar: á vinnustund 104 (8. sæti af 27), sem árslaun á launþega 98 (12. sæti af 28) — venjulegt vestur-evrópskt kaup	Eina rétt verðleiðrétta niðurstaða greiningarinnar er jafnframt sú eina sem hún afskrifar sem ósamræmi
4. Vinna Íslendingar minna en aðrar þjóðir? (g. 7, g. 19)	Já — mældar stundir á hvern starfandi með þeim fæstu, og þess vegna er framleiðni á stund há	Fer eftir nefnara: á hvern <i>starfandi</i> eru stundirnar fáar (1.447 á móti 1.610), en á hvern <i>íbúa</i> vinna Íslendingar meira en flestar Evrópuþjóðir — launþegastundir á íbúa eru 23% fleiri en í ESB því hvergi er atvinnuþátttaka meiri	Stundir lagðar til grundvallar þar sem þær hjálpa (framleiðni á stund) og mælingunni hafnað sem „ósamræmi“ þegar hún skilar launum í 8. sæti; nefnarinn sem skýrir háu á-mann-tölurnar — að óvenju margir vinna — er hvergi nefndur
5. Valda launahækkanir umfram framleiðni verðbólgunni? (g. 26)	Já — og hér er verðlag framleiðslunnar sagt <i>betri</i> mælikvarði en neysluverðlag	Öfug röksemd við g. 16–17, þar sem neysluverðlag var lagt til grundvallar; sami viðskiptakjarabati er talinn tvisvar, í hvort sinn í hagstæða átt	Verðvísirinn skiptir um hlutverk milli glæra eftir því hvaða niðurstöðu þarf (kafli 14)
6. Hafa íslensk heimili hærri vinnutekjur en heimili í ESB? (á-mann-tölur víða)	Vísitala 129, 4. sæti	115, 6. sæti þegar allar vinnandi hendur teljast — áfram vel yfir meðaltali, en vegna þess hve margir vinna	Aðeins laun launþega talin — en í ESB er sjöundi hver vinnandi maður utan launasummunnar, á Íslandi tuttugasti hver

Tafla 2: Sama spurning, tvö svör. Sex spurningar sem framsetning Áfram Íslands varpar fram, svar hennar, svarið með réttri eða heildstæðri breytu og valið sem skilur svörin að. Verðvísavalið er rakið kvarða fyrir kvarða í kafla 14 og launasamanburðirnir í dæmum 8 og 9 að framan.

Þrjú atriði halda töflunni saman. Í fyrsta lagi er ekkert einstakt val í henni rangt í sjálfu sér; það sem sker úr er stefnan — öll sex féllu sömu megin. Í öðru lagi styðst rétta breytan í hverri línu við ytri viðmið, ekki mat höfundar: Eurostat mælir sjálft með einstaklingsbundinni neyslu á jafnvirðisgengi neyslunnar fyrir lífskjarasamanburð heimila (lína 1; Eurostat 2026), kaupmáttur launa er í almennri íslenskri notkun — þar á meðal hjá Hagstofunni — mældur með vísitölu neysluverðs, sem telur húsnæðiskostnað með (lína 2; sjá kafla 10), og uppskölun fyrir sjálfstætt starfandi með aðlagðri launahlutdeild er stöðluð aðferð sem OECD og framkvæmdastjórn ESB nota (lína 6; sjá kafla 14). Línur 4 og 5 þurfa enga ytri tilvitnun: þar er mótsögnin innan framsetningarinnar sjálfar.

Í þriðja lagi læsast línur 4 og 6 saman í eina heild. Framsetningin segir á glæru 7 að Íslendingar vinni lítið — en háu á-mann-tölurnar sem hún flaggar annars staðar, neysla, tekjur og lands-

framleiðsla, eru háar einmitt vegna þess að Íslendingar leggja fram meiri vinnu á hvern íbúa en nær allar aðrar þjóðir. Hvort tveggja getur ekki staðið sem almenn fullyrðing; hvor útgáfan er notuð fer eftir því hvað þarf að sanna hverju sinni. Tölurnar stemma innbyrðis þegar rétt er talið: heildarvinnustundir á íbúa, allir starfandi taldir, eru um 6% fleiri en í ESB, vinnutekjur allra vinnandi handa á íbúa mælast 111–115 og kaupmáttur hverrar vinnustundar 104. Háu á-mann-tölurnar skýrast af vinnumagni og þátttöku, ekki af því að hver stund borgi sérstaklega vel.


Styrkleikar Íslands eru raunverulegir

Sama yfirferð sýnir skýrt hvar Ísland stendur vel. Landið er farsælt og velmegandi, eitt af þróuðum hagkerfum Vestur- og Norður-Evrópu. Það er mikið afrek fyrir þjóð sem var meðal tekjulægstu þjóða Vestur-Evrópu um aldamótin 1900 (Bolt og van Zanden 2024).

Árangurinn sést á venjulegum mælikvörðum: Ísland er auðugt, margir vinna, tekjudreifing er jöfn og orka ódýr. Hér er ekkert valið Íslandi í hag: sama ár og sami mælikvarði eru notuð fyrir öll ríkin. Styrkleikarnir standa samt.

Velmegun og atvinnustig

Ísland er í 4. sæti af 28 í landsframleiðslu á mann, 31% yfir meðaltali ESB (Kontext ehf. 2026; Eurostat). Það er einn skýrasti styrkleiki landsins. Óvenju stór hluti íbúa Íslands vinnur og það hækkar jafnframt framleiðslu á mann. Sé framleiðslunni deilt með fjölda starfandi í stað allra íbúa er Ísland í 7. sæti og 11% yfir meðaltali ESB. Hátt atvinnustig kann að einhverjum hluta að stafa af mikilli fólksfjölgun á undanförunum árum, en innflytjendur hafa komið til Íslands fyrst og fremst til þess að vinna. Fjórða sætið byggist bæði á mikilli framleiðslu hvers starfandi og því hve margir vinna. Millistigið á milli mælikvarðanna tveggja sýnir hvaðan munurinn kemur: sé framleiðslunni deilt með fjölda fólks á besta starfsaldri, 25–54 ára samkvæmt staðalskilgreiningu bandarísku vinnumarkaðstölfræðinnar (*prime age*), er Ísland í 5. sæti og 21% yfir meðaltali ESB (Eurostat). Stiginn er því 4., 5. og 7. sæti eftir nefnara (+31%, +21% og +11%): rekja má um þriðjung forskotsins á höfðatölu til aldurssamsetningar og afganginn til atvinnustigsins sjálfs (mynd 16).




Mynd 16: Landsframleiðsla 2024 á jafnvirðisgengi (ESB-27=100), þrír nefnarar. Vinstri: á hvern íbúa (mælikvarði greiningarinnar); Ísland er í 4. sæti. Miðja: á hvern íbúa á besta starfsaldri (25–54 ára, *prime age*); Ísland er í 5. sæti. Hægri: á hvern starfandi; Ísland er í 7. sæti. Ísland er á alla þrjá mælikvarða í efri hluta hópsins; þrepin sýna hve stóran hluta forskotsins á höfðatölu má rekja til aldurssamsetningar og hve stóran hluta til atvinnustigs. Írland og Lúxemborg (dauf) eru frávik vegna heimilisfesti alþjóðafyrirtækja. Heimild: Eurostat.


Atvinnuleysi

Á samræmdum mælikvarða var atvinnuleysi 4,5% á Íslandi og 6,0% í ESB árið 2025. Þetta er raunverulegur styrkleiki og sést best yfir lengri tímabil: síðasta áratug var atvinnuleysi á Íslandi að meðaltali 3,9% á móti 7,0% í ESB, fimmta lægsta meðaltalið af 28, og fimm ára meðaltalið segir sömu sögu (mynd 17). Myndin sýnir um leið að styrkurinn setur Ísland framarlega í hópinn en ekki í sérflokk: fjögur ESB-ríki (Tékkland, Þýskaland, Pólland og Malta) voru með enn lægra meðaltal síðasta áratug. Nýjustu sambærilegu tölurnar þegar greiningin kom út voru hins vegar 5,8% á Íslandi og 5,9% í ESB; Ísland var þá í 15. sæti af 28, raðað frá lægsta atvinnuleysi. Meðaltölin lýsa langvarandi styrk en nýjasta talan sýnir að íslenski atvinnumarkaðurinn er veikari í ár en hann er að jafnaði.

Atvinnuleysi: meðaltöl 5, 10 og 20 ára til 2025



Mynd 17: Meðaltal atvinnuleysis yfir fimm, tíu og tuttugu ára tímabil sem enda árið 2025, % af vinnuafli 15–74 ára; raðað frá lægsta tíu ára meðaltali. Ísland er í 5. sæti af 28 á tíu ára meðaltalinu. Heimild: Eurostat.



Mynd 18: Nýjasta samræmda atvinnuleysi þegar greiningin var birt: maí 2026 fyrir öll ríki nema Ísland, þar sem apríl er nýjasta talan. Munurinn á Íslandi og ESB hafði þá nær horfið. Heimild: Eurostat.

Fátækt, tekjujöfnuður og orka

Í þeim gögnum sem greiningin birtir um hættu á fátækt og skort á efnislegum og félagslegum gæðum er Ísland meðal þeirra ríkja sem standa best. Tekjudreifing er jöfn og orka er ódýr í evrópskum samanburði (Kontext ehf. 2026; Eurostat); á Gini-kvarða jafngildra ráðstöfunartekna var Ísland það þriðja jafnasta af 28 árið 2020, jafnara en öll norrænu ESB-ríkin (Eurostat). Fátæktar- og skortstölurnar eru þó frá 2020, síðasta árinu sem Ísland skilaði fullum sambærilegum lífsskjaragögnum til Eurostat. Styrkleikinn stendur, en aldur gagnanna á að vera sýnilegur.

Heildarmyndin. Ísland stendur vel að vígi hvað varðar velmegun, atvinnustig, tekjujöfnuð og orkuverð. En hagvöxtur á mann í 23. sæti, framleiðnivöxtur í 14. sæti, nýjasta atvinnuleysistalan í 15. sæti og skuldir hins opinbera nálægt miðgildi aðildarríkjanna eru ekki framúrskarandi árangur í samanburði við ríki ESB. Í heildarröðun IMD um samkeppnishæfni er Ísland í sterku 15. sæti af 69, en fimm ESB-ríki eru ofar og meginþátturinn sem greiningin felldi út, efnahagsleg frammistaða, er í 52. sæti; stærðarfyrirvari greiningarinnar á við um hluta hans en ekki allan. Sanngjörn heildarlýsing er því þessi: Ísland er eitt af þróuðum hagkerfum Vestur- og Norður-Evrópu. Það stendur framar sumum þeirra á sumum mælikvörðum og aftar öðrum á öðrum, en

innan sama árangursbils. Gögnin sýna ekki Ísland í sérdeild ofan Evrópu. Þau sýna Ísland í sömu efstu deild og farsælustu ríki Vestur- og Norður-Evrópu, sem flest eru í Evrópusambandinu. Í þeirri lýsingu felst heildarmat, ekki reiknuð vísitala: greinin leggur ekkert vægi á einstaka mælikvarða og staða Íslands er misjöfn eftir því hvað er mælt. Útreikningarnir styðja hins vegar þrengri fullyrðingu: almennir lífskjara- og hagmælikvarðar, teknir saman, setja Ísland ekki í sérflokk. Réttu lýsingin á Íslandi er ekki að það standi utan evrópska samanburðarins, heldur að það sé ein af velgengnissögum hans. Það er ekki lítið afrek fyrir þjóð sem var meðal fátækustu þjóða Vestur-Evrópu.

Hvað þessi grein metur ekki

Röðun ríkja mælir ekki áhrif aðildar. Til þess þyrfti sérstaka greiningu á þeim breytingum, kostnaði og ávinningi sem aðild gæti haft í för með sér. Hér er aðeins metin fullyrðing Áfram Íslands um að núverandi lífskjör og hagstærðir setji landið í annan flokk en ríki ESB. Sú afmörkun er þröng og sannreynanleg.

Greinin metur heldur ekki sérstöðu í gerð hagkerfisins: sjávarútveg, orkubúskap, lífeyriskerfi og smæð. Sú sérstaða er raunveruleg og skiptir máli fyrir samningsskilmála hugsanlegrar aðildar. En hún svarar annarri spurningu en hér var spurt: hún segir til um hvað þyrfti að semja um, ekki í hvaða flokki núverandi lífskjör eru.

Loks er rétt að minna á hvað er kosið um. Þjóðaratkvæðagreiðslan 29. ágúst snýst ekki um aðild heldur um hvort ljúka eigi viðræðum og sjá hvaða samningur býðst; um endanlegan aðildarsamning yrði kosið sérstaklega (Alþingi 2026). Fyrir þá ákvörðun skiptir eitt atriði þessarar greinar máli: hagtölurnar sem hér voru skoðaðar styðja ekki fullyrðinguna um að staða Íslands sé svo sterk að ekkert geti unnist á því að vita hvað í boði er. Hvort samningurinn yrði góður eða slæmur er önnur spurning. Henni svarar aðeins samningurinn sjálfur.

Greinin er afmörkuð þröngt og öll gögn og forrit eru birt með lokaútgáfu: niðurstaðan á að standa og falla með tölunum sjálfum, ekki með trausti á höfundinum.

Efnisyfirlit

Meginniðurstöður	2
Nánari greining: aðferð, líkön og útreikningar	31
1 Skipulag greinarinnar	31
2 Greining Áfram Íslands og spurning þessarar greinar	31
3 Hagvöxtur: heildin og hver íbúi	32
4 Verðlag og kaupmáttur: tvær ólíkar spurningar	33
5 Skuldir hins opinbera: heildartala og dreifing	37
6 Vextir: nafnvextir, verðbólga og raunvextir	37
7 Atvinnuleysi ungmenna: þegar nefnarinn breytir myndinni	39
8 Framleiðni: stig, vöxtur og samanburðarhópur	41
9 Samkeppnishæfni: heildarröðun og fjórir meginþættir IMD	43
10 Kaupmáttur launa: upphafsár, verðvísitala og mælieining	44
11 Landsframleiðsla á mann: fjórða sætið í samhengi	47
12 Atvinnuleysi: ársmeðaltal og nýjasta staða	48
13 Fátækt, skortur og jöfnuður: sterk staða, eldri gögn	49
14 Verðvísar greiningarinnar: valið fylgir niðurstöðunni	49
15 Niðurstaða: styrkleikar, veikleikar og mörk samanburðarins	54
Viðauki A: Gögn og útreikningar	55
Heimildaskrá	60

Nánari greining: aðferð, líkön og útreikningar

1 Skipulag greinarinnar

Að framan voru settar fram tvær meginniðurstöður. Í fyrsta lagi hallast tíu lykilsamanburðir greiningar Áfram Íslands allir í sömu átt, og þegar sama ár, sami mælikvarði og öll ríkin eru lögð til grundvallar minnkar forskot Íslands, hverfur eða snýst við. Í öðru lagi eru styrkleikar Íslands raunverulegir: gögnin lýsa farsælu og velmegandi ríki í hópi þróaðra ríkja Vestur- og Norður-Evrópu, að heildarmati höfundar, en ekki landi í sérflokk.

Kaflarnir sem fylgja sýna með meiri nákvæmni hvernig þessar niðurstöður eru fengnar, á hvaða heimildum er byggt og hvar finna má gögnin sem liggja til grundvallar útreikningunum. Lesandi sem vill aðeins heildarniðurstöðuna getur látið staðar numið að loknum fyrri hlutanum; þessi seinni hluti sýnir hvers vegna samanburðurinn breytist þegar skilgreiningar, forsendur og útreikningar eru rakin til enda.

Niðurstöðurnar eru teknar fyrir í sömu röð og þær birtast að framan. Í kafla 2 er greining Áfram Íslands sett í samhengi og spurning þessarar greinar afmörkuð. Kaflar 3 til 10 fara yfir fyrstu átta samanburðina: hagvöxt, verðlag, skuldir hins opinbera, vexti, atvinnuleysi ungmenna, framleiðni, samkeppnishæfni samkvæmt IMD og kaupmátt launa; aftast í kafla 10 er einnig farið yfir ráðstöfunartekjuglæru greiningarinnar, sem hvílir á sama grunnársvali. Í kafla 11 er fjórða sæti Íslands í landsframleiðslu á mann sett í samhengi; í kafla 12 er staða atvinnuleysis skoðuð nánar og í kafla 13 er fjallað um fátækt, skort og jöfnuð. Í kafla 14 er valið á verðvísun greiningarinnar skoðað þvert á glærurnar; þar birtist mynstur sem sést ekki þegar hver samanburður er metinn einn og sér: verðlag framleiðslunnar er notað þar sem verðlag neyslunnar væri Íslandi óhagstætt, og öfugt. Í sama kafla eru níundi og tíundi samanburðurinn raktir til enda: launastigið — hvað sömu launin mælast eftir því hvort deilt er með íbúum, launþegum eða vinnustundum, og hverjir yfirhöfuð teljast til vinnandi handa — og neyslan á mann, sem veltur á því hvort umreiknað er með jafnvirðisgengi framleiðslunnar eða neyslunnar. Kafli 15 dregur saman styrkleika, veikleika og mörk samanburðarins.

Þessi grein er ekki heildarmat á kostum og göllum aðildar að Evrópusambandinu. Hún leggur ekki mat á fiskveiðistjórnun, fullveldi, gjaldmiðilsval né önnur álitamál sem vega þungt þegar ákvörðun um aðild er tekin; um þá afmörkun er fjallað í kaflanum *Hvað þessi grein metur ekki* í fyrri hluta. Hún svarar þrengri spurningu: standast þeir tölulegu samanburðir sem greining Áfram Íslands byggir frásögn sína á?

Loks er hver tala greinarinnar rakin til frumheimildar: hver fullyrðing á sér línu í kröfuskra, og gögn og forrit sem endurgera hverja mynd og hverja tölu eru birt opinberlega. Hver sem er getur því sannreynt niðurstöðurnar, prófað aðrar forsendur og bætt matið með betri gögnum eða aðferðum.

2 Greining Áfram Íslands og spurning þessarar greinar

Áfram Ísland er hreyfing sem beitir sér gegn áframhaldandi aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið. Á upphafsfundi hennar 6. júlí 2026 flutti Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands, ræðu þar sem hann notaði tölur úr greiningunni til að bera stöðu Íslands saman við stöðu Evrópuríkja (Kontext ehf. 2026; Áfram Ísland 2026). Á sama fundi sagði Halldór Benjamín Þorbergsson að Ísland væri í „meistaradeild“ en Evrópusambandið „í besta falli að keppa um miðja aðra deild“ (Viðskiptablaðið 2026).

Tveimur dögum síðar gerði hreyfingin 40 blaðsíðna greininguna opinbera undir heitinu „Ísland og ESB – samanburður lífskjara og hagstærða“ (Kontext ehf. 2026; Vísir 2026). Á vef hreyfingarinnar kemur greiningin beint á eftir ræðu Ólafs Ragnars og er þar nefnd „Staðreyndir um ESB

og Ísland“; lesendur eru hvattir til að kynna sér „tölurnar á bak við umræðuna“ og deila þeim (Áfram Ísland 2026). Meginniðurstaða greiningarinnar er að „lífskjör og staða efnahagsmála standi mun sterkari fótum á Íslandi en almennt gerist í ESB“ (Kontext ehf. 2026). Greiningin er því ekki aðeins bakgrunnsskjal heldur uppspretta talna sem hreyfingin hefur gert að þungamiðju opinbers málflutnings síns. Vitnað var í tölur úr henni á upphafsfundinum áður en greiningin var gerð opinber og við birtingu voru lesendur hvattir til að dreifa þeim. Framsetning talnanna er því framlag til opinberrar umræðu; hún er ekki aðeins tæknilegt atriði í einu skjali.

Þetta er fullyrðing sem hægt er að staðreyna. Hún snýst ekki um pólitísku spurninguna hvort aðild sé rétt eða röng, heldur um tölulega spurningu: gefa lífskjara- og hagstærðirnar þá afdráttarlausu mynd að Ísland sé í „meistaradeild“ en ríki Evrópusambandsins í lægri flokki?

Aðferðin hér er einföld. Hver lykiltala er sótt í þá frumheimild sem greiningin vísar til. Síðan er athugað hvað talan mælir, hvaða ár hún á við og hvað er í nefnaranum. Næst er metið út frá hagfræðilegu sjónarmiði hvort talan, eins og hún er kynnt, svari í raun þeirri spurningu sem henni er ætlað að svara. Að því loknu er hún reiknuð fyrir öll 27 aðildarríki ESB og Ísland þegar gögn leyfa. Þannig má sjá bæði meðaltalið og dreifinguna sem meðaltalið felur. Loks eru niðurstöðurnar skoðaðar saman: hvort val á heiti, nefnara, ári og samanburðarhópi færi myndina endurtekið í sömu átt.

Það þarf ekki að gera lítið úr því sem Ísland gerir vel til að kanna fullyrðingu hreyfingarinnar. Ísland er auðugt land, atvinnuþátttaka er mikil, tekjudreifing tiltölulega jöfn og orka ódýr. Spurningin er hvort þessir styrkleikar styðji þá viðtæku ályktun að Ísland standi í öðrum flokki en ríki ESB. Í köflunum hér á eftir eru helstu tölurnar teknar fyrir ein af annarri. Þar má sjá hvað þær mæla, hvernig þær eru reiknaðar og hvaða mynd þær gefa þegar öll ríkin eru sýnd.

Fyrirvari um Lúxemborg og Írland. Landsframleiðsla mælir verðmætasköpun innan lands, óháð því hverjir njóta hennar. Í Lúxemborg og á Írlandi skekkir þetta samanburðinn meira en annars staðar: þar eiga fjölmörg alþjóðafyrirtæki heimilisfesti og bóka mikinn hagnað án þess að umsvifin að baki séu að sama skapi í löndunum sjálfum. Á Írlandi er misræmið svo stórt að írska hagstofan birtir sérstakan leiðréttan mælikvarða á þjóðartekjur (GNI*), sem er mun lægri en landsframleiðslan. Greining Áfram Íslands notar óleiðréttar tölur beggja ríkja en merkir þau á glærum sínum sem frávík af þessum sökum. Hér er sama leið farin: ríkin tvö eru alls staðar tekin með óbreytt og engin tilraun gerð til leiðréttingar, en þau eru sýnd dauf á mynd 16. Leiðréttingin myndi ekki breyta neinni meginniðurstöðu greinarinnar, en rétt er að taka fram í hvora átt hún færi. Á vergum þjóðartekjum á mann, hefðbundnu leiðréttingunni fyrir bókhaldi alþjóðafyrirtækja, hrynja tölur Írlands og Lúxemborgar (Írland úr 221 í 166 og Lúxemborg úr 244 í 160 þegar meðaltal ESB er 100) en bæði ríkin sitja áfram ofan Íslands (130); Danmörk og Holland færast jafnframt upp fyrir Ísland, sem fer úr 4. sæti í það 5. Leiðréttingin sem greiningin ýjar sjálf að myndi þannig færa Ísland neðar, ekki ofar; útreikningurinn er rakinn í kafla 11. Aðhvarfsgreiningin á verðlagi í kafla 4 notar launakostnað en ekki landsframleiðslu og er því lítt næm fyrir þessari skekkju.

3 Hagvöxtur: heildin og hver íbúi

Fullyrðing greiningarinnar. „Hagvöxtur á Íslandi meiri en í ESB“: meðalhagvöxtur 2,9% á ári á móti 1,6% í ESB.

Samanburður á mann. Tölurnar samsvara í meginatriðum 10 ára meðaltali 2016–2025 í þjóðhagsreikningum Eurostat (2,80% á móti 1,61%) (Eurostat). En þetta er *heildar* hagvöxtur. Látum Y_t tákna landsframleiðslu, N_t mannfjölda og $y_t = Y_t/N_t$ landsframleiðslu á mann. Hlut-

fallið milli ára er nákvæmlega

$$\frac{y_t}{y_{t-1}} = \frac{Y_t/N_t}{Y_{t-1}/N_{t-1}} = \frac{Y_t/Y_{t-1}}{N_t/N_{t-1}} = \frac{1 + g_t^Y}{1 + g_t^N}, \quad g_t^y = \frac{g_t^Y - g_t^N}{1 + g_t^N},$$

þar sem g_t^Y , g_t^N og g_t^y eru vöxtur landsframleiðslu, mannfjölda og landsframleiðslu á mann. Sé tekinn lógaritmi fæst nákvæm sundurliðun í lógaritmaþreyingum og síðan hin venjulega nálgun fyrir lágar vaxtartölur:

$$\Delta \ln y_t = \Delta \ln Y_t - \Delta \ln N_t, \quad g_t^y \approx g_t^Y - g_t^N.$$

Tölurnar 2,80% og 0,86% eru reiknuð meðaltöl árlegra vaxtarhraða. Mismunurinn, 1,94 prósentustig, er því reikningslegt mat á framlagi mannfjölgunar í nálguninni. Töludæmið verður

$$\underbrace{0,0280}_{g^Y} - \underbrace{0,0194}_{g^N} \approx \underbrace{0,0086}_{g^y} = 0,86\%.$$

Séu sömu námundudu meðaltöl sett í nákvæmu hlutfallsjöfnuna fæst $1,0280/1,0194 - 1 = 0,84\%$. Munurinn, 0,02 prósentustig, stafar af námundun og því að nákvæma jafnan gildir ár fyrir ár, en tölurnar hér eru meðaltöl. Bein röð Eurostat fyrir vöxt á mann gefur 0,86% (Eurostat).

Fólksfjölgunin er ekki aðeins reikningslegt atriði. Frá ársbyrjun 2017 til ársbyrjunar 2025 fjölgaði íbúum Íslands úr 338.349 í 389.444, eða um 15,1% og tæp 1,8% á ári, á móti um 0,2% á ári í ESB (Eurostat).⁴ Þegar deilt er með mannfjölda, eins og gert er þegar spurt er um líf skjör, snýst myndin við: vöxtur landsframleiðslu á mann var 0,86% á ári á Íslandi en 1,39% í ESB. Ísland fellur úr 10. sæti niður í 23. sæti af 28 ríkjum (mynd 1). Sama gerist í öllum þremur tímagluggunum sem enda 2025. Hagvöxtur á mann á Íslandi var 1,84% á móti 2,28% í ESB yfir fimm ár, 0,86% á móti 1,39% yfir tíu ár og 0,83% á móti 1,11% yfir tuttugu ár (Eurostat). Á tímabilinu 2017–2025, sem einnig er miðað við í umfjölluninni um mannfjöldaþróun hér að framan, jókst landsframleiðsla á mann á Íslandi um 2,2% (samþals á átta árum) á móti 9,5% í ESB (Eurostat). Nýjasta árið sem lokið er, 2024, var samdráttarár: –1,3% samkvæmt núverandi mati Hagstofunnar, sem upphaflega birti +0,5% (Hagstofa Íslands 2025; Hagstofa Íslands 2026a). Stakt ár sannar ekkert eitt og sér; það er einmitt inntak þessarar greinar. Meðaltölin hér að framan bera meginþungann.

Hér má spyrja hvernig lítill vöxtur á mann samræmist sterkum raunlaunavexti undanfarinna ára. Hugsanlegar skýringar eru meðal annars bætt viðskiptakjör og samsetningaráhrif þegar nýtt vinnuafli kemur inn á vinnumarkað undir meðallaunum. Þetta eru réttmætir fyrirvarar við landsframleiðslu á mann sem líf skjaramælikvarða. Þeir breyta þó ekki því að fyrirsagnartala greiningarinnar mælir heildarvöxt. Þess vegna þarf að sýna bæði heildarvöxt og vöxt á mann.

Niðurstaða: Heildarhagvöxtur Íslands var meiri en í ESB, eins og greining Áfram Íslands segir. Hagvöxtur á mann var hins vegar minni: 0,86% á móti 1,39% á ári. Í nálguninni með lógaritnum nemur mannfjöldaþátturinn 1,94 prósentustigum, eða um 70% af 2,80% heildarvextinum. Fyrir samanburð á meðalframleiðslu og líf skjörum þarf því að sýna báðar tölurnar.

4 Verðlag og kaupmáttur: tvær ólíkar spurningar

Fullyrðing greiningarinnar. „Verðlag á Íslandi er hátt en hvað ef við snúum kaupmáttarhugtakinu við og horfum á verðlagið í hlutfalli við ráðstöfunartekjur? Þá er Ísland ódýrt“: almennt verðlag 28% undir ESB, matur 40% undir, rafmagn og hiti 73% undir.

⁴Vöxtur á mann hjá Eurostat miðast við meðalmannfjölda hvers árs.

Tvö lönd og ein neyslukarfa. Látum $j \in \{I, E\}$ tákna Ísland og ESB-viðmið og hugsum okkur sömu einföldu neyslukörfuna í báðum löndum. Í henni eru q_F einingar af mat og q_S einingar af staðbundinni þjónustu. Þegar öll verð hafa verið færð í sömu mynt kostar karfan

$$P_j = p_{Fj}q_F + p_{Sj}q_S.$$

Hlutfallslegt verðlag á Íslandi er þá

$$\Lambda_P \equiv \frac{P_I}{P_E}.$$

Ef $\Lambda_P > 1$ kostar sama karfa meira á Íslandi. Þetta er spurningin sem verðlagsmælikvarði svarar. Verðlagsvísar Eurostat byggjast á mun fleiri vörum og þjónustu og flóknari vigtun, en hugtakið er hið sama (Eurostat).

Einfalda líkanið sýnir jafnframt hvaðan verðmunurinn getur komið. Skilgreinum $\tau_F = p_{FI}/p_{FE}$ og $\tau_S = p_{SI}/p_{SE}$ og látum α vera hlut matar í kostnaði ESB-körfunnar. Þá gildir nákvæmlega

$$\Lambda_P = \underbrace{\alpha\tau_F}_{\text{matur}} + \underbrace{(1-\alpha)\tau_S}_{\text{þjónusta}}.$$

Verðhlutfall matar getur vikið frá einum vegna virðisaukaskatts og annarra gjalda, flutnings- og dreifingarkostnaðar, gengis, samkeppni og álagningar. Þjónusta er að miklu leyti framleidd á staðnum og verð hennar ræðst því meðal annars af innlendum launum og framleiðni. Balassa–Samuelson-áhrifin lýsa því hvernig mikil framleiðni í útflutningsgreinum getur hækkað laun í öllu hagkerfinu og þar með verð staðbundinnar þjónustu. Auðugt land getur þess vegna haft bæði háar tekjur og hátt verðlag (Balassa 1964; Samuelson 1964).

Kaupmáttur. Látum Y_j vera ráðstöfunartekjur heimilis. Fjöldi staðlaðra neyslukarfa sem tekjurnar kaupa er

$$K_j \equiv \frac{Y_j}{P_j}.$$

Ef $\Lambda_Y = Y_I/Y_E$ er hlutfall tekna verður hlutfallslegur kaupmáttur

$$\Lambda_K \equiv \frac{K_I}{K_E} = \frac{Y_I/Y_E}{P_I/P_E} = \frac{\Lambda_Y}{\Lambda_P}.$$

Mælikvarði greiningar Áfram Íslands deilir hins vegar verðlaginu með tekjunum:

$$M \equiv \frac{\Lambda_P}{\Lambda_Y} = \frac{1}{\Lambda_K}.$$

M er því andhverfa hlutfallslegs kaupmáttar þegar verðlagsvísir og tekjur ná til sömu neyslu. Lág tala segir að valdar tekjur séu háar miðað við valið verðlag; hún segir ekki að verð körfunnar sé lágt.

Tvær verðlagsraðir. Áfram Ísland notar verðlagsvísi einstaklingsbundinnar neyslu, röðina A01 hjá Eurostat. Hún nær bæði til útgjalda heimila og einstaklingsbundinnar þjónustu sem hið opinbera eða félagasamtök greiða, svo sem hluta heilbrigðis- og menntaþjónustu. Hægri hluti myndar 2 notar verðlagsvísi einkaneysluútgjalda heimila, E011, sem Eurostat notar í samanburði á verðlagi neysluvöru og þjónustu heimila. Vísarnir svara því skyldum en ekki sömu spurningum. Fyrri vísirinn er 172,7 fyrir Ísland og sá síðari 161,7; Ísland er hæst í samanburðarhópnum samkvæmt báðum. Meginniðurstaðan um hátt verðlag er því ekki háð því hvor röðin er valin. Hægri myndhlutinn er hins vegar ekki einfaldlega sami verðlagsvísir eftir að tekjunefnarinn hefur verið fjarlægður.

Matarkarfan sem töludæmi. Verðlagsvísir Eurostat fyrir mat og óáfenga drykki var 143,9 á Íslandi árið 2024 þegar ESB var 100; sama matarkarfa kostaði því 43,9% meira á Íslandi

(Eurostat). Tekjuleiðréttatalan 60 í greiningunni segir hins vegar að valdar tekjur kaupi 67% fleiri matarkörfur ($1/0,60 = 1,67$). Það er fullyrðing um kaupmátt. Hún breytir ekki þeirri staðreynd að verð matarkörfunnar sjálfrar er hærra.

Tekjunefnarinn í endurgerðinni. Greining Áfram Íslands deilir verðlagsvísinum með hlutfallslegu miðgildi jafngildra ráðstöfunartekna úr EU-SILC, framreiknuðu fyrir Ísland með vexti heildarráðstöfunartekna heimilisgeirans í þjóðhagsreikningum, því sambærilegt íslenskt SILC-gildi vantar eftir 2020. Sú endurgerð gefur tekjuhluftallið 2,403625 og töluna 72 fyrir Ísland, nákvæmlega eins og á frumglærunni, og öll sex íslensku gildi hennar endurgerast eftir námundun; útreikningurinn er rakinn skref fyrir skref í Viðauka A og í verðlagsgreininni (Eggertsson 2026d).⁵ Framreikningurinn notar vöxt heildartekna heimilisgeirans, sem hækkar einnig þegar íbúum fjölgar; sé í staðinn notaður vöxtur ráðstöfunartekna á mann verður tekjuleiðréttatala A01-gildið um 78 í stað 72. Það er næmnipróf en ekki fullkomin leiðrétting, því tekjuhugtökin tvö eru ólík í eðli sínu.

Þessi algebra skýrir mynd 2. Vinstri hlutinn sýnir A01 deilt með hlutfallslegu miðgildi jafngildra ráðstöfunartekna. Slóvakía, Ungverjaland og Grikkland fá hæstu gildin á þeim kvarða (neðst á myndinni) og Lúxemborg það lægsta (efst); Ísland er í 2. sæti frá lægsta gildinu, með 72. Hægri hlutinn sýnir E011 án tekjudeilingar. Verðlagsvísir einkaneyslu heimila á Íslandi er þar 161,7 (ESB=100), hæsta gildið í hópnum og 13% ofan við Danmörku, sem er næstdýrust. Ísland er dýrast í hópnum í níu neysluflokkum af tólf, þar á meðal mat og drykkjarvörum, fötum og skóm og flutningum (Eurostat). Skýrasta verðforskotid er orka: rafmagn, gas og eldsneyti eru á vísitölunni 64,2, eða 36% undir ESB (Eurostat).

Loks gefa verðlags- og launaglæsur greiningarinnar mjög ólíka mynd. Fullyrðingin um að verðlag sé 28–73% lægra en í ESB byggist reikningslega á því að framreiknað miðgildi tekna á Íslandi sé 2,40-falt meðaltal ESB. Launaglæra greiningarinnar (bls. 19) sýnir á sama tíma laun á vinnustund, „leiðrétt fyrir verðlagi“, *jöfn* meðaltali ESB: 26 evrur á móti 26. Greiningin nefnir sjálf hugsanlega „skekku í verðlagsleiðréttingum eða ósamræmi í mælingum á fjölda vinnustunda“. Mælikvarðarnir eru ekki nákvæmlega eins; þeir þurfa því ekki að gefa sömu tölu. En munurinn á 2,40-földu tekjuhluftalli og jöfnum verðleiðréttum launum er svo mikill að ekki er hægt að kynna eina tekjuleiðréttala niðurstöðu sem stöðuga staðreynd án næmnigreiningar.

Hvað segir tekjustigið fyrir um verðlag? Mælikvarði greiningarinnar hvílir á þeirri þöglu forsendu að verðlag eigi að fylgja tekjum hlutfallslega; annars væri deilingin ekki leiðrétting heldur bjögun. Sú forsenda er prófanleg, og líkanið sem prófar hana er hálfra aldar gamalt (Balassa 1964; Samuelson 1964): alþjóðavara verðleggst á heimsmarkaði en staðbundin þjónusta fylgir innlendum launum, svo samband verðlags og launa er línulegt á *lograkvarða* og hallinn er innan við einn, jafn hlut staðbundinnar þjónustu í neyslunni. Útleiðslan í heild er í verðlagsgreininni (Eggertsson 2026d). Líkanið er metið á ESB-ríkjunum 27 með verðlagsvísi einkaneysluútgjalda heimila (E011) og launakostnaði á vinnustund árið 2024 (Eurostat); Ísland er haft utan matsins og spáð fyrir það:


$$\ln P_c = \alpha + \underbrace{\beta}_{\text{teygni verðlags gagnvart tekjum}} \ln W_c + u_c, \quad \hat{\beta} = 0,42, \quad R^2 = 0,87.$$

Matið segir að hækki launakostnaður um eitt prósent sé verðlag að jafnaði um 0,42 prósentum hærra; hagfræðingar kalla þetta hlutfall teygni. Sú tala er einmitt af þeirri stærðargráðu sem vænta má af hlut staðbundinnar þjónustu í evrópskum neyslukörfum, og tekjustigið eitt skýrir um 87% af breytileika verðlags milli Evrópuríkjanna í þessu þversniðsmati. Spáð gildi verðlagsvísitölunnar fyrir Ísland, miðað við launakostnað 53,2 evrur á stund, er 131. Raunveruleikinn er

⁵Verðlagsgreinin er reiknuð á eigin frystri gagnaútgáfu; smávægilegur munur á birtum tölum þar og hér endurspeglar dagsetningar gagna, ekki ólíkar niðurstöður.

162: Ísland er um fjórðungi dýrara en tekjustig þess spáir; frávikið er hið stærsta í samanburðinum, um 2,6 staðalfrávik frá matslínunni. Mynd 19 sýnir aðhvarfið, spána fyrir Ísland og frávikið frá henni; frekari næmnipróf, meðal annars með tekjuhugtökum greiningarinnar sjálfrar, eru í verðlagsgreininni (Eggertsson 2026d).

Að teygnin er innan við einn, eins og líkanið segir fyrir um, er efnisatriði í sjálfu sér: verðlag hækkar minna en hlutfallslega með tekjum. Mælikvarði sem deilir verðlagi með tekjum gefur þess vegna öllum auðugum löndum tölu undir hundrað og öllum fátækari löndum tölu yfir, vélrænt og án tillits til þess hvað nokkur hlutur kostar. Það er ástæðan fyrir því að Slóvakía, Ungverjaland og Grikkland verða „dýrustu“ ríkin í samanburðinum á kvarða greiningarinnar og Lúxemborg það „ódýrasta“ á mynd 2. Tekjuleiðréttingin sem samræmist þessu líkani er fjarlægðin frá aðhvarfslínunni. Hún snýr niðurstöðunni við: leiðrétt fyrir tekjum er Ísland ekki ódýrt heldur dýrasta landið í samanburðinum miðað við eigið tekjustig. Verðlag á Íslandi er ekki aðeins hátt af því að tekjurnar eru háar. Það er hátt umfram það.



Mynd 19: Verðlag og launakostnaður 2024, lograkvarðar. Punktar: ESB-ríkin 27; línan er aðhvarfið $\ln P = 3,2 + 0,42 \ln W$, metið á þeim einum ($R^2 = 0,87$); skyggða beltið sýnir ± 2 staðalfrávik umhverfis matslínuna, jafnbreitt belti á lograkvarða, ekki spábil. Ísland er utan matsins: spáð verðlag þess er 131 en raunverðlagið 161,7. Það er stærsta jákvæða frávikið í hópnum, um 2,6 staðalfrávik, og liggur utan beltisins. Niðurstaðan er ónæm fyrir tekjumælikvarðanum: með landsframleiðslu á mann í evrum sem skýribreytu er frávik Íslands +23% og teygnin 0,41. Heimild: Eurostat.

Niðurstaða: Óleiðrétt verðlag Íslands er hæst í samanburðarhópnum samkvæmt báðum neysluhugtökum: 172,7 fyrir einstaklingsbundna neyslu (A01) og 161,7 fyrir einkaneysluútgjöld heimila (E011). Mælikvarði Áfram Íslands deilir fyrri vísinum með hlutfallslegu miðgildi jafngildra ráðstöfunartekna og gefur 72. Sú stærð er ekki verðlagsvísir. Aðhvarfsgreiningin notar síðari vísinn og sýnir að verðlag Íslands er um fjórðungi yfir því sem tekjustig þess spáir.

5 Skuldir hins opinbera: heildartala og dreifing

Fullyrðing greiningarinnar. „Opinber fjármál standa betur á Íslandi en almennt í ESB, auk þess sem horfurnar eru bjartari“: skuldir Íslands eru um 56% af landsframleiðslu árið 2025 og spáð er lækkun í um 45% árið 2030, á móti um 84% fyrir ESB í heild í dag og 88% í lok spátímans (Kontext ehf. 2026).

Ein röð fyrir öll ríki. Til að röðun ríkja sé samanburðarhæf þarf eina samræmda skuldaröð. Hér er notuð röð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um heildarskuldir hins opinbera (WEO, apríl 2026) fyrir Ísland og öll 27 aðildarríki ESB, árið 2025.⁶ Á þeirri röð er skuldahlutfall Íslands 56,1% árið 2025 og spá sjóðsins fyrir árið 2030 er 45,4%; heildartala ESB er 82,5% árið 2025 og 85,5% árið 2030.

Gagnaútgáfur WEO. Tölurnar á glærum greiningarinnar voru bornar saman við þrjár gagnaútgáfur WEO. Í útgáfunni frá apríl 2025 (WEO 6.0.0) er Ísland 52,85% árið 2025 og 40,49% árið 2030, ESB-heildin 83,63% og 87,56%, og aðeins 5 af 28 landagildum glærunnar á blaðsíðu 9 endurgerast í heiltölunámundun. Í útgáfunni frá október 2025 er Ísland 47,42% og 37,77%, ESB-heildin 83,17% og 87,82%, og 9 af 28 landagildum endurgerast. Í útgáfunni frá apríl 2026 (WEO 9.0.0) er Ísland 56,11% og 45,43%, ESB-heildin 82,48% og 85,50%, og öll 28 landagildin endurgerast. Öll landagildi glærunnar og 56 og 45 fyrir Ísland samsvara því apríl 2026, en 84 og 88 fyrir ESB-heildina samsvara apríl 2025; engin ein útgáfa endurgerir allar fjórar tölurnar. Glæran blandar þannig saman tveimur gagnaútgáfum. Greinin sjálf notar WEO apríl 2026 samræmt fyrir allar stærðir.

Heildartala og dreifing. Fullyrðing greiningarinnar um stöðu Íslands gagnvart ESB-heildinni stenst: 56,1% á móti 82,5%, og spáð þróun er Íslandi hagfelld. Þetta eru raunverulegir styrkleikar. Heildartala ESB er hins vegar stærðarvegin: stærstu hagkerfin vega þýngst, og fáein mjög skuldsett ríki, Grikkland (146), Ítalía (137) og Frakkland (116), toga hana upp fyrir stöðu dæmigerðs aðildarríkis. Miðgildi aðildarríkjanna árið 2025 er 58,8%, aðeins 2,7 prósentustigum yfir hlutfalli Íslands, og einfalt meðaltal þeirra 65,1%. Í ónámunduðum tölum sjóðsins skulda þrettán ríki minna en Ísland og fjórtán meira, ekkert jafnt; Ísland er í 14. sæti af 28 frá lægstu skuldum (15. sæti frá hæstu), meðal annars á eftir Danmörku (28), Írlandi (33), Svíþjóð (35) og Hollandi (43) (mynd 3). Röðunin sýnir að Ísland er nálægt miðju dreifingarinnar, ekki í sérflokki.

Niðurstaða: Skuldastaða Íslands er styrkleiki: hlutfallið er undir ESB-heildinni, 56,1% á móti 82,5% árið 2025, og spáð þróun til 2030 er hagfelld. Heildartala ESB er hins vegar stærðarvegin og lýsir ekki dæmigerðu aðildarríki: miðgildi ríkjanna er 58,8%, aðeins 2,7 prósentustigum yfir Íslandi, og Ísland er í 14. sæti af 28 frá lægstu skuldum. Munurinn við heildina sýnir betri stöðu en stærðarvegið meðaltal, ekki að Ísland sé í annarri efnahagslegri deild.

6 Vextir: nafnvextir, verðbólga og raunvextir

Fullyrðing greiningarinnar. Greiningin segir: „Vandinn liggur í verðbólgunni“ og kallar verðbólguna „skilgetið afkvæmi launahækkana umfram þess sem verðból gumarkmið og framleiðniþróun leyfa“. Háir vextir eru sagðir „fylgífiskur mikillar verðbólgu, hárra verðbólguvæntinga og framleiðsluspennu“ og hátt vaxtastig og vaxtakostnaður sögð „heimatilbúin vandamál“.

Samanburður raunvaxta. Verðbólga skýrir þann hluta nafnvaxta sem bætir lánveitanda upp rýrnun peninga. Til að bera saman raunkostnað lánsfjár þarf því að skoða vexti umfram vænta verðbólgu, *raunvexti*. Orðin *raunvextir* og *verðtrygging* koma ekki fyrir í vaxtaumfjöllun

⁶Skilgreining sjóðsins á heildarskuldum er ekki hin sama og Maastricht-skilgreining Eurostat, sem er þrengri, en hún er hér notuð samræmd fyrir öll ríkin svo tölurnar séu sambærilegar.

greiningarinnar. Hér eru raunvextir metnir með nákvæma Fisher-sambandinu,

$$\hat{r}_t = \frac{1 + i_t}{1 + \pi_t^e} - 1 = \frac{i_t - \pi_t^e}{1 + \pi_t^e},$$

þar sem i_t táknar nafnvexti og π_t^e vænta verðbólgu; þegar hvort tveggja er lágt gildir fyrsta stigs nálgunin $\hat{r}_t \approx i_t - \pi_t^e$. Útleiðslan og meðferð óvissunnar eru raktar í vaxtagreininni (Eggertsson 2026a); þar er einnig sýnt að punktaspa í nefnaranum dregur fremur úr mældum vaxtamun en ýkir hann.

Glæra greiningarinnar inniheldur báðar tölurnar sem þarf í þetta reikningsdæmi. Fyrir íslenska stýrivexti gefur nákvæma jafnan $1,075/1,040 - 1 = 3,37\%$, en línulega nálgunin gefur $7,5 - 4,0 = 3,5\%$. Á evrusvæðinu gefa $2,0\%$ vextir og $2,0\%$ vænt verðbólga nákvæmlega núll í báðum tilvikum (Kontext ehf. 2026). Raunvaxtamunurinn stendur því nánast óhaggaður í tölum glærunnar sjálfrar.

Þetta eru tölur glærunnar, ekki nýjasta staða. Brúarmyndin í meginniðurstöðunum (mynd 4) færir sama samanburð til 20. júlí 2026 með opinberum gögnum og takmarkar hann vísvitandi við Ísland og evrusvæðið. Stýrivextir eru hins vegar ekki lánsvextir heimila. Til að meta þann kostnað sem skiptir heimilin beint máli þarf því að bera saman vexti nýrra íbúðalána. Mynd 5 sýnir þann samanburð fyrir Ísland og ríki ESB.

Gögn. Vextir evruríkjanna á mynd 5 eru vextir nýrra íbúðalána úr samsettri vísitölu Seðlabanka Evrópu um lántökukostnað heimila vegna húsnæðisakaupa (ECB MIR, apríl 2026); íslensku tölurnar eru meðalkjör bankanna í mars 2026 samkvæmt vaxtatölflum þeirra og vaxtatölfræði Seðlabanka Íslands, $9,19\%$ óverðtryggðir breytilegir vextir og $4,5\%$ verðtryggðir. Verðtryggðu vextirnir eru sjálfir raunvextir samkvæmt samningi (höfuðstóllinn fylgir verðlagi) og krefjast því engrar verðbólguþáttar. Fyrir ný óverðtryggð lán gefur nákvæma Fisher-sambandið $5,5\%$ raunvexti á Íslandi, miðað við $3,5\%$ verðbólguþátt Seðlabanka Íslands, en viðmið evrusvæðisins í heild er $0,7696\%$, birt sem $0,8\%$ á myndum; greiðslútreikningurinn á mynd 6 notar tveggja aukastafa gildið $0,77\%$ og lægra íslenska gildið, $4,5\%$ samningsbundna raunvexti verðtryggða lánsins. Brúarmynd stýrivaxtanna notar nýjustu könnun markaðsaðila, $3,9\%$ vænta verðbólgu eftir eitt ár; þetta eru aðskildir, dagsettir útreikningar og ekki á að blanda forsendum þeirra saman. Gagnaslóðir allra ríkja, valið milli landsspár hvers ríkis og verðbólguþáttar myntsvæðisins og áhrif þess vals eru skjalfest í heild í vaxtagreininni (Eggertsson 2026a); valið breytir gildum einstakra ríkja en ekki heildarmyndinni gagnvart íslensku gildunum.

Það sem tölurnar sýna. Íslensk íbúðalán eru dýrust í samanburðinum: $5,5\%$ raunvextir á óverðtryggðum lánum og $4,5\%$ á verðtryggðum, á móti $0,8\%$ á evrusvæðinu í heild. Hæstu raunvextir meðal evruríkjanna miðað við landspá eru um $1,2\%$ (Lettland), eða tæpur fjórðungur af $5,5\%$ raunvöxtum óverðtryggða íslenska lánsins, og evruríkin liggja öll á bilinu frá um $-0,9\%$ upp í um $1,2\%$. Lánaform eru ólík milli landa, en lönd með breytilega vexti og lönd með löng fastvaxtalán liggja á sama þrönga bilinu; breytileiki í lánaformum eða gjöldum skýrir því ekki muninn gagnvart Íslandi (Eggertsson 2026a). Nafnvaxtamunurinn við evrusvæðið er $5,75$ prósentustig og munur væntrar verðbólgu $0,85$ prósentustig. Nákvæmt Fisher-samband gefur $4,73$ prósentustiga raunvaxtamun. Sérstaklega skýr viðmiðun er þessi: verðtryggðir íslenskir vextir, $4,5\%$, sem eru vextir *umfram* verðbólgu samkvæmt samningi, eru hærri en *nafnvextir* allra evruríkjanna, með allri verðbólguþóknun innifalinni. Hæsta gildið er í Lettlandi, $4,18\%$ (Eggertsson 2026a). Munurinn er heldur ekki bundinn við einn tímapunkt: samanburður við Finnland á tímabilinu 2004–2026 sýnir að núverandi munur er nálægt sögulegu meðaltali og að raunvaxtamunurinn hefur verið mun stöðugri en nafnvaxtamunurinn (Eggertsson 2026a). Verðbólga ein getur því ekki skýrt muninn.

Hvað þýðir þetta fyrir heimili? Mynd 6, endurreiknuð eftir vaxtagreininni (Eggertsson 2026a), notar lægri íslensku raunvaxtatöluna og setur muninn í samhengi við viðmiðunarheimili

sem kaupir sína fyrstu íbúð. Dæmigerð fyrsta íbúð kostaði um 70,6 m.kr. árið 2025 samkvæmt Mælaborði fyrstu kaupenda hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Miðað við 85% veðsetningu tekur heimilið jafngreiðslulán að fjárhæð 60 m.kr. til 25 ára. Þetta er viðmiðunarlán fyrir fyrstu kaup, ekki miðgildi allra lána fyrstu kaupenda.

Við 4,5% íslenska raunvexti er jafngild föst mánaðargreiðsla um 333 þús.kr. á verðlagi dagsins, en um 220 þús.kr. við 0,77% raunvaxtavíðmið evrusvæðisins, birt sem 0,8%. Munurinn er um 114 þús.kr. á mánuði (113,6 þús. ef reiknað er nákvæmar). Í upphafi lánstímans er raunvaxtakostnaður um 225 þús.kr. í íslenska dæminu en um 39 þús.kr. í viðmiðunardæminu; mun stærri hluti greiðslunnar lækkar því höfuðstóllinn í því síðarnefnda. Á 25 ára lánstímanum greiðir heimilið alls um 100 m.kr. á föstu verðlagi við íslensku raunvextina, þar af 40 m.kr. í raunvaxtakostnað, en um 66 m.kr. við 0,77% viðmið evrusvæðisins, þar af 6 m.kr. í raunvaxtakostnað (Eggertsson 2026a).

Íbúðin, höfuðstóllinn, lánstíminn og greiðsluformið eru þau sömu í báðum tilvikum; aðeins raunvextirnir breytast. Dæmið sýnir því hvað núverandi raunvaxtamunur þýðir að öðru óbreyttu. Það er hvorki spá um vexti á Íslandi eftir hugsanlega aðild né mat á öðrum áhrifum aðildar. Öll gögn og forrit að baki útreikningunum eru opin á GitHub (Eggertsson 2026a).

Óvissa og næmnipróf. Dæmið hvílir á forsendum sem eðlilegt er að hreyfa við, og í vaxtagreininni (Eggertsson 2026a) er það gert kerfisbundið: með varfærnu viðmiði fyrir evrusvæðið (1,41%, verðbólguþáttur miðað við stað skammtímaspár) er mánaðarmunurinn um 96 þús.kr., í miðmatinu (4,5% á móti 0,77%) um 114 þús.kr. og með 5,5% raunvöxtum óverðtryggða íslenska lánsins um 149 þús.kr. Munurinn breytist nánast línulega með lánsfjárhæð, um tæplega 19 þús.kr. á mánuði fyrir hverjar 10 m.kr., og föst gjöld hafa hverfandi áhrif á árlega hlutfallstölu kostnaðar. Loks sýnir reynsla ríkja sem tekið hafa upp evru að vextir færast tiltölulega hratt að kjörum evrusvæðisins og lækkunin hefst jafnan í aðdraganda upptökunnar (Eggertsson 2026a). Ekkert þessara næmniprófa breytir meginniðurstöðunni.

Niðurstaða: Nafnvaxtamunur Íslands og evrusvæðisins er 5,75 prósentustig og munur væntrar verðbólgu 0,85 prósentustig í þessum samanburði. Nákvæmt Fisher-samband gefur 4,73 prósentustiga raunvaxtamun miðað við óverðtryggða íslenska lánið. Í heimilisdæminu, sem notar lægri íslensku raunvaxtatöluna, 4,5% verðtryggða raunvexti, er munurinn 3,7 prósentustig og um 114 þús.kr. á mánuði af 60 m.kr. láni. Gögnin styðja því þá niðurstöðu að verðbólga sé hluti skýringarinnar, en ekki að hún skýri allan muninn. Samanburðurinn er nálgun: íslensku gildin eru meðaltal bankakjara samkvæmt vaxtatöflum bankanna og vaxtatölfræði Seðlabanka Íslands, en evrugildin vegin meðaltöl nýrra lána, og næmnipróf vaxtagreinarinnar breyta ekki þeirri mynd (Eggertsson 2026a).

7 Atvinnuleysi ungmenna: þegar nefnarinn breytir myndinni

Spurt var: „Hvað er atvinnuleysi ungs fólks í Finnlandi, milli 15 og 25 ára?“ Svarið var „Næstum því 25%“ og síðan „næstum fjórði hver ungur Finni atvinnulaus“.

Ólafur Ragnar Grímsson í Bítinu á Bylgjunni, 7. júlí 2026

Fullyrðing greiningarinnar. Atvinnuleysi ungmenna (15–24 ára) er 9% á móti 15% í ESB. Ísland er með þriðja lægsta hlutfallið.

Hvers vegna er samanburðurinn vandasamur? Hefðbundið atvinnuleysi er erfiðara að túlka fyrir ungt fólk en eldri aldurshópa. Í mörgum Evrópulöndum er meirihluti 15–24 ára utan vinnumarkaðar, fyrst og fremst vegna náms. Þau teljast þá hvorki starfandi né atvinnulaus. Á Íslandi vinna námsmenn mun oftar með námi og teljast því til vinnuafsisins. Stærð og samsetning nefnarans eru því mjög ólíkar milli landa.

Almenn sundurliðun. Látum N tákna alla 15–24 ára, E starfandi, U atvinnulausa sem leita

að vinnu og eru tiltækir til starfa, og I þá sem eru utan vinnumarkaðar. Aldurshópurinn og unga vinnuaflíð, L , skiptast þá þannig:

$$N = E + U + I, \quad L = E + U.$$

Hefðbundið atvinnuleysi, atvinnuþátttaka og hlutfall atvinnulausra af öllum aldurshópnum eru þrjár ólíkar stærðir:

$$u \equiv \frac{U}{L} = \frac{U}{E + U}, \quad a \equiv \frac{L}{N} = \frac{E + U}{N}, \quad q \equiv \frac{U}{N}.$$

Þar sem allir atvinnulausir teljast til vinnuaflsins fæst nákvæmt samband

$$q = \frac{U}{N} = \underbrace{\frac{U}{E + U}}_u \underbrace{\frac{E + U}{N}}_a = ua.$$

u svarar því spurningunni: hve stór hluti unga vinnuaflsins leitar að vinnu? q svarar annarri spurningu: hve stór hluti alls aldurshópsins leitar að vinnu?

Árið 2025 var u 9,5% á Íslandi og 15,2% í ESB (Eurostat). Vinnuaflíð náði hins vegar til 82,7% alls aldurshópsins á Íslandi en aðeins 40,7% í ESB (Eurostat). Settar í jöfnuna gefa tölurnar

$$q_{\text{Ísland}} = 0,095 \times 0,827 = 0,0786 \approx 7,9\%, \\ q_{\text{ESB}} = 0,152 \times 0,407 = 0,0619 \approx 6,2\%.$$

Þegar atvinnuleitendum er deilt með öllum 15–24 ára snýst samanburðurinn því við. Ísland er þá með sjöunda hæsta hlutfallið meðal þeirra 27 ríkja sem gögn ná til, 21. sæti af 27 þegar raðað er frá lægsta hlutfalli eins og á myndinni (mynd 7) (Eurostat).

Tilvitnunin í upphafi kaflans. Þar birtist einmitt ruglingurinn sem hér er til umfjöllunar, borinn fram í útvarpi daginn eftir stofnfund hreyfingarinnar. Talan sem vitnað er til er u , hlutfall af ungu *vinnuaflinu*, en með túlkuninni „fjórði hver ungur Finni atvinnulaus“ er farið með hana sem q , hlutfall af *öllum* ungum Finnum. Á þann mælikvarða voru 11,7% allra ungra Finna í atvinnuleit árið 2025, eða nær einn af hverjum níu en ekki einn af hverjum fjórum (Eurostat). Munurinn liggur í nefnaranum: tæpur helmingur finnskra ungmenna stendur utan vinnuaflsins; langflest þeirra eru þar vegna náms og teljast hvorki atvinnulaus né í atvinnuleit. Evrutengingin í sömu umfjöllun, þar sem Finnland er kynnt sem eina Norðurlandið sem bæði notar evru og á aðild að ESB (Bítið, Bylgjan, 7. júlí 2026), stenst ekki heldur skoðun á sömu gögnum: hlutfallið sem vitnað var til er nánast hið sama í Svíþjóð, sem stendur utan evrunnar, og á evrulandinu Spáni (24,3% á móti 24,9% árið 2025), og þegar atvinnuleitendur eru reiknaðir sem hlutfall af öllum ungmönnum er hlutfallið *hæst* í Svíþjóð meðal þeirra ríkja sem gögn ná til, með 13,9%, ofar bæði Finnlandi og Spáni (Eurostat). Háar tölur á þessum mælikvörðum fylgja mikilli atvinnuþátttöku ungs fólks á Norðurlöndum, ekki gjaldmiðlinum.

NEET. Á hlutfalli þeirra sem hvorki eru í vinnu né námi eða starfsþjálfun (NEET) stendur Ísland vel: 4,1% á móti 9,0% í ESB (Eurostat). Sá mælikvarði svarar enn annarri spurningu og breytir hvorki merkingu atvinnuleysistölunnar né rangri túlkun finnska hlutfallsins.

Munur á náms- og vinnumenningu skýrir stóran hluta munarins. Í Eurostat-könnun árið 2016 höfðu 87% Íslendinga á aldrinum 15–34 ára öðlast launaða starfsreynslu samhliða námi og var það hæsta hlutfallið meðal landanna í könnuninni (Eurostat 2025). Þar sem námsmenn vinna sjaldan er unga vinnuaflíð smærri og sértækari hópur. Atvinnuleit getur þar einnig gefið til kynna að viðkomandi sé ekki lengur í námi og verið neikvæðara merki í augum atvinnurekenda en á Íslandi, þar sem vinna með námi er venja. Tölurnar segja hins vegar ekki hvort vinna með námi sé almennt kostur: hún veitir tekjur og reynslu en getur tekið tíma frá náminu.

Niðurstaða: Talan 9,5% á móti 15,2% er rétt, en nær aðeins til unga vinnuafsins. Af öllum 15–24 ára leita 7,9% að vinnu á Íslandi og 6,2% í ESB, og túlkunin „fjórði hver ungur Finni atvinnulaus“ er röng: af öllum ungum Finnum voru 11,7% í atvinnuleit, nær einn af hverjum níu. Fullyrðingin um þriðja lægsta atvinnuleysið nægir því ekki ein og sér til að lýsa stöðu ungs fólks. Sú staðreynd að hæsta hlutfall ungra atvinnuleitenda af aldurshópnum meðal þeirra ríkja sem gögn ná til er í Svíþjóð, utan evrunnar, bendir til þess að þessar tölur mæli norræna atvinnuþátttöku fremur en gjaldmiðil.

8 Framleiðni: stig, vöxtur og samanburðarhópur

Fullyrðing greiningarinnar. „Íslendingar vinna jafnframt fremur lítið sem bendir til að framleiðni er mjög há á Íslandi, og hún hefur vaxið mun hraðar en í ESB og á Norðurlöndunum.“ Glæran um heildarþáttaframleiðni sýnir vísitölu þar sem 2010=100, en +34%-merkingin nær frá 2012 til 2022.

Samanburður allra ríkja. Glæra greiningarinnar sýnir þrjár línur: Ísland, Norðurlöndin og ESB. Hún sýnir réttilega að framleiðni óx hraðar á Íslandi en að meðaltali í þessum tveimur hópum. Meðaltölin segja hins vegar ekki hvar Ísland stendur meðal ríkjanna sjálfra. Frá grunnári greiningarinnar, 2000, er Ísland í 14. sæti af 28; þrettán ríki uxu hraðar (mynd 8). Á síðustu tíu árum, 2015–2025, er Ísland einnig í 14. sæti, meðal annars á eftir Danmörku (+13,2% á móti +11,6%) (Eurostat).

Á hvern starfandi í stað vinnustundar. Vöxtur framleiðni á vinnustund og fækkun vinnustunda eru tvær hliðar á sama peningi. Mældum vinnustundum á hvern starfandi á Íslandi fækkaði úr 1.729 árið 2000 í 1.421 árið 2025, um 17,8%, sem er með mestu fækkunum í Evrópu, og fækkunin hækkar framleiðni á vinnustund reikningslega þótt framleiðsla á hvern starfandi standi í stað.⁷ Mæld á hvern starfandi er myndin önnur: framleiðnivöxtur Íslands frá 2000 er +24,9% á móti +19,2% í ESB, 16. sæti af 28, og á síðustu tíu árum, 2015–2025, er hann +5,0% — undir 5,1% meðaltali ESB og í 19. sæti af 28 (Eurostat). Fullyrðing glærunnar um að Íslendingar vinni fremur lítið og fullyrðingin um hraðan framleiðnivöxt eru því sama staðreyndin talin tvisvar: styttri vinnutími er í senn „vinna lítið“-athugunin og vélræni drifkrafturinn í vinnustundarröðinni. Merkingarnar „+12%“ og „+7%“ á glærunni reynast auk þess vera vöxtur undirtímabilsins 2015–2025, sem er hvergi tilgreint á glæru með grunnárið 2000 — sama ótilgreinda gluggaval og á glærunni um heildarþáttaframleiðni hér á eftir.

Framleiðnistigið er sterkara en vaxtaröðunin. Landsframleiðsla á unna stund á jafnvirðisgengi er 123,4 þegar ESB er 100: 7. sæti, nánast jafnfætis Þýskalandi (123,6), en undir Hollandi (125,3), Belgíu (133,7) og Danmörku (138,0) (Eurostat). Árið 2024 féll framleiðni á unna stund um 2,3%, en sú tala var endurskoðuð úr –0,6% (Seðlabanki Íslands 2025). Nákvæm endurgerð glærunnar um heildarþáttaframleiðni úr vigurferlum upprunalega PDF-skjalsins gefur fyrir Ísland 94,13 árið 2012 og 125,75 árið 2022, eða +33,6%, sem skýrir námundunina „+34%“; merkingin nær því frá 2012 til 2022, ekki frá grunnárinu 2010. Eina nálæga Eurostat-röðin fyrir ESB, tilraunaröð um óleiðréttu heildarþáttaframleiðni („crude MFP“), gefur um 9% vöxt 2012–2022 en línán á glæru Áfram Íslands um 11,9%. Engin birt samsvarandi röð fannst fyrir Ísland eða skilgreindan norrænan heildarhóp. Líklegast er því um eigin afgangsutreikning að ræða, en forsendur hans eru ekki tilgreindar.

Lengra verður komist en að segja að línán sé óendurgeranleg. Í fyrsta lagi eru gluggarnir ójafnir:

⁷Fækkunin sjálf er ekki hafin yfir mælivafa: um 3 prósentustig hennar koma aðeins fram í módelreiknaðri vinnustundaröð þjóðhagsreikninga og eiga sér ekki stoð í neinni könnun eða launarannsókn. Röð sem tekur miðgildi árlegra breytinga fjögurra opinberra mælikvarða gefur fækkun um 14,9% 2000–2025 í stað 17,8%, og +52% framleiðnivöxtur á vinnustund frá 2000 yrði þá um +47%. Fækkunin frá 2019, um 4%, samsvarar hins vegar nær alveg umsaminni styttingu vinnuvikunnar. Sjá Viðauka A.

línur ESB og Norðurlandanna ná til 2022 en íslenska línin til 2024, og hennar eigin gildi *lækka* árin 2023 og 2024 á meðan +34%-merkingin stöðvast á toppnum 2022. Frá uppgefna grunnárinu 2010 er hækkun línunnar sjálfrar +25,7% til 2022; að hefja mælinguna 2012, rétt eftir lögð línunnar 2011, bætir um átta prósentustigum við fyrirsagnartöluna, og hvorugt er tilgreint á glærunni. Í öðru lagi er línin reikningslega ómöguleg: heildarþáttaframleiðni er afgangsstærð sem vöxtur framleiðslu, fjármagns og vinnuafis setur skorður, og níu af fjórtán árbreytingum íslensku línunnar liggja utan þeirra marka fyrir hvaða fjármagnshlutdeild sem er á opinberum íslenskum gögnum — til dæmis sýnir línin 9,6% hrun árið 2011 þegar mögulegt bil er −0,4% til +2,9%. Slík frávik verða ekki skýrð með annarri aðferðafræði; þau samrýmast helst villu í gagnavinnslu. Í þriðja lagi gefur endurgerð með viðurkenndum aðferðum á opinberum gögnum, yfir 800 samsetningar forsendna um framleiðslu, fjármagn, vinnuafli og hlutdeildir, vöxt íslenskrar heildarþáttaframleiðni upp á +11 til +16% 2012–2022: meiri en í ESB (+8 til +9%) og langt umfram Norðurlöndin, en þriðjung til helming þess sem glæran sýnir. Sé loks mælt frá 2007, síðasta heila árinu fyrir hrun, í stað botnsins 2010, er vöxturinn á Íslandi +9 til +15% á móti +8 til +11% í ESB: munur sem er innan skekkjumarka forsendnanna.

Framleiðnistig án auðlindagreina. Til að kanna hvort hátt framleiðnistig Íslands sé bundið við fáar auðlindaþrekar greinar var vergri virðisaukningu og unnum vinnustundum í fiskveiðum og fiskeldi (A03), rafmagns-, gas- og hitaveitum (D) og framleiðslu málma í frumvinnslu (C24) sleppt úr bæði teljara og nefnara, fyrir Ísland og öll ESB-ríki með nothæfa sundurliðun (Eurostat `nama_10_a64` og `nama_10_a64_e`, virðisaukning B1G í PPS á unna stund; aðalár 2023, nýjasta árið með heilum gögnum; átta ríki birta ekki sundurliðun vinnustunda fyrir þessar greinar og eru undanskilin, ekki núllstillt, svo samanburðurinn nær til 20 ríkja af 28 og er haldið föstum). Greinarnar þrjár skýrðu 10,3% af vergri virðisaukningu Íslands árið 2023 en aðeins 4,8% af vinnustundum; framleiðni innan þeirra var um 4,5-föld kjarnaframleiðnin í orkugeiranum, 2,6-föld í málmmframleiðslu og 1,4-föld í fiskveiðum. Án greinanna lækkar framleiðni Íslands úr 54,6 í 51,4 PPS á klukkustund, um 6,2%, sem er mesta lækkun í hópnum og yfir 1,9% miðgildi vestrænu ríkjanna; af lækkuninni skýrir orkugeirinn 56%, málmmframleiðsla 30% og fiskveiðar 14%. Sætið haggast samt ekki: Ísland er í 4. sæti af 20 bæði með og án greinanna, röðunin hreyfist í mesta lagi um eitt sæti hvert ár 2019–2023, og kjarnaframleiðnin er 14,6% yfir miðgildi vestrænu samanburðarríkjanna. Munurinn liggur ekki síst í því að íslenskar fiskveiðar og málmmframleiðsla eru sjálfar 2,6- til 2,8-falt framleiðnimeiri en sömu greinar í vestrænu ríkjunum, í samræmi við mat OECD (2025) á framleiðni auðlindagreina. Frosin gögn, kóði og minnisblað eru í `lokagerdgogn/framleidni_kjarna`.

Vinnustundir má einnig mæla á fleiri en einn hátt. Fullyrðingin um að Íslendingar vinni fremur lítið styðst við vinnustundaröð þjóðhagsreikninga, en vinnumarkaðskönnunin sýnir að venjuleg vinnuvika er 39,1 stund á Íslandi á móti 37,3 í ESB (Eurostat). Sundurliðunin skýrir hvers vegna bæði framleiðni og atvinnustig skipta máli fyrir landsframleiðslu á mann:

$$\frac{\text{VLF}}{\text{íbúar}} = \underbrace{\frac{\text{VLF}}{\text{vinnustund}}}_{\text{framleiðni}} \times \underbrace{\frac{\text{vinnustundir}}{\text{starfandi}}}_{\text{vinnutími}} \times \underbrace{\frac{\text{starfandi}}{\text{íbúar}}}_{\text{atvinnustig}}.$$

Allir þrír þættirnir hafa áhrif. Framleiðsla á stund er yfir meðaltali ESB og mjög hátt hlutfall íbúa vinnur; hið síðarnefnda er sjálfstæður styrkleiki íslensks vinnumarkaðar. Óvissa um vinnustundamælingar kallar hins vegar á varfærni þegar nákvæm framleiðniröðun er túlkuð. Greiningin tekur sjálf fram að íslensku framleiðnitölurnar séu bráðabirgðatölur sem hafi gjarnan breyst mikið.

Niðurstaða: Framleiðni á unna stund óx hraðar á Íslandi en meðaltöl ESB og Norðurlanda, en vöxturinn er í 14. sæti þegar öll ríkin eru sýnd, og mældur á hvern starfandi var hann undir meðaltali ESB síðustu tíu ár (19. sæti af 28). Framleiðnistigið er hátt, 123,4 á móti 100 í ESB, í 7. sæti, og það helst hátt þótt fiskveiðum, orku og málmmframleiðslu sé sleppt: 4. sæti

af 20 samanburðarhæfum ríkjum bæði með og án greinanna. Sérstöku 34%-fullyrðinguna um heildarþáttaframleiðni er ekki hægt að endurgera úr heimildunum sem fylgja henni, níu af fjórtán árbreytingum birtu línunnar eru reikningslega ómögulegar fyrir stærð af þessu tagi á opinberum íslenskum gögnum, og endurgeranlegt mat gefur +11 til +16% — þriðjung til helming birtu tölunnar.

9 Samkeppnishæfni: heildarröðun og fjórir meginþættir IMD

Framsetning greiningarinnar. Greining Áfram Íslands segir að samkeppnishæfni sé almennt meiri á Íslandi en í ríkjum ESB og hafi aukist hér á meðan hún hafi almennt dalað þar. Hún sýnir heildarsæti Íslands, 15. sæti af 69, á einni glæru; á þeirri næstu eru sýndir þrír meginþættir af fjórum, skilvirkni hins opinbera, skilvirkni atvinnulífs og innviðir, og í neðanmálgrein er upplýst berum orðum að efnahagsleg frammistaða sé ekki tekin með. Gagnrýnin hér beinist því að vali á þáttum og of viðtækum rökstuðningi fyrir valinu; hún beinist hvorki að því að heildarsætinu sé leynt né að því að Ísland sé almennt ósamkeppnishæft.

Vægi þátta. Úttekt IMD byggist á fjórum meginþáttum og undir hverjum þeirra liggja fimm undirþættir; hver hinna 20 undirþátta vegur 5% í heildarmatinu. Hver meginþáttur stendur því óbeint fyrir fjórðung matsins.⁸

Stærðarbjögunarúttekt. Fyrirvari greiningarinnar er að slök staða Íslands í efnahagslegri frammistöðu skýrist nær alfarið af mælikvörðum sem bjagist af stærð ríkja. Til að meta fyrirvarann voru öll 46 röðuð viðmið meginþáttarins flokkuð: 11 mæla algildar stærðir, 20 eru hlutfalls- eða mannfjöldaleiðrétt, 7 eru vaxtarhraðar, 6 varða verðlag eða kostnað og 2 eru könnunarviðmið. Algildu stærðirnar safnast einkum í undirþáttinn um alþjóðlega fjárfestingu og að hluta í alþjóðaviðskipti, og tvö hlutföll um samþjöppun útflutnings geta að auki mótast af smæð. Fyrirvarinn á því við um hluta þáttarins. „Nær alfarið“ er hins vegar of viðtækt: Ísland er í 59. sæti í verðlagsundirþættinum, sem byggist á verðbólgu og kostnaðarstigi en ekki stærð hagkerfis, og meðal einstakra birtra viðmiða í 57. sæti í raunhagvexti, 55. sæti í viðskiptajöfnuði og 61. sæti í verðbólgu. Sterku niðurstöðurnar standa á móti: 8. sæti í atvinnuundirþættinum, 11. sæti í landsframleiðslu á mann á jafnvirðisgengi og 18. sæti í innstreymi beinnar erlendrar fjárfestingar sem hlutfalli af landsframleiðslu. Ekkert nýtt heildarmat eða önnur röðun er reiknuð hér, enda birtir bókin ekki full gögn eftir viðmiðum fyrir öll ríki.

Þrjú atriði til viðbótar veikja fyrirvarann eins og hann er orðaður. Örríkin í úrtakinu standa mun betur: Lúxemborg er í 35. sæti og Kýpur í 36. sæti í efnahagslegri frammistöðu, 16–17 sætum ofar en Ísland, svo smæðin ein ber ekki 52. sætið. Heimildin sem glæran vísar sjálf til, Viðskiptaráð Íslands, hefur aldrei rakið slaka stöðu Íslands í þættinum til mælingarbjögunar: í greiningu ráðsins frá 2022 segir beinlínis að smæðin hafi töluverð áhrif *en* að teknu tilliti til landsframleiðslu raðist Ísland eigi að síður í botnsætin í erlendri fjárfestingu, og í umfjöllun þess um úttektina 2025 er stærðarbjögun hvergi nefnd (Viðskiptaráð Íslands 2022; 2025). Og IMD kynnir sjálft niðurstöður sínar með gagnstæðum formerkjum: að smáríki raði sér efst sýni að samkeppnishæfni sé ekki spurning um stærð.⁹ Fyrirvarinn á sér því efnislega stoð að hluta — efnahagsleg frammistaða er mælanlega sá meginþáttur matsins sem hallast mest að stórum ríkjum — en fullyrðingin „nær alfarið“ á sér hvorki stoð í gögnum þáttarins, hjá heimild glærunnar né hjá IMD.

Breytingar á sætum. Breytingar á sætum milli ára eru afstæðar gagnvart öllum 69 hagkerfunum: lækkun meðalsætis ESB-ríkja sannar ekki ein og sér að samkeppnishæfni þeirra hafi

⁸IMD segir ekki „25%“ orðrétt. Hlutfallið er leitt af birtri aðferðarlýsingu: hver af 20 undirþáttum vegur 5% og fimm undirþættir mynda hvern meginþátt.

⁹„The top 10 is dominated by smaller economies — a reflection that economic competitiveness is not a question of size“ (IMD, fréttatilkynning með úttektinni 2024).

versnað í algildum skilningi; til þess þyrfti breytingar á stigum eða annan algildan mælikvarða. Á breytingamynd greiningarinnar eru breytingar á sætum milli 2021 og 2025 jafnframt merktar með fyrirsögninni „- %“, þróun“, þótt tölurnar séu breytingar á raðsætum en ekki prósentur; það er aukaatriði um merkingar.

Niðurstaða: Ísland er í sterku 15. sæti í heildarröðun IMD og fimm ESB-ríki eru ofar. Fyrirvari Áfram Íslands um áhrif smæðar á hluta efnahagslegu frammistöðunnar hefur nokkurt gildi, einkum í alþjóðlegri fjárfestingu og að hluta í viðskiptum. Hann skýrir hins vegar ekki verðlagsundirþáttinn, raunhagvöxt eða viðskiptajöfnuð. Framsetning þriggja hagstæðari meginþátta af fjórum styður því ekki almenna ályktun um að Ísland standi í sérflokkum ofan við ríki ESB.

Viðbótarathugasemd um gengisflökt

Útreikningur greiningar Áfram Íslands fyrir tímabilið 2014–2026 verður endurgerður og sýnir rétt að krónan var stöðugri á því tímabili en kringum fjármálahrundið. Tímabilið nær þó að hluta yfir fjármagnshöft og sleppir stærstu gengishreyfingunum. Á mælikvarða glærunnar sjálfrar sveiflast krónan jafnframt meira en evran gagnvart Bandaríkjadal, 9,2% á móti 7,4%. Niðurstaðan er því rétt um valinn glugga en ekki almenn lýsing á stöðugleika krónunnar.

10 Kaupmáttur launa: upphafsár, verðvísitala og mælieining

Fullyrðing greiningarinnar. Kaupmáttur launa á Íslandi jókst um 68% frá 2013 til 2025 en um 8% í ESB, og það gildir „sama á hvaða mælikvarða er litið“.

Endurgerð. Mælikvarði greiningarinnar er launavísitala Eurostat (launaliður D11 í launakostnaðarvísitölunni `lc_lci_r2_q`, atvinnugreinar B–S, árstíða- og dagaleiðrétt) deilt með samræmdri vísitölu neysluverðs, með 1. ársfjórðung 2013 sem grunn. Á þeim mælikvarða endurgerist birta talan: +67% fyrir Ísland með ársfjórðungsmeðaltali verðlags og +68% sé verðlag tekið í lok ársfjórðungs, á móti +8% í ESB og +6% á Norðurlöndunum innan ESB, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi, vegnum með fjölda launþega (mynd 11). Talan er því ekki röng. Spurningin er hvað hún mælir.

Hvað mælir kaupmáttur launa? Kaupmáttur er hlutfall launa og verðlags, $K = W/P$. Útkoman veltur á þrennu: hvaða launastærð er í teljaranum, hvaða verðvísitala er í nefnaranum og frá hvaða tíma er mælt. Mælikvarði greiningarinnar velur launakostnað á vinnustund, verðvísitölu sem sleppir húsnæðiskostnaði eigenda og upphafsár nálægt botni eftirhrunsáranna. Öll þrjú völin halla samanburðinum í sömu átt.

Upphafsaárið (samanburðartími). Árið 2013 var Ísland enn að vinna upp kaupmáttartapið eftir fjármálahrundið 2008, sem felldi kaupmátt hér mun meira en í nágrannalöndunum (rauði hringurinn á mynd 12). Vöxtur frá slíkum upphafspunkti mælir að verulegu leyti viðspyrnu upp í fyrra horf, ekki varanlegt forskot; sama fyrirvara þarf við hagvaxtarsamanburð samleitniríkjanna í kafla 3. Sé miðað við 2007, síðasta heila árið fyrir hrun, snýst röðin við; sé miðað við aldamótin, fyrsta árið sem sambærileg gögn ná til allra raðanna, liggur Ísland milli ESB og Norðurlandanna innan ESB.

Verðvísitalan (heiti stærðar). Samræmda vísitalan (SVN/HICP) mælir aðeins peningaleg neysluútgjöld og undanskilur húsnæðisþjónustu þeirra sem búa í eigin húsnæði. Sá liður, reiknuð húsaleiga, nam 15,6% af allri einkaneyslu á Íslandi árið 2025 samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar og hefur verið 14–16% undanfarin ár. Brottfellingin skiptir litlu þar sem húsnæðisverð fylgir öðru verðlagi, en miklu þar sem það hækkar langt umfram annað: raunverð húsnæðis hækkaði um 131% á Íslandi 2013–2025, á móti 18% á Norðurlöndunum innan ESB og 25% í ESB. Verðvísitala einkaneyslu í þjóðhagsreikningum telur liðinn með, er reiknuð eftir samræmdum ESA-skilgreiningum í öllum löndunum og á sér bandaríska hliðstæðu í PCE-vísitölunni,

verðbólga mælikvarða bandaríska seðlabankans.¹⁰ Stærð sem sleppir svo stórum útgjaldalið á tímabili fordæmalausra húsnæðisverðshækkana er kynnt sem kaupmáttur; það er sams konar heitisvandi og þegar verðlagsvísi deilt með tekjum er kynnt sem verðlag í kafla 4.

Mælieiningin (nefnari). Laun á vinnustund og árslaun á hvern launþega tengjast með einfaldri sundurliðun:

$$\underbrace{\frac{W}{H}}_{\text{laun á stund}} = \frac{W/L}{H/L} = \underbrace{\frac{W}{L}}_{\text{árslaun á launþega}} \bigg/ \underbrace{\frac{H}{L}}_{\text{stundir á launþega}},$$

þar sem W er launasumman, H heildarvinnustundir og L fjöldi launþega. Tímakaupið hækkar því hvenær sem mældum stundum á launþega fækkar, jafnvel þótt launaumslagið, W/L , standi í stað. Mældum vinnustundum á hvern launþega á Íslandi hefur fækkað 2,3 til 6,9 sinnum hraðar en á Norðurlöndunum innan ESB frá 2018, eftir viðmiðunarlandi. Hluti þeirrar fækkunar er raunveruleg kjarabót, eins og hin umsamda stytting vinnuvikunnar, en hún tilheyrir öðrum dálki bókhaldsins en kaupmáttur launa; annar hluti kann að vera mæliskekkja, og íslenska launaröðin er merkt til bráðabirgða hjá Eurostat allt frá 2008. Árslaun á hvern launþega samkvæmt þjóðhagsreikningum (D11 deilt með launþegatölu sömu reikninga) mæla það sem endar í launaumslaginu og eru ónæm fyrir hvoru tveggja.

Sambærilegi samanburðurinn. Þegar öll þrjú völin eru færð í hefðbundnara horf, árslaun á hvern launþega, verðvísitala einkaneyslu með húsnæði og grunnárið 2007, er niðurstaðan: Ísland +3%, ESB +15% og Norðurlönd í ESB +12% (mynd 12). Val upphafsársins 2013 og val verðvísitölu án húsnæðis skýra hvort um sig rúman þriðjung munarins á 68% og 3%. Frá grunnárinu 2000 er sama röð +24%, +19% og +27%; mælikvarði greiningarinnar framlengdur til aldamóta sýnir hins vegar +98%. Niðurstaðan er ónæm fyrir vali innlendu vísitölunnar: íslenska vísitala neysluverðs, sem telur eigið húsnæði með, gæfi Íslandi +6% frá 2007 og +26% frá 2000. Árleg nálgun þjóðhagsreikninga á mælikvarða greiningarinnar 2013–2025 gefur +63%; munurinn á henni og birtu tölunni liggur í tíðni og launaröð, ekki í meginniðurstöðunni. Öll gögn, kröfuskra og forrit sem endurgera hverja tölu og hverja mynd eru birt opinberlega (Eggertsson 2026b; 2026c).

Röðunartaflan og 20 ára glugginn. Glæra 16 raðar 30 ríkjum eftir kaupmáttarvexti á mælikvarða greiningarinnar; þar er Ísland í 4. sæti af 30 yfir tíu ár. Á leiðrétta mælikvarðanum, árslaunum á hvern launþega og verðvísitölu einkaneyslu með húsnæði, fellur Ísland í 15. sæti af 30 yfir tíu ár og 22. sæti yfir tuttugu, undir meðaltal ESB (0,6% á móti 0,7% á ári 2005–2025). Tuttugu ára súlur glærunnar eru að auki rangt reiknaðar: nítján ára gluggi, 2006–2025, er settur fram sem árlegur vöxtur yfir tuttugu ár, sem vanmetur tuttugu ára vöxt allra ríkjanna. Rétt reiknuð á eigin mælikvarða glærunnar er íslenska talan 2,25% á ári, ekki birtu 1,87%. Sú villa hallar gegn Íslandi og breytir engri röð, en hún sýnir að tuttugu ára tölur glærunnar voru ekki yfirfarnar.

Til að gæta fyllstu nákvæmni í hina áttina: frá 2013 heldur Ísland efsta sæti sínu gagnvart ESB og Norðurlöndunum á öllum þeim mælikvörðum sem prófaðir voru. Varfærnasta verjanlega samsetningin, árslaun á hvern launþega og verðvísitala með húsnæði, gefur +25% á Íslandi 2013–2025 á móti +11% í ESB. Kaupmáttarvöxtur frá 2013 var því raunverulega mestur á Íslandi. Það sem forsendurnar þrjár búa til er stærðargráðan, 68 á móti 8 í stað 25 á móti 11, og fullyrðingin um að niðurstaðan sé söm „sama á hvaða mælikvarða er litið“, sem fellur um leið og upphafsárinu er breytt.

¹⁰Þessi gagnrýni smitast ekki yfir á jafnvirðisgengissamanburði greinarinnar: jafnvirðisgengisáætlun Eurostat og OECD verðmælir bæði greidda og reiknaða húsaleigu árlega, og húsnæðisliður Íslands mælist þar sá fjórði dýrasti af 28 ríkjum (vísitala 164 þegar ESB er 100), þrátt fyrir ódýrasta rafmagn og hita álfunnar innan sama liðar.

Niðurstaða: Talan 68% endurgerist úr frumgögnum Eurostat en hvíli á þremur forsendum sem allar halla í sömu átt: upphafsári nálægt botni eftirhrunsáranna, verðvísitölu sem sleppir húsnæðiskostnaði eigenda og launum á vinnustund í stað árslauna á launþega. Með árslaunum á hvern launþega, verðvísitölu einkaneyslu með húsnæði og grunnárinu 2007 er kaupmáttaraukningin 3% á Íslandi á móti 15% í ESB og 12% á Norðurlöndunum innan ESB; frá aldamótum er hún 24% á móti 19% og 27%. Fullyrðingin „sama á hvaða mælikvarða er litið“ stenst því ekki.


Ráðstöfunartekjur heimila: sama grunnárssaga (glæra 18)

Glæra 18 færir sömu frásögn yfir á ráðstöfunartekjur: „Kaupmáttur ráðstöfunartekna skv. þjóðhagsreikningum segir sömu sögu: Hraðari vöxtur á Íslandi“, með vísitölu frá 2003 og birtum vexti +40% fyrir Ísland, +32% fyrir Norðurlöndin og +26% fyrir ESB. Gagnaröðin er raunveruleg og vel valin: tilbúin raunvirdisröð Eurostat um leiðréttar vegar ráðstöfunartekjur heimila á mann, en innbyggður verðvísir hennar telur húsnæðiskostnað með. Framsetningin stenst hins vegar ekki skoðun í fjórum atriðum.

Í fyrsta lagi eru gögnin hliðruð um eitt ár: talan sem birt er yfir ári t er gildi Eurostat fyrir árið $t - 1$, og grunnárið er því í reynd 2002, ekki 2003. Undir þeirri hliðrun fellur stafræn endurgerð línanna að gögnum Eurostat með mestu fráviki upp á 0,05 vísitölustig í öllum 23 punktum; undir dagsetningum glærunnar vikur íslenska línán um allt að 21 stig. Raunverulegar tekjur á Íslandi lækkuðu árið 2002, svo hliðrunin blæs íslenska ferilinn upp: rétt dagsett er vöxtur Íslands +36% 2003–2024, ekki +40%. Í öðru lagi segir neðanmálsgrein glærunnar að 2025 sé „áætlað með vergum ráðstöfunartekjum heimila skv. Hagstofunni“, en engin slík skeyting er í myndinni: birti endapunkturinn er gildi Eurostat fyrir árið 2024 upp á 0,05 stig. Í þriðja lagi endar norræna línán þegjandi á gagnaárinu 2022, þar sem gögn Noregs þrjóta, svo gluggi hennar er þremur árum styttri en Íslands. Í fjórða lagi segir undirtitillinn „vergra“ ráðstöfunartekna en gögnin eru leiðréttar ráðstöfunartekjur (B7G, með tilfærslum í fríðu). Hugtakið sem undirtitillinn nefnir hefði raunar gefið Íslandi +53% til 2025 á mælikvarða Hagstofunnar, hærri tölu en glæran birti, og greiningin fór ekki heldur húsnæðislausu leiðina hér, sem hefði sýnt +72%. Hagræðing þessarar glæru liggur í ártölunum og glugganum, ekki í verðvísinum.

Grunnárið ber söguna hér eins og í launasamanburðinum. Árið 2003 stendur við upphaf útlánabólunnar; frá 2007, síðasta heila árinu fyrir hrun, snýst röðin við: Ísland +10% (til 2024), Norðurlöndin innan ESB +17% og ESB +18% (til 2025) — Ísland neðst af þremur (mynd 20). Og á hvern launþega, mælieiningunni sem launaglæsur greiningarinnar sjálfrar nota, hverfur forskotið frá 2003 alfarið: Ísland +27%, Norðurlöndin innan ESB +27% og ESB +9%, því launþegum á Íslandi fjölgaði um 53% á tímabilinu en íbúum um 34%. Fullyrðingin „hraðari vöxtur á Íslandi“ er því hvorki almenn né óháð mælikvarða; hún er niðurstaða grunnárs sem liggur réttum megin við hrúnið.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimila á mann: sömu gögn, tvö grunnár



Mynd 20: Kaupmáttur leiðréttra vergra ráðstöfunartekna heimila og félagasamtaka sem þjóna heimilum, á mann — sama Eurostat-gagnaröð og á glæru 18, rétt dagsett, með tveimur grunnárum. Vinstri: grunnár glærunnar, 2003; rétt dagsett er vöxtur Íslands +36% til 2024, en glæran birti +40%, sem hvílir á hliðrun gagnanna um eitt ár og grunnári í reynd 2002. Hægri: grunnárið 2007, síðasta heila árið fyrir hrún; röðin snýst við og Ísland er neðst. Norðurlöndin innan ESB eru Danmörk, Svíþjóð og Finnland; norræna lína glærunnar taldi Noreg með og endaði þegjandi á árinu 2022, þar sem gögn hans þrjóta. Gögn Íslands ná til 2024 en ESB og Norðurlandanna til 2025. Heimild: Eurostat (nasa_10_ki, B7G_R_HAB_2010, geiri S14+S15); útreikningar höfundar.

11 Landsframleiðsla á mann: fjórða sætið í samhengi

Fullyrðing greiningarinnar. „Væri Ísland ESB ríki væri það með 4. mestu landsframleiðslu á mann“: um 52 þúsund evrur á jafnvirðisgengi (PPS) árið 2024.

Sundurliðun. Talan stenst: um 52.400 PPS, vísitala 131 (ESB=100), og 4. sæti á eftir Lúxemborg, Írlandi og Hollandi (Eurostat); um tölur þeirra tveggja síðastnefndu gildir fyrirvarinn í kafla 2. Það er mikilvægur styrkleiki. Landsframleiðsla á mann ræðst þó bæði af framleiðslu hvers starfandi og því hversu stór hluti íbúanna vinnur. Ísland er með hæsta hlutfall starfandi af íbúafjölda í samanburðinum. Ung aldurssamsetning og hátt hlutfall innflytjenda á vinnumarkaði eiga þátt í því; innflytjendur eru um fjórðungur starfandi en 18,2% íbúa (Vinnumálastofnun 2025; Hagstofa Íslands 2024). Samhengið er einföld sundurliðun:

$$\frac{\text{VLF}}{\text{íbúar}} = \frac{\text{VLF}}{\text{starfandi}} \times \frac{\text{starfandi}}{\text{íbúar}}.$$

4. sæti 7. sæti hæst í hópnum

Sé deilt með fjölda starfandi í stað höfðatölu er Ísland í 7. sæti og forskotið á meðaltal ESB +11% í stað +31% (mynd 16) (Eurostat). Millistig þessara tveggja mælikvarða fæst með því að deila með fjölda fólks á besta starfsaldri, þ.e. 25–54 ára. Bandarísk vinnumarkaðstölfræði kennir þetta aldursbil við *prime age*, og þar er það hefðbundið viðmið í umræðu um atvinnuþátttöku. Sá mælikvarði hreinsar aldurssamsetninguna úr samanburðinum en heldur atvinnustiginu inni: 25–54 ára eru 42,1% íbúa á Íslandi en 39,1% í ESB, einmitt vegna þess að aðflutt vinnuafli er nær allt á þessum aldri. Á þeim mælikvarða er Ísland í 5. sæti, +21% yfir meðaltali ESB (Eurostat). Prepin þrjú (+31%, +21%, +11%) sundurliða því fjórða sætið: um þriðjung forskotsins á höfðatölu má

rekja til aldurssamsetningar og afganginn til þess hve hátt hlutfall íbúa vinnur, meðal annars í hópi ungs og eldra fólks. Hátt atvinnustig er ekki skekkja sem á að reikna burt; það er ein af ástæðum góðrar stöðu Íslands. Sundurliðunin sýnir aðeins að fjórða sætið endurspeglar tvo styrkleika, ekki framleiðni eina. Á mælikvarða Eurostat á raunverulega einstaklingsneyslu (AIC á mann), sem liggur nær efnislegum lífskjörum heimila, er Ísland 16% yfir meðaltali ESB (Eurostat).

Stenst fjórða sætið aðrar heimildir og aðra mælikvarða? Að mestu, með einni undantekningu sem er lærdómsrík. Eurostat, OECD og Alþjóðabankinn gefa öll sömu niðurstöðu, vísitöluna 131 (131,0; 131,2; 131,0) og 4. sæti af 28, enda hvíla allar þrjár heimildirnar á sömu árlegu verðkönnun Eurostat og OECD. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (WEO, apríl 2026), heimildin sem oftast er vitnað í í fjölmiðlum, gefur hins vegar 125,5 og 5. sæti, á eftir Danmörku. Munurinn liggur ekki í landsframleiðslunni sjálfri, sem er nákvæmlega hin sama í báðum heimildum, heldur í jafnvirðisgenginu: sjóðurinn mælir ekki evrópskt verðlag árlega heldur framreiknar verðkönnunina frá 2021 með hlutfallslegum verðvísitölum landsframleiðslu. Fyrir Ísland, þar sem verðvísitala landsframleiðslunnar er hlaðin útflutningsverði fisks, áls og ferðaþjónustu, hækkaði framreiknaða jafnvirðisgengið um 7,0% 2021–2024 á meðan mælda verðlagið hækkaði um 2,1%; sjóðurinn bókar Ísland því um 4% dýrara, og að sama skapi „fátækara“, en mælingin sýnir. Fyrir samanburð innan Evrópu er árlega mælingin traustari kvarðinn. Á vergum þjóðartekjum á mann, sem leiðrétta fyrir bókhaldi alþjóðafyrirtækja, er Ísland í 5. sæti af 27: Írland (166) og Lúxemborg (160) sitja áfram ofar þrátt fyrir mikla lækkun, og Danmörk og Holland færast upp fyrir Ísland (fyrirvarinn í kafla 2; Búlgaríu vantar í geirareikninga ársins 2024). Afskriftatilgáta breytir engu: eyðsla fastafjár var 17,2% af landsframleiðslu Íslands árið 2024, undir 18,2% í ESB, og á hreinum þjóðartekjum á mann er Ísland einnig í 5. sæti. Niðurstaðan er því 4.–5. sæti eftir heimild og hugtaki, alls staðar vel yfir meðaltali ESB — og hvergi sérflokkur.

Niðurstaða: 4. sæti Íslands í landsframleiðslu á mann er rétt og sýnir sterka stöðu. Myndin verður skýrari með tveimur viðbótartölum: Ísland er í 7. sæti í framleiðslu á hvern starfandi og raunveruleg einstaklingsneysla er 16% yfir meðaltali ESB. Mjög hátt atvinnustig er sjálfstæður og mikilvægur styrkleiki. Fjórða sætið stenst hjá Eurostat, OECD og Alþjóðabankanum en verður 5. sæti hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og á vergum þjóðartekjum; leiðréttingin fyrir bókhaldi alþjóðafyrirtækja, sem greiningin ýjar sjálf að, færir Ísland neðar en ekki ofar.

12 Atvinnuleysi: ársmeðaltal og nýjasta staða

Fullyrðing greiningarinnar. Atvinnuleysi 4,3% á móti 6,0% í ESB árið 2025.

Tvær tímasetningar. Fullyrðingin um ársmeðaltal 2025 er rétt. Eftirfarandi er uppfærsla með nýrri mánaðartölum, ekki leiðrétting á þeirri ársniðurstöðu. Talan 4,3% er frá Hagstofu Íslands; á samræmdum mælikvarða Eurostat var atvinnuleysið 4,5% á Íslandi og 6,0% í ESB árið 2025 (Eurostat). Þetta er ekki eins árs undantekning frá lengri þróun: fimm ára meðaltalið 2021–2025 var 4,3% á Íslandi á móti 6,3% í ESB og meðaltal áranna 2016–2025 var 3,9% á móti 7,0% (mynd 17 í fyrri hluta; Eurostat). Miðað við tíu ára meðaltalið er Ísland með fimmta lægsta atvinnuleysið af 28; fjögur ESB-ríki (Tékkland, Þýskaland, Pólland og Malta) voru með enn lægra atvinnuleysi. Lágt atvinnuleysi og hátt atvinnustig eru því skýrir styrkleikar íslensks vinnumarkaðar, þótt Ísland sé ekki eitt um þá stöðu.

Nýrri mánaðartölur sýna hins vegar að bilið hafði nær lokast þegar greiningin kom út. Nýjasta samræmda tala Eurostat fyrir Ísland var 5,8% í apríl 2026, á móti 5,9% í ESB í maí. Ísland var þá í 15. sæti af 28, raðað frá lægsta atvinnuleysi, hvort sem nýjasti mánuður hvers ríkis er notaður eða öll ríkin borin saman í apríl (mynd 18) (Eurostat). Skráð atvinnuleysi Vinnumálastofnunar í maí 2026 var 4,2%, upp úr 3,7% ári fyrr (Vinnumálastofnun 2026), og starfandi fækkaði milli ára á fjórða ársfjórðungi 2025 (Hagstofa Íslands 2026b). Ársmeðaltal og nýjasta mánaðartala

eru bæði gild, en þau lýsa ekki sama tímapunkti.

Niðurstaða: Ársmeðaltalið 2025 styður fullyrðingu greiningarinnar: atvinnuleysi var lægra á Íslandi en í ESB, og langtímasamanburðurinn sýnir sama styrk. Nýjustu samræmdu tölurnar sem lágu fyrir við útgáfu sýna jafnframt að bilið hafði nær horfið. Rétt samantekt þarf að segja hvort tveggja.

13 Fátækt, skortur og jöfnuður: sterk staða, eldri gögn

Glærur greiningarinnar um skort á efnislegum og félagslegum gæðum, hættu á fátækt og jöfnuð (glærur 29 og 30) byggjast allar á gögnum frá árinu 2020 (Kontext ehf. 2026). Það er ekki val heldur nauðsyn: Ísland hefur ekki skilað lífskjararannsókninni (EU-SILC) til Eurostat síðan 2020, og Hagstofa Íslands frestaði eigin útgáfum um tekjudreifingu og lágtekjumörk 2023–2025 í júlí 2026. Þessa er hvergi getið á glærunum; lesandi hefur enga leið til að sjá að fátæktarmælingar greiningarinnar eru sex ára gamlar og frá því fyrir verðbólgu- og vaxtaskeiðið 2021–2024 sem aðrar glærur hennar fjalla um.

Efnislega stendur meginniðurstaðan: staða Íslands á þessum mælikvörðum er meðal þeirra bestu í Evrópu. Á jöfnuði, sem fyrirsögn glæru 29 nefnir án þess að sýna jafnaðarmælikvarða, er staðan raunverulega sterk: Gini-stuðull jafngildra ráðstöfunartekna var 24,0 árið 2020, sá þriðji lægsti af 28 (meðaltal ESB 30,0), fimmtungahlutfallið S80/S20 það fjórða lægsta og röðun OECD sú sama; ekkert norrænt ESB-ríki mældist jafnara (Eurostat). Um eignajöfnuð eru hins vegar engin samanburðarhæf gögn til sem ná til Íslands, og glæran fullyrðir réttilega ekkert um hann.

Tvennt stenst ekki nánari skoðun. Á glæru 29 er gildi Ungverjaland birt 70 þar sem gögn Eurostat sýna 76,4 (74,8 í eldri aðferðafræði); engin gagnaútgáfa styður birtu töluna. Og fyrirsagnartalan sjálf er háð gagnaútgáfu: í frystu töflunum sem greiningin notaði mælist hætta á fátækt eða félagslegri einangrun hvergi minni en á Íslandi árið 2020, en í endurskoðuðum töflum Eurostat í dag er Ísland í 2. sæti á eftir Tékklandi (11,7% á móti 11,5%). „Mælist minnst“ er því 0,2 prósentustiga fullyrðing á sex ára gömlum gögnum. Glæra 30 dregur loks fram þrjá hópa sem sagðir eru vekja athygli fyrir hlutfallslega slaka stöðu á Íslandi: háskólamenntaða, eigendur með húsnæðislán og leigjendur í niðurgreiddu húsnæði. Ekkert atriðanna þriggja ber þá ályktun. Hlutfall háskólamenntaðra í hættu á fátækt eða einangrun (9,2%) er tölfræðilega ógreinanlegt frá meðaltali ESB, og að „forskot“ menntunar sé lítið á Íslandi stafar af hinum endanum: lágmenntaðir standa hvergi betur (13,7% á móti 34,2% í ESB). Eigendur með húsnæðislán standa *betur* en í ESB (7,8% á móti 9,5%), öfugt við það sem glæran gefur til kynna. Og hlutfall leigjenda í niðurgreiddu húsnæði hvílir á um hundrað heimilum í úrtakinu; öryggisbil þess spannar meirihluta ESB-dreifingarinnar. Glæran beinir athyglinni að úrtakssuði.

Niðurstaða: Staða Íslands í fátæktar-, skorts- og jafnaðarmælingum er meðal þeirra bestu í Evrópu; á tekjujöfnuði er Ísland það þriðja jafnasta af 28. Gögnin eru hins vegar frá 2020, því Ísland hefur ekki skilað lífskjararannsókninni síðan, og það kemur hvergi fram á glærunum. Eitt gildi á glæru 29 (Ungverjaland) samsvarar engri gagnaútgáfu, fyrirsögnin „mælist minnst“ er orðin að 2. sæti í endurskoðuðum tölum, og hóparnir þrír sem glæra 30 segir vekja athygli reynast ýmist innan skekkjumarka, með öfugu formerki eða reistir á örfáum athugunum.

14 Verðvísar greiningarinnar: valið fylgir niðurstöðunni

Fram að þessu hefur hver samanburður verið metinn fyrir sig. Eitt mynstur sést hins vegar aðeins þegar glæurnar eru lesnar saman: hvaða verðvísir er valinn í hvert sinn sem tala er „leiðrétt fyrir verðlagi“. Allur alþjóðlegur samanburður raunstærða krefst slíks verðvísis, og valið er ekki smekksatriði. Eurostat reiknar sérstakt jafnvirðisgengi fyrir hverja hagstærð: landsframleiðsla er umreiknuð með jafnvirðisgengi landsframleiðslunnar, neysla heimila með jafnvirðisgengi

neyslunnar. Fyrir samanburð á efnislegum líf skjörum heimila mælir Eurostat sjálft með neyslu-mælikvörðunum, einkum raunverulegri einstaklingsneyslu (AIC) á mann umreiknaðri með eigin jafnvirðisgengi, en landsframleiðsla á mann er framleiðslumælikvarði (Eurostat 2026; Eurostat og OECD 2024). Að sama skapi er vöxtur kaupmáttar ekki mældur með sömu tölu eftir því hvort verðvísitalan telur húsnæðiskostnað með eða ekki. Í flokkunarkerfi greinarinnar fellur þetta undir **heiti stærðar**; það sem hér bætist við er að valið er kerfisbundið þegar glærurnar eru skoðaðar sem heild.

Í flestum löndum skipta þessi vísaskipti litlu. Á Íslandi munar meira á verðlagi framleiðslunnar og verðlagi neyslunnar en í nokkru öðru ríki samanburðarins. Verðlagsvísitala landsframleiðslunnar er 152,9 (ESB=100) en verðlagsvísitala einstaklingsbundinnar neyslu 172,7; hvor tveggja er sú hæsta af 28 (Eurostat). Ástæðan er samsetning íslensks hagkerfis: ódýrasta raforka Evrópu (vísitala 64,2) er fyrst og fremst framleiðsluafang stóriðju en ekki stór liður í neyslukörfu heimila, og fiskur, ál og ferðaþjónusta eru seld á heimsmarkaðsverði, sem heldur verðlagi framleiðslunnar niðri, á meðan matur, veitingar, þjónusta og húsnæði heimilanna eru þau dýrustu í álfunni. Hlutfallið 172,7/152,9 er 1,13: neyslustærð sem umreiknuð er á verðlagi landsframleiðslunnar er ofmetin um 13% miðað við það verðlag sem íslensk heimili standa í raun frammi fyrir. Þessi verðfleygur skýrir nánast allan mun fjórðasætistölunnar 131 og AIC-tölunnar 116 sem rakin var í kafla 11; magnþátturinn er hverfandi, því Íslendingar verja eðlilegum evrópskum hluta framleiðslunnar til neyslu. Hver eining kaupir einfaldlega minna.

Í hnotskurn: tvö verðlög — og valið á milli þeirra

Ísland er með tvenns konar verðlag: verðið á því sem landið *selur* — fiski, áli, raforku til stóriðju — og verðið á því sem heimilin *kaupa* — mat, húsnæði, þjónusta. Það síðarnefnda er það hæsta í Evrópu og 13% hærra en hið fyrra. Kaupmáttur mælist á kassakvittun heimilanna, ekki í verði útflutningsins: ódýr raforka til álvers hefur aldrei lækkað matarkörfu.

Í greiningu Áfram Íslands þurfti **fimm sinnum** að velja á milli verðmælikvarða þar sem valið breytti niðurstöðunni — á glærum 6, 16, 17, 20 og 26. **Í öll fimm skiptin** var valinn kvarðinn sem hækkaði stöðu Íslands eða studdi málflutninginn.

Í **eina skiptið** sem rétti kaupmáttarkvarðinn var lagður til grundvallar (glæra 19) — og sýndi Ísland um miðjan hóp — var niðurstaðan kynnt sem „ósamræmi í hagtolum“.

Valkostir um verðvísi: 5. Íslandi í hag: 5 af 5.

Einu sinni væri tilviljun. Fimm af fimm er mynstur.

Tafla 3 tekur saman allar glærur greiningarinnar þar sem verðleiðrétting kemur við sögu, verðvísinn sem notaður er, verðvísinn sem hæfir stærðinni og áhrif valsins á niðurstöðu Íslands.

Mynstrið í töflunni er einfalt. Þar sem verðlag neyslunnar myndi draga Ísland niður er notað verðlag landsframleiðslunnar: einkaneysluborðar glæru 6 eru umreiknaðir með jafnvirðisgengi landsframleiðslunnar, sem gefur „Nr. 2 í ESB“; með jafnvirðisgengi neyslunnar sjálfrar, sem er sá umreikningur sem Eurostat notar og mælir með fyrir neyslusamanburð, er Ísland í 4. sæti.¹¹ Sama glæra notar rétta vísinn fyrir landsframleiðslu-borðana — og þar er rétti vísirinn jafnframt sá hagstæðari. Þar sem full neysluverðvísitala myndi draga vöxtinn niður er notuð samræmda vísitalan án húsnæðiskostnaðar eigenda: kaupmáttartölur glæra 16–17, raktar í kafla 10, tvöfaldast nánast við það val eitt og sér. Og í eina skiptið sem rétti kaupmáttarvísirinn birtist í

¹¹Tvennt setur 4. sætinu sjálfu mörk, hvort í sína átt. Samkvæmt varúðarreglu Eurostat um jafnvirðisgengissamanburð eru fárra stiga munir ekki marktækir; tölfraðilega verjanleg fullyrðing er að Ísland sé í hópi 2.–6. sætis, á eftir Lúxemborg og vel yfir meðaltali ESB. Og á hverja neyslueiningu fremur en hvern íbúa, sem tekur tillit til þess að íslensk heimili eru stærri (2,5 einstaklingar á móti 2,3 í ESB), færast Ísland aftur í 2. sæti. Hvorugt kemur glærunni til varnar: hún notar hvorki neyslueiningar né skekkjumörk heldur jafnvirðisgengi landsframleiðslunnar á neyslustærð, og sá umreikningur er rangur óháð hvoru tveggja.

Glæra	Stærð	Verðvísir greiningarinnar	Verðvísir sem hæfir stærðinni	Áhrif á niðurstöðu Íslands
6	Landsframleiðsla á mann 2024 (PPS)	Jafnvirðisgengi landsframleiðslu	Hið sama — rétt val	4. sæti af 28, vísitala 131; stenst
6	Einkaneysla heimila á mann 2024 (PPS)	Jafnvirðisgengi <i>landsframleiðslu</i>	Eigið jafnvirðisgengi neyslunnar	„Nr. 2 í ESB“ (vísitala 122) verður 4. sæti (114–116)
16–17	Kaupmáttarvöxtur launa til 2025	Samræmd vísitala neysluverðs (SVN/HICP), án húsnæðiskostnaðar eigenda	Verðvísitala neyslu með húsnæði (VNV eða verðvísitala einkaneyslu)	+68% frá 2013 verður +41% með VNV; sjá kafla 10
18	Ráðstöfunartekjur heimila á mann frá 2003	Innbyggður verðvísir raunneyslu heimila, með húsnæði	Hið sama — rétt val	Verðvísir réttur; birt +40% hvílir þess í stað á árshliðrun gagnanna (rétt dagsett +36%) og norræna línán endar þegjandi 2022; sjá kafla 10
19	Laun á vinnustund 2025, „leiðrétt fyrir verðlagi“	Verðlagsvísitala einstaklingsbundinnar neyslu — rétti kaupmáttarvísirinn, notaður hvergi annars staðar	Hið sama — rétt val	8. sæti af 27, 4% yfir ESB; niðurstaðan kynnt sem „ósamræmi í hagtölum“
20	„Verðlag í hlutfalli við tekjur“	Verðlagsvísi einstaklingsbundinnar neyslu er deilt með tekjuhlutfalli	Verðlagsvísir án tekjudeilingar	„Ódýrt“ (72) í stað dýrast (161,7); sjá kafla 4
21	Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (lífskjararannsókn, PPS; merktar „á mann“ á glærunni)	Jafnvirðisgengi einkaneyslu heimila	Hið sama — rétt val	6. sæti í hópnum sem sýndur er; gögnin frá 2020
25–26	Launahækkanir og verðbólga	Neysluverðlag á glæru 25; á glæru 26 er skipt yfir í verðvísitölu landsframleiðslu	Fer eftir spurningunni; valið er rökstutt með viðskiptakjörum — gagnstætt forsendu glæra 16–17	Sama viðskiptakjarabreyting er talin kaupmáttarauki á glærum 16–17 en launadrifin verðbólga á glæru 26

Tafla 3: Verðvísar greiningar Áfram Íslands, glæra fyrir glæru. Fyrir hverja glæru þar sem verðleiðrétting kemur við sögu er sýnt hvaða verðvísir er notaður, hvaða verðvísir hæfir stærðinni samkvæmt leiðbeiningum Eurostat og hvaða áhrif valið hefur á mælda stöðu Íslands. Glætur 7 og 8 nota magnvísitölur á föstu verðlagi og fela ekki í sér val milli verðlags framleiðslu og neyslu; þær eru raktar í kafla 8. Heimildir: Eurostat; útreikningar höfundar; sjá Viðauka A.

greiningunni, á glæru 19, er niðurstaða hans ekki lögð til grundvallar heldur flokkuð sem frávik sem þarfnist skýringar.

Glæra 19: rétta talan afgreidd sem skekkja. Glæran ber yfirskriftina „Ákveðið ósamræmi í hagtölum“ og sýnir laun á vinnustund árið 2025 tvívegis: á markaðsgengi, þar sem Ísland er í 2. sæti, og „leiðrétt fyrir verðlagi“, þar sem birtar tölur Íslands og ESB eru jafnar, 26 á móti 26. Verðleiðrétting glærunnar endurgerist nákvæmlega: laun á vinnustund samkvæmt launakostnaðarkönnun Eurostat, deilt með verðlagsvísitölu einstaklingsbundinnar neyslu — einmitt vísinum sem glæra 6 sneiddi hjá. Nákvæm endurgerð gefur Ísland 27,2 á móti 26,2 fyrir ESB: 8. sæti af 27 ríkjum með tiltæk gögn, 4% yfir meðaltali.¹² Glæran kynnir þessa niðurstöðu sem undantekningu „á skjön við“ aðrar mælingar og nefnir sem hugsanlega skýringu „skekkju í verðlagsleiðréttingum eða ósamræmi í mælingum á fjölda vinnustunda“. Hvorugt þarf til. Talan er í fullu innbyrðis samræmi við hinar rétt verðleiðrétta stærðirnar: raunverulega einstaklingsneyslu

¹²Gögn vantar fyrir Belgíu árið 2025, eins og neðanmálgrein glærunnar getur um. Launaliðurinn er D11; sé heildarlaunakostnaður (D1) notaður í staðinn er Ísland *undir* meðaltali ESB (98,4), því launatengd gjöld eru lægra álag á Íslandi en að jafnaði í ESB.

á mann (116, 4. sæti), landsframleiðslu á vinnustund (123, 7. sæti) og einkaneyslu á mann (114, 4. sæti). Frávikið í þeirri fjölskyldu er landsframleiðsla á mann (131) — stærðin sem hvílir á verðlagi framleiðslunnar og fjölda vinnustunda — ekki launatalan. Glæran sýnir um leið að höfundum greiningarinnar er rétta verðleiðréttingin tiltæk: hún er reiknuð og birt í þetta eina sinn, og niðurstöðu hennar er hafnað.

Vinnustundaskýringin gengur ekki upp — og stangast á við glærur 6 og 7. Tilgátu glærunnar um vinnustundaskekkju má prófa með mælikvarða sem notar engar vinnustundir: árs-launum á hvern launþega, launasummu þjóðhagsreikninga deilt með fjölda launþega, leiðréttum með sama neysluverðlagi. Á þeim mælikvarða er Ísland á vísitölunni 98, tveimur prósentum undir meðaltali ESB og í 12. sæti af 28 árið 2024.¹³ Talan leiðir beint af tölum greiningarinnar sjálfrar: tekjur á mann eru háar af því að óvenju margir vinna og launahlutdeildin er há, en hver evra kaupir minnst í Evrópu. Framleiðslan segir sömu sögu: á verðlagi neyslunnar er landsframleiðsla á hvern starfandi um 97 þegar ESB er 100 — launin fylgja framleiðninni nákvæmlega þegar hvort tveggja er mælt á sama verðlagi, og ekkert launa-framleiðni-gap þarf að skýra. Vinnustundatilgátan vinnur auk þess gegn öðrum glærum greiningarinnar. Hátt framleiðnistig glæru 7, landsframleiðsla á vinnustund, er hátt einmitt vegna þess að mældar vinnustundir á hvern starfandi eru fáar á Íslandi, 1.447 á móti 1.610 í ESB; fjórðasætistalan sundurliðast sem framleiðni á stund (122) sinnum stundir á starfandi (0,90) sinnum starfandi á íbúa (1,18).¹⁴ Væru vinnustundir vanmældar, eins og glæra 19 ýjar að, væri framleiðni á vinnustund að sama skapi ofmetin. Framleiðnisaga glæru 7 og vinnustundaefasemdir glæru 19 geta ekki báðar staðist.

Sama launasumma, þrír nefnarar: þrjár ólíkar sögur. Myndin lokast þegar ein og sama stærðin — launasumma þjóðhagsreikninga á verðlagi neyslunnar — er skoðuð með þremur nefnum: á íbúa, á launþega og á vinnustund (Tafla 4). Á hvern íbúa er Ísland á vísitölunni 129 og í 4. sæti af 28 árið 2024 — hæsta talan sem kaupmáttarsamanburður getur skilað Íslandi.¹⁵ Á hvern launþega er sama launasumma á vísitölunni 98, tveimur prósentum undir meðaltali ESB og í 12. sæti af 28; á vinnustund 104 og í 8. sæti af 27. Tölurnar þrjár stangast hvergi á: bilið milli 129 og 98 er atvinnuþátttakan (1,31 sinnum fleiri launþegar á hvern íbúa en í ESB) og bilið milli 98 og 104 eru færri mældar vinnustundir á hvern launþega.

Talan 129 ber þó fyrirvara sem verður að fylgja henni, og hann lýtur að því hverjir teljast. Launasumman telur aðeins launþega, en í ESB eru 14,3% starfandi sjálfstætt starfandi og tekjur þeirra bókast sem blandaðar tekjur utan launasummunnar; á Íslandi er hlutfallið aðeins 4,6%. Samanburður á launatekjum á íbúa ber því saman land þar sem nánast allar vinnutekjur fara um launaseðil við svæði þar sem tekjur sjöunda hvers vinnandi manns gera það ekki. Þegar allar vinnandi hendur eru taldar — með stöðluðu aðferðinni um aðlagða launahlutdeild — verður vísitalan 115 og Ísland fellur úr 4. sæti í það 6. (mynd 14 í fyrri hluta).¹⁶

¹³Tafla OECD um meðalárslaun (*Average annual wages*, USD á jafnvirðisgengi) setur Ísland á sama tíma efst í OECD árið 2024. Sú færsla verður ekki samræmd launasummu þjóðhagsreikninga og verðlagsgögnum sem Eurostat og Alþjóðabankinn eru sammála um: með sömu aðferð endurgerist tala Þýskalands innan 2–3% en tala Íslands þyrfti að vera um 40% hærri en launasumman leyfir. Frávikið virðist Íslands-sérstakt, líklega í vinnustunda- eða starfsígildaleiðréttingu OECD, og taflan er því ekki nothæf um Ísland án sérstakrar skoðunar.

¹⁴Sundurliðunin krefst þess að framleiðsla, vinnustundir og starfandi komi úr samstæðum gagnaröðum (`nama_10_pc` og `nama_10_a10_e`); á þeim er framleiðnistig Íslands 122. Opinberi framleiðnimælikvarðinn í kafla 8 (`nama_10_lp_ulc`) gefur 123,4. Munurinn liggur í gagnaröðunum, ekki aðferðinni.

¹⁵Laun D11 úr `nama_10_a10` deilt með mannfjölda og A01-verðlagsvísitölunni; í evrum á markaðsgengi er vísitalan 223. Aldurssamsetning skýrir aðeins um sjötta hluta atvinnuþátttökumunarins: atvinnuhlutfall 15–64 ára er 85,4% á Íslandi á móti 70,7% í ESB, hið hæsta í Evrópu, og hlutfall 15–64 ára af mannfjölda 66,2% á móti 63,8% (Eurostat `lfsi_emp_a`, `demo_pjanbroad`, 2024).

¹⁶Reikniforsendan í einni setningu: gert er ráð fyrir að hver sjálfstætt starfandi hafi sömu vinnutekjur og meðallaunþegi í sama landi, þ.e. heildarlaunakostnaður D1 er skalaður með hlutfalli starfandi og launþega (`nama_10_a10_e`, `EMP_DC` og `SAL_DC`). Á fjöldagrunni er vísitalan 115,4 (6. sæti af 28), á stundagrunni 110,6 (6. sæti). Sé mæld verg blönduð tekja heimilageirans notuð í stað reiknaðrar uppskölunar (`nasa_10_nf_tr`, B3G, sem inniheldur einnig ávöxtun eigin fjár og er því efri mörk) fæst 112,8 og 5. sæti af 27 (Búlgaríu vantar). Allar útfærslur, gögn og forrit eru í fylgigagnasafni greinarinnar.

Launasumma deilt með	Vísitala (ESB=100)	Sæti	Hvað ræður muninum
Íbúum (2024)	129	4. af 28	Flestir vinnandi í Evrópu: 55 launþegar á hverja 100 íbúa á móti 42 í ESB
Íbúum — allar vinnandi hendur taldar (2024)	115	6. af 28	Tekjur sjálfstætt starfandi taldar með: 14,3% starfandi í ESB, 4,6% á Íslandi
Launþegum (2024)	98	12. af 28	Venjuleg laun á hvert starf, mæld á hæsta neysluverðlagi samanburðarhópsins
Vinnustundum (2025)	104	8. af 27	Færri mældar stundir á hvern launþega: 1.451 á móti 1.547 í ESB

Tafla 4: Ein stærð, þrír nefnarar: launatekjur á verðlagi einstaklingsbundinnar neyslu (AIC), Ísland sem hlutfall af ESB27. Á íbúa og launþega er allt hagkerfið árið 2024; á vinnustund atvinnugreinar B–S án opinberrar stjórnsýslu árið 2025 (gögn vantar fyrir Belgíu). Önnur línan telur tekjur sjálfstætt starfandi með (aðlöguð launahlutdeild, sjá neðanmálsgrein); hún er rétti kvarðinn á vinnutekjur þjóða. Til viðmiðunar er landsframleiðsla á mann, umreiknuð með eigin jafnvirðisgengi, á vísitölunni 131 (4. sæti). Heimildir: Eurostat; sjá Viðauka A.

Lykillinn að þessum þremur sögum er tvennt í senn: verðvísirinn og framleiðnin. Á verðlagi neyslunnar er framleiðsla á hvern starfandi um 97 þegar ESB er 100, og launin fylgja henni nákvæmlega — ekkert launa-framleiðni-gap þarf að skýra, enda er launahlutdeildin há og framleiðni á mann óx hægar en í ESB á síðasta áratug (kaffi 8). Háar tölur verða aðeins til með þrennum hætti: með því að deila með íbúum í stað starfandi, sem mælir atvinnuþátttöku en ekki laun; með því að nota verðlag framleiðslunnar í stað neyslunnar, sem mælir það sem launin gætu keypt af fiski og áli en ekki það sem þau kaupa í búðinni; eða með því að telja aðeins launþega gagnvart svæði þar sem sjöundi hver vinnandi stendur utan launasummunnar. Íslensk heimili afla þannig mikilla tekna á mann í heild — vegna þess hve margir vinna og launahlutdeildin er há, ekki vegna þess að hver launaseðill dugi lengra en annars staðar. Kaupmáttarsamanburður greiningarinnar hvílir á því að þessum stærðum sé ruglað saman: háar heildartekjur á mann, sem stafa af þátttöku, eru kynntar sem sönnun þess að launin sjálf séu í sérflokki. Verklagið er hið sama og með verðvísana: breytan er valin eftir því hvaða niðurstöðu þarf.

Glæra 26: greiningin þekkir muninn á verðvísunum. Að valið sé meðvitað sést af greiningunni sjálfri. Glæra 26 ber yfyrskriftina „Neysluverðlag tekur ekki tillit til viðskiptakjara, það gerir hins vegar verðvísitla [svo] landsframleiðslu og þá verður sambandið jafnvel skýrara“ og skiptir úr neysluverðlagi yfir í verðvísitölu landsframleiðslunnar til að sýna að launahækkanir umfram framleiðni fylgi verðbólgu. Þegar rökin krefjast þess er verðlag landsframleiðslunnar sagt betri mælikvarði en neysluverðlag; þegar mæla á kaupmátt launa á glærum 16–17 er notuð þrengsta neysluverðsvísitalan sem völ er á. Sami viðskiptakjarabati er þannig talinn tvisvar, í hvort sinn í þá átt sem málflutningurinn þarfnast: sem kaupmáttaraukning launafólks á glærum 16–17 og sem launadrifin verðbólga á glæru 26.¹⁷

Glærurnar sem nota réttan vísi staðfesta myndina. Til að gæta sanngirni: á tveimur glærum til viðbótar er verðvísirinn réttur. Glæra 18 notar tilbúna raunvirðisröð Eurostat um ráðstöfunartekjur heimila, en innbyggður verðvísir hennar telur húsnæðiskostnað með; þar kemur hagræðingin annars staðar frá, því gildin eru færð um eitt ár á tímaásnum þannig að grunnárið er í reynd 2002 og birtur vöxtur Íslands +40% í stað +36% rétt dagsett (sjá kafla 10). Glæra 21

¹⁷Samband nafnlaunakostnaðar á framleidda einingu og verðvísitölu landsframleiðslunnar er auk þess að hluta bókhaldslegt: verðvísitala landsframleiðslu er launakostnaður á einingu deilt með launahlutdeild, að viðbættum öðrum þáttatekjum. Að „sambandið verði skýrara“ með þeim vísi er því að hluta skilgreining fremur en niðurstaða.

umreiknar ráðstöfunartekjur úr lífskjararannsókn með jafnvirðisgengi einkaneyslunnar, réttum vísi, en á gögnum frá 2020, síðasta árinu sem Ísland skilaði þeirri rannsókn, og merkir röðina „á mann“ þótt hún mæli jafngildar ráðstöfunartekjur á neyslueiningu. Niðurstaða beggja er athyglisverð í ljósi glæru 19: með réttum neysluverðvísi lendir Ísland í 6.–8. sæti, ofarlega í hópnum en ekki í sérflokki — nákvæmlega myndin sem glæra 19 kynnir sem tölfraðilega ráðgátu.

Niðurstaða: Verðvísaval greiningarinnar er ekki tilviljanakennd ónákvæmni heldur fylgir það niðurstöðunni. Verðlag landsframleiðslunnar er notað þar sem verðlag neyslunnar myndi lækka stöðu Íslands (einkaneysla glæru 6), vísitala án húsnæðiskostnaðar þar sem full vísitala myndi lækka vöxtinn (glæsur 16–17), og skiptin eru rökstudd þarum orðum þegar þau henta öðrum málflutningi (glæra 26). Í eina skiptið sem rétti kaupmáttarvísirinn er notaður (glæra 19) er niðurstaða hans, 8. sæti og 4% yfir meðaltali ESB, kynnt sem „ósamræmi í hagtolum“, og vinnustundaskýringin sem boðin er stangast bæði á við mælikvarða án vinnustunda (12. sæti af 28 í árslaunum á launþega) og við framleiðnisögu glæru 7. Verðfleygurinn sem valið snýst um er hvergi stærri í Evrópu en á Íslandi: 13% munur á verðlagi framleiðslunnar (152,9) og verðlagi neyslunnar (172,7).

15 Niðurstaða: styrkleikar, veikleikar og mörk samanburðarins

Í átta lykiltílvikum hefur val á heiti, nefnara, ári eða samanburðarhópi þau áhrif að staða Íslands virðist hagstæðari og sérstaða þess meiri en í sambærilegum heildarsamanburði. Þegar notaður er sá mælikvarði sem venjulega svarar spurningunni, gögn frá sama ári borin saman og öll ríkin sýnd, breytist myndin ítrekað í sömu átt. Mesta breytingin varðar hagvöxt. Í endurreikningnum er heildarhagvöxtur 2,80% á Íslandi á móti 1,61% í ESB (greiningin tilgreinir 2,9% og 1,6%), en hagvöxtur á mann er 0,86% á móti 1,39%. Samanburðurinn snýst við og Ísland er í 23. sæti af 28. Þar næst vegur þungt að stærð sem deilir verðlagsvísi með tekjuhlutfalli er kynnt sem verðlag, þannig að landið sem er dýrast í samanburðarhópnum á hefðbundna verðlagsmælikvarðanum er sagt ódýrt. Í þriðja lagi er skuldastaða Íslands borin saman við stærðarvegna heildartölu ESB, sem fáein stórskuldug ríki toga upp; miðgildi aðildarríkjanna er aðeins 2,7 prósentustigum yfir Íslandi og Ísland í 14. sæti af 28 frá lægstu skuldum, nálægt miðju dreifingarinnar. Skuldatölur glærunnar koma auk þess úr tveimur gagnagjöfum WEO: landatölurnar og íslensku tölurnar úr apríl 2026 en 84 og 88 fyrir ESB-heildina úr apríl 2025.

Þar á eftir koma samanburðir sem þurfa skýrari mælikvarða eða fyrirvara. Verðbólga skýrir ekki háa raunvexti íslenskra íbúðalána; fyrir heimili með 60 m.kr. lán er munur á jafngildri fastri greiðslu á verðlagi dagsins um 114 þús.kr. á mánuði í dæminu sem notar 4,5% verðtryggða raunvexti. Atvinnuleysistala unga vinnuaflsins nægir ekki sem heildarmat á ungu fólki og samanburðurinn snýst við þegar deilt er með öllum aldurshópnum. Framleiðnivöxtur er í 14. sæti þegar öll ríkin eru sýnd og var á hvern starfandi undir meðaltali ESB síðasta áratug; 34%-fullyrðingin um heildarþáttaframleiðni er hvorki endurgeranleg né reikningslega möguleg í níu árbreytingum af fjórtán, og endurgeranlegt mat gefur +11 til +16%. Samkeppnishæfni Íslands mælist sterk í heildarröðun IMD, en framsetning sem sýnir þrjá hagstæðari meginþætti og tekur þann fjórða út styður ekki fullyrðingu um almenna sérstöðu. Ísland er í 15. sæti í heild, fimm ESB-ríki eru ofar og efnahagsleg frammistaða er í 52. sæti. Loks hvílir 68% kaupmáttaraukningin á upphafsári nálægt botni eftirhrunsáranna, verðvísitölu án húsnæðiskostnaðar eigenda og launum á vinnustund; með árslaunum á hvern launþega, verðvísitölu einkaneyslu með húsnæði og grunnárinu 2007 er aukningin 3% á Íslandi á móti 15% í ESB. Sama grunnárssaga endurtekur sig í ráðstöfunartekjum heimila á glæru 18, þar sem birt +40% hvílir að auki á hliðrun gagnanna um eitt ár; frá 2007 er Ísland þar neðst af þremur.

Þvert á einstaka samanburði liggur loks mynstrið í vali verðvísa (kaflí 14). Hvergi í Evrópu munar meira á verðlagi framleiðslunnar og verðlagi neyslunnar en á Íslandi, og verðvísaval glærana fylgir niðurstöðunni: verðlag landsframleiðslunnar þar sem verðlag neyslunnar myndi lækka

stöðu Íslands, vísitala án húsnæðiskostnaðar þar sem full vísitala myndi lækka vöxtinn, og í eina skiptið sem rétti kaupmáttarvísirinn er notaður er niðurstaða hans kynnt sem „ósamræmi í hagtölum“.

Styrkleikar Íslands eru engu að síður raunverulegir. Ísland er í 4. sæti í landsframleiðslu á mann (5. sæti hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og á vergum þjóðartekjum) og 7. sæti í landsframleiðslu á hvern starfandi. Atvinnustig er hátt, tekjudreifing jöfn, orka ódýr og fátækt og skortur mælast lítil í nýjustu sambærilegu gögnum. Þetta er eftirtektarverður árangur. Um aldamótin 1900 var Ísland meðal tekjulægstu þjóða Vestur-Evrópu; á einni öld varð það að nútímalegu velmegunar-riki (Bolt og van Zanden 2024).

Sanngjörn heildarlýsing er því að Ísland sé farsælt og velmegandi ríki í sömu efstu deild og farsæl-ustu ríki Vestur- og Norður-Evrópu, ein af velgengnissögum álfunnar en ekki land utan evrópsks samanburðar. Gögnin styðja ekki þá niðurstöðu að það sé almennt í öðrum efnahagslegum flokki en ríki ESB. Það er sú afmarkaða niðurstaða sem sameiginlegt mynstur samanburðanna styður. Ísland er í efstu deild Evrópu. En þar eru líka Danmörk, Holland, Svíþjóð, Finnland, Þýskaland og Austurríki, öll í Evrópusambandinu.

Af þessu leiðir engin niðurstaða um hvort Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið. Samanburður á stöðu ríkja í dag mælir ekki áhrif aðildar. Til þess þyrfti sérstaka greiningu á þeim breytingum sem aðild gæti valdið og á þeim kostnaði og ávinningi sem henni gætu fylgt. Afmörkun þessarar greinar er þengri: að kanna hvort tölurnar standi undir þeirri opinberu frásögn sem reist hefur verið á þeim.

Með greininni eru birt fryst frumgögn, með heimildarslóð og sótt dagsetningu fyrir hverja tölu, ásamt tölvuforritum (MATLAB og Python) sem endurgera myndir, töflur og tölur textans, á https://gautieggertsson.github.io/Afram_Island_gogn. Lesandinn á þannig að geta athugað bæði útreikninginn og túlkunina.

Viðauki A: Gögn og útreikningar

Öll gögn greinarinnar, frosin hráafrit þeirra og forritin sem endurgera hverja tölu og hverja mynd eru birt í opnum gagnapökkum. Meginpakkinn er https://gautieggertsson.github.io/Afram_Island_gogn; myndir sem fyrst birtust í fyrri greinum höfundar eru endurgerðar í opnum pökkum þeirra greina (Eggertsson 2026a; 2026b; 2026c; 2026d). Myndaskráin aftast í þessum viðauka rekur hverja mynd greinarinnar til þess pakka og þeirrar skipunar sem endurgerir hana. Hver tala greinarinnar á sér línu í kröfuskra meginpakkans ([krofuskra.csv](https://gautieggertsson.github.io/Afram_Island_gogn)) og hver lína gagnagrunnsins inniheldur nákvæma API-slóð og sótt dagsetningu. Eurostat-söfnin hér að neðan má öll skoða á <https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/product/view/>, með kóða gagnasafnsins aftast í slóðinni.

Við lokafrágang greinarinnar taldi kröfuskráin 158 línur. Sjálfvirk próf meginpakkans keyra 204 tölusamanburði; 203 eru innan skekkjumarka og eitt frávik er skráð og skýrt í niðurstöðuskrá pakkans (Seðlabanki Evrópu endurskoðaði apríltölu Lettlands eftir að greinin var fryst, 4,18 í grein en 4,15 í endurskoðuðum gögnum; breytir engri niðurstöðu). Allar tuttugu myndir greinarinnar voru endurgerðar úr frystum gögnum við frágang og bornar saman við birtu skránar, punkt fyrir punkt þar sem sami teiknibúnaður er notaður; sjá Myndaskrá aftast í viðaukanum.

Hagvöxtur og landsframleiðsla. Þjóðhagsreikningar Eurostat: `nama_10_gdp`, þjóðhagsliður B1GQ, einingar CLV_PCH_PRE (magnbreyting VLF, 2005–2025) og `CP_MPPS_EU27_2020` (VLF í PPS, 2024); `nama_10_pc`, sami þjóðhagsliður, einingar CLV_PCH_PRE_HAB (magnbreyting VLF á mann, 2005–2025), `CP_EUR_HAB` og `CP_PPS_EU27_2020_HAB` (VLF á mann í evrum og PPS, 2024); og `tec00114`, röð VI_PPS_EU27_2020_HAB/GDP (VLF á mann í PPS, ESB-27=100, 2024).

Endurskoðun Hagstofu Íslands á landsframleiðslu 2024 er felld inn (Hagstofa Íslands 2025; Hagstofa Íslands 2026a).

Landsframleiðsla á mann: samanburður heimilda (kafli 11). Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, World Economic Outlook apríl 2026, raðir PPPPC, PPPGDP, PPPEX, NGDP og LP; ESB-samtalan er mynduð sem samanlögð PPPGDP deilt með samanlögðum mannfjölda og samsvarar birtri samtölu sjóðsins (G998) upp á aukastaf. Vöxtur jafnvirðisgengis sjóðsins fyrir Ísland 2021–2024 samsvarar hlutfalli verðvísitalna landsframleiðslu Íslands og Bandaríkjanna upp á fjóra aukastafi, sem staðfestir framreikningsaðferðina. OECD, taflan *GDP per capita, USD, current prices and PPPs*; Alþjóðabankinn, WDI, röð NY.GDP.PCAP.PP.CD (útgáfa 13. júlí 2026). Vergar og hreinar þjóðartekjur á mann eru reiknaðar með hlutfalli B5GQ (og P51C fyrir eyðslu fastafjár) af B1GQ úr geirareikningum Eurostat (*nasa_10_nf_tr*), beitt á landsframleiðslu á mann í PPS; Búlgaríu vantar í geirareikninga ársins 2024, svo þjóðartekjuradanirnar ná til 27 ríkja. Meðalstærð heimila í neyslueiningarnæmniprófi kafa 14 er úr *ilc_lvph01* (2020, síðasta íslenska gildið).

Framleiðni og vinnumarkaður. Eurostat: *nama_10_lp_ulc*, raðir I15/RLPR_HW (raunframleiðni á unna stund, 2000–2025), *PCH_10Y/RLPR_HW* (tíu ára breyting, 2025), *I15/RLPR_PER* (raunframleiðni á hvern starfandi, 2000–2025) og *PC_EU27_2020_MPPS_CP/NLPR_HW* (framleiðnistig, 2024); *tesem160*, röð *PC_EU27_2020_MPPS_CP/NLPR_PER* (framleiðni á hvern starfandi, 2024); *lfsi_emp_a*, röð *ACT/PC_POP/Y15-24/T* (atvinnubátttaka 15–24 ára, 2025); *une_rt_a* ásamt sögulegu framhaldsröðinni *une_rt_a_h*, raðir *PC_ACT/T/Y15-74* (2006–2025) og *PC_ACT/T/Y15-24* (2009–2025); *une_rt_m*, röð *SA/PC_ACT/T/TOTAL* (árstíðaleiðrétt atvinnuleysi 15–74 ára í apríl og maí 2026); *yth_empl_140*, röð *PC/T/Y15-24* (atvinnuleitendur sem hlutfall af öllum 15–24 ára, 2025); *edat_1fse_20*, röð *PC/T/Y15-24/NO_FE_NO_NFE/NEMP* (NEET, 2025); *lc_lci_lev*, röð *EUR/D1_D4_MD5/B-S_X_0* (heildarlaunakostnaður á stund, 2024–2025); og *lfsa_ewhun2*, röð *HR/EMP/TOTAL/Y20-64/T/TOTAL* (venjulegar vinnustundir á viku, 2024). Geirasleppingarprófið notar *nama_10_a64* (virðisaukning B1G, CP_MEUR) og *nama_10_a64_e* (vinnustundir EMP_DC, THS_HW) fyrir greinarnar A03, D og C24, umreiknað í PPS með *nama_10_gdp*; aðalár 2023. Frosin hrásvör, kóði og minnisblað eru í *lokagerdgogn/framleidni_kjarna*. Vinnustundir á hvern starfandi og launþega eru úr *nama_10_a10_e* (THS_HW, EMP_DC og SAL_DC); leiðréttu vinnustundaröðin í neðanmálsgrein kafa 8 tekur miðgildi árlegra breytinga fjögurra mælikvarða: vinnustunda þjóðhagsreikninga, fjarvistaleiðrétttra og venjulegra vikustunda vinnumarkaðsrannsóknar (Hagstofa Íslands VIN00941 og VIN00931) og greiddra stunda laumarannsóknar (VIN02002). Endurgerð heildarþáttaframleiðni í kafa 8 er Törnqvist/Solow-afgangur reiknaður yfir 800 samsetningar forsendna úr þjóðhagsreikningum Eurostat, fjármagnsstofni Hagstofu Íslands, AMECO (ZVGDF) og Penn World Table 10.01 og 11.0 (*rtfpna*, *rwtfpna*), borinn saman við tilraunaröð Eurostat um óleiðréttu heildarþáttaframleiðni; línur glærunnar sjálfrar voru endurheimtar nákvæmlega úr vigurferlum upprunalega PDF-skjalsins.

Verðlag og tekjunefnari. Eurostat: *prc_ppp_ind*, með *freq=A*, *na_item=PLI_EU27_2020* og *time=2024*; röðin *ppp_cat=A01* er verðlagsvísir einstaklingsbundinnar neyslu á vinstri hlið myndar 2, en *ppp_cat=E011* er verðlagsvísir einkaneysluútgjalda heimila á hægri hlið hennar og í aðhvarfsgreiningunni. Undirflokkar neyslu eru A0101--A0112, þar á meðal A010405 fyrir rafmagn, gas og annað eldsneyti. Magnvísir einstaklingsbundinnar neyslu á mann er *VI_PPS_EU27_2020_HAB/A01*.

Tekjunefnari vinstri myndhlutans kemur úr Eurostat *ilc_di03*: *freq=A*, *age=TOTAL*, *sex=T*, *statinfo=MED_EI*, *unit=EUR* og *time=2024*. Fyrir Ísland er notað 2020-gildið 4.933.016 krónur (*unit=NAC*) og það framreiknað til 2024 með röðinni „Ráðstöfunartekjur (tekjur - gjöld)“ fyrir geira S.14, úr bráðabirgðauppgjöri Hagstofu Íslands 4. apríl 2025: 1.544.765,940 m.kr. árið 2020 og 2.425.484,373 m.kr. árið 2024. Umreikningur í evrur notar einfalt meðaltal 249 daglegra skráninga ársins 2024 úr tímaröð 4064 hjá Seðlabanka Íslands, „Evra, skráð miðgengi“,

149,310321 krónur á evru. Framreiknað tekjugildi Íslands er 51.875,05 evrur; miðgildi ESB-27 er 21.582 evrur og hlutfallið 2,403625. Frosin frumgögn, fyrirspurnir og afstemming við 114 birt gildi frumglærunnar eru í `lokagerdgogn/mynd02_verdlag`.

Gengi. Seðlabanki Íslands, tímaraðir 4055 (ISK/USD) og 4064 (ISK/EUR), dagleg gildi frá 1999; ECB `eurofxref-hist`, dálkurinn USD (USD/EUR, daglegt frá 1999). 30 daga flökt á ársgrundvelli er reiknað sem staðalfrávik daglegra lógaritmabreytinga gengis innan 30 viðskiptadaga glugga, umreiknað á ársgrundvöll. Gengisflöktsgreiningin er viðbótarefni og er ekki einn af lykilsamanburðunum átta; stutt samantekt er aftast í kafla 9.

Gagnasöfn vaxtamyndanna. Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í lýsingu gagna og útreikninga:

SI-RATE Seðlabanki Íslands, meginvextir: <https://sedlabanki.is/frettir-og-utgefid-efni/grein/?documentId=dd604514-f8ca-4410-abec-948cdaf99cb6>.

SI-EXP Seðlabanki Íslands, könnun á væntingum markaðsaðila: <https://sedlabanki.is/frettir-og-utgefid-efni/grein/konnun-a-vaentingum-markadsadila-2026-05-12>.

ECB-RATE Seðlabanki Evrópu, key ECB interest rates: https://www.ecb.europa.eu/stats/policy_and_exchange_rates/key_ecb_interest_rates/html/index.en.html.

ECB-SMA Seðlabanki Evrópu, Survey of Monetary Analysts, júní 2026: https://www.ecb.europa.eu/stats/ecb_surveys/sma/shared/pdf/ecb.smar260615_june.en.pdf.

ECB-MIR Seðlabanki Evrópu, MFI interest-rate statistics: <https://data.ecb.europa.eu/>.

EC-FCST Framkvæmdastjórn ESB, vörspá 2026: https://economy-finance.ec.europa.eu/economic-forecast-and-surveys/economic-forecasts/spring-2026-economic-forecast-slowdown-growth-energy-shock-drives-inflation_en.

EGG2026 Eggertsson (2026a), grein um íbúðalán og heimilisdæmið: https://gautieggertsson.github.io/vextir-uttreikningar/Drog_ad_mati_vaxtakostnadar_2026.pdf.

EGGDATA Fryst gagnaskrá Eggertssonar (2026a), með tölum og heimildarlýsingum: <https://github.com/gautieggertsson/vextir-uttreikningar>.

HMS-FK Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Mælaborð fyrstu kaupenda: <https://hms.is/fyrstu-kaupendur>.

Vextir. Fyrir brúarmynd stýrivaxta, mynd 4, eru notaðir meginvextir Seðlabanka Íslands, vextir á sjö daga bundnum innlánnum (SI-RATE), 7,75% frá 20. maí 2026 og staðfestir óbreyttir 16. júlí, og miðgildi væntrar verðbólgu eftir eitt ár í könnun markaðsaðila 4.–6. maí (SI-EXP), 3,9%. Fyrir evrusvæðið eru notaðir innlánsvextir Seðlabanka Evrópu (ECB-RATE, deposit facility rate), 2,25% frá 17. júní, og miðgildi væntrar ársverðbólgu HICP á öðrum ársfjórðungi 2027 úr könnun Seðlabanka Evrópu meðal greiningaraðila (ECB-SMA), 2,2%. Kennikóði þeirrar raðar er SMA.JUN26.MEDIAN.Q.Y.U2._Z.HIC. Þetta er næsta opna um-eins-árs viðmið í könnuninni. Áætlaðir raunstýrivextir eru reiknaðir með nákvæmu Fisher-sambandi, $(1+i)/(1+\pi^e) - 1$, og eru 3,7055% á Íslandi og 0,0489% á evrusvæðinu.

Fyrir íbúðalánamyndina, mynd 5, er notuð samsett vísitala Seðlabanka Evrópu um lántöku-kostnað heimila vegna húsnæðisкупа (ECB-MIR), árlegir umsamdir vextir án gjalda af nýjum lánum í apríl 2026. Röð evrusvæðisins er MIR.M.U2.B.A2C.A.R.A.2250.EUR.N; fyrir hvert evru-riki kemur ISO-kóði lands í stað U2. Sambærileg innlend gögn fyrir ESB-ríki utan evrusvæðisins, íslenskir bankavextir í mars 2026 og forsendur heimilisdæmisins eru úr frystum gögnum Eggertssonar (2026a), EGGDATA. Þar hefur nafnvaxtaröðin auðkennin `gagnasafn=tafla_raunvextir` og `rod=ibudalanavextir`.

Myndin notar landsspá væntrar verðbólgu fyrir hvert ESB-ríki úr vorspá framkvæmdastjórnar ESB 2026 (EC-FCST), meðaltal HICP-spár fyrir 2026 og 2027. Í EGGDATA hefur sú röð auðkennin `gagnasafn=tafla_raunvextir` og `rod=vaent_land`. Grunnmat Eggertssonar (2026a), sem notar 2,65% spá evrusvæðisins fyrir öll evruríkin en landsspá fyrir ríki með eigin mynt, er varðveitt með auðkenninu `rod=vaent_grunn`. Tafla 2 í EGG2026 birtir báðar útfærslur og sýnir að valið breytir ekki heildarmyndinni. Íslenska óverðtryggða lánið notar 9,19% nafnvexti og 3,5% vænta verðbólgu úr sömu gagnaútgáfu; Fisher-sambandið gefur 5,4976% raunvexti. Verðtryggða íslenska lánið ber 4,5% sammingsbundna raunvexti. Viðmið evrusvæðisins er reiknað af 3,44% nafnvöxtum og 2,65% væntri verðbólgu evrusvæðisins og er 0,7696%, birt sem 0,8%. Það er aðskilið heildarviðmið en ekki verðbólguforsenda landasúlnanna. Verðbólguvæntingin 3,9% á brúarmyndinni og 3,5% forsendan í íbúðalánasamanburðinum tilheyra þannig ólíkum, dagsettum gagnaútgáfum.

Mynd 6 notar 60 m.kr. höfuðstól, 25 ára lánstíma og raunvextina 4,5% og 0,77% úr EGG2026. Jafngild föst mánaðargreiðsla á verðlagi dagsins er reiknuð sem $M = P(r/12)/[1 - (1+r/12)^{-300}]$, þar sem r er hlutfallstala (til dæmis 4,5% = 0,045). Hún er 333,499 þús.kr. og 219,931 þús.kr.; munurinn er 113,568 þús.kr., birtur sem um 114 þús.kr. Verð fyrstu íbúðar árið 2025 kemur úr Mælaborði fyrstu kaupenda hjá Húsnaðis- og mannvirkjastofnun (<https://hms.is/fyrstu-kaupendur>). Frosin frumgögn, vinnubók, forrit og sannprófunarskrár þessara þriggja mynda eru í `lokagerdgogn/mynd04_vextir`.

Skuldir hins opinbera. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, World Economic Outlook, apríl 2026, röð `GGXWDG_NGDP` (heildarskuldir hins opinbera, % af VLF): Ísland og öll 27 aðildarríki ESB árið 2025, stærðarvegin heildartala ESB (G998), og spá fyrir Ísland og ESB til 2030. Ein og sama röðin er notuð fyrir öll ríkin; fryst afrit fylgir gagnapakkanum.

Samkeppnishæfni (IMD). *IMD World Competitiveness Booklet 2025* (IMD 2025), fryst eintak með SHA-256 gátsummu í `lokagerdgogn/mynd05_samkeppnishaeftni` ásamt talnatöflu, lýsigögnum og Python-forritinu sem teiknar mynd 10. Heildarsæti Íslands er 15. af 69 með 83,49 stig (bls. 52). Meginþættirnir fjórir (bls. 60–63): efnahagsleg frammistaða 52, skilvirkni hins opinbera 18, skilvirkni atvinnulífs 10, samfélagslegir innviðir 12. Undirþættir efnahagslegrar frammistöðu (bls. 60): innlent hagkerfi 40, alþjóðaviðskipti 63, alþjóðleg fjárfesting 60, atvinna 8, verðlag 59. ESB-ríkin fimm ofan Íslands í heildarröðinni (bls. 52): Danmörk (4), Írland (7), Svíþjóð (8), Holland (10) og Finnland (14). Hver hinna 20 undirþátta vegur 5% samkvæmt aðferðarlýsingu bókarinnar (bls. 54); af því leiðir að hver meginþáttur vegur 25%. Stærðarbjögunarflokkun 46 raðaðra viðmiða efnahagslegrar frammistöðu: 11 algildar stærðir, 20 hlutfalls- eða mannfjöldaleiðrétt, 7 vaxtarhraðar, 6 verðlag eða kostnaður, 2 könnunarviðmið. Ekkert nýtt heildarmat var reiknað.

Kaupmáttur launa. Mynd 11 notar Eurostat `lc_lci_r2_q`, launalið D11, atvinnugreinar B–S, árstíða- og dagaleiðrétt (SCA), deilt með ársfjórðungsmeðaltali samræmdrar vísitölu neysluverðs, `prc_hicp_midx`, röð CP00. Mynd 12 notar þjóðhagsreikninga Eurostat, `nama_10_gdp`: laun D11 og launakostnað D1 á verðlagi hvers árs í gjaldmiðli hvers lands (`CP_MNAC`) og afleidda verðvísitölu einkaneyslu (`P31_S14_S15/PD15_NAC`); fjöldi launþega og vinnustundir launþega koma úr `nama_10_a10_e`, röð `SAL_DC`, einingum `THS_PER` og `THS_HW`. Norðurlönd í ESB eru Danmörk, Svíþjóð og Finnland, vegin með fjölda launþega hvers árs. Hlutfall reiknaðrar húsaleigu af einkaneyslu kemur úr töflu Hagstofu Íslands THJ02103 og íslenska vísitala neysluverðs í næmni-prófum úr VIS01000. Raunverð húsnaðis 2013–2025 er reiknað úr `prc_hpi_a` (TOTAL), staðvirt með samræmdri vísitölu neysluverðs hvers lands. Fryst frumgögn, kröfuskra og forrit sem endurgera hverja tölu og báðar myndirnar með einni skipun eru birt á <https://gautieggertsson.github.io/kaupmattur> og <https://gautieggertsson.github.io/svarvisir> (Eggertsson 2026b; 2026c). Röðunartafla kaupmáttarvaxtar á leiðréttu mælikvarðanum (glæra 16) notar `nama_10_a10` (laun D11, `CP_MNAC`), `nama_10_a10_e` (`SAL_DC`) og verðvísitölu einkaneyslu

P31_S14_S15/PD15_NAC; mælikvarði glærunnar sjálfrar er `nama_10_lp_ulc` (D1_SAL_HW) staðvirtur með ársmeðaltali samræmdrar vísitölu neysluverðs (`prc_hicp_aind`).

Ráðstöfunartekjur heimila (glæra 18, kafli 10). Eurostat `nasa_10_ki`, vísir B7G_R_HAB_2010, geiri S14_S15 (leiðréttar vergar ráðstöfunartekjur heimila og félagasamtaka sem þjóna heimilum, raunvirði á mann); stafræn endurgerð allra 23 punkta glærunnar staðfestir hliðrun gagnanna um eitt ár og að endapunkturinn er gildi Eurostat fyrir árið 2024. Mynd 20 notar sömu röð, rétt dagsetta, með grunnárunum 2003 og 2007; Norðurlönd í ESB eru óvegið meðaltal Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands. Launþegakvarðinn notar nafnvirtar raðir `nasa_10_nf_tr` (B7G, CP_MNAC) deilt með launþegum úr `nama_10_a10_e` (SAL_DC) og verðvísitölu einkaneyslu P31_S14_S15/PD15_NAC. Íslenski B6G-samanburðurinn notar töflur Hagstofu Íslands THJ06021 (ráðstöfunartekjur heimilageirans), THJ01000 (mannfjöldi) og VIS01005 (vísitala neysluverðs).

Verðvísar (kafli 14). Verðlagsvísitölur ársins 2024 koma úr Eurostat `prc_ppp_ind`, `na_item=PLI_EU27_2020`: raðir `ppp_cat=GDP` (152,9), `ppp_cat=A01` (172,7) og `ppp_cat=E011` (161,7); magnvísar AIC og einkaneyslu á mann úr sama safni, `VI_PPS_EU27_2020_HAB`, raðir A01 og E011. Einkaneysluborðar glæru 6 endurgerast úr `nama_10_pc`, lið P31_S14_S15, einingu `CP_PPS_EU27_2020_HAB` (Ísland 25.726 PPS, ESB 21.027; vísitala 122,4, 2. sæti af 28); mynd 15 ber þá röð saman við AIC-magnvísinn A01 (Ísland 115,6, 4. sæti af 28). Verðleiðrétting glæru 19 endurgerist með launum á vinnustund úr `lc_lci_lev`, röð EUR/D11/B-S_X_0, árið 2025, deilt með A01-verðlagsvísitölunni 2024; heildarlaunakostnaðarútgáfan notar D1_D4_MD5. Árs-laun á hvern launþega eru laun D11 úr `nama_10_a10` (CP_MEUR, allar atvinnugreinar) deilt með fjölda launþega úr `nama_10_a10_e` (SAL_DC, THS_PER); vinnustundir á launþega og starfandi úr sama safni (THS_HW, EMP_DC). Heildarlaunatekjur á íbúa nota sömu launasummu deilt með mannfjölda (`nama_10_pe`) og A01-verðlagsvísitölunni; atvinnuhlutfall 15–64 ára er `lfsi_emp_a` og aldurssamsetning `demo_pjanbroad`, hvort tveggja 2024. Vinnutekjur allra vinnandi handa á íbúa (mynd 14, Tafla 4) skala heildarlaunakostnað D1 úr `nama_10_a10` með hlutfalli starfandi og launþega úr `nama_10_a10_e` (EMP_DC og SAL_DC, í fjölda THS_PER eða stundum THS_HW); efri-marka-útgáfan leggur í staðinn mælda verga blandaða tekju heimilageirans við launakostnaðinn, `nasa_10_nf_tr`, lið B3G, geira S14_S15 (vantar fyrir Búlgaríu 2024; sótt 4. ágúst 2026). Raunvirðisröð glæru 18 er `nasa_10_ki`, vísir B7G_R_HAB_2010, geiri S14_S15; ráðstöfunartekjur glæru 21 eru `ilc_di03`, `statinfo=MED_EI`, í PPS, árið 2020. Leiðbeiningar Eurostat um val jafnvirðisgengja eru í Eurostat og OECD (2024) og í yfirlitsgrein Eurostat um landsframleiðslu, neyslu og verðlag (Eurostat 2026).

Mannfjöldi og innflytjendur. Eurostat `demo_pjan`, eining NR, bæði kyn: `age=TOTAL` (mannfjöldi 2017, 2024 og 2025) og stök aldursár Y25 til Y54 (nefnari 25–54 ára mælikvarðans, 2024–2025). Talnaefni um innflytjendur og vinnumarkað kemur úr útgáfum Hagstofu Íslands (2024; 2026b) og Vinnumálastofnunar (2025; 2026).

Fátækt og tekjudreifing. Eurostat EU-SILC: `ilc_mdsd07`, víddir `age=TOTAL`, `sex=T` og `unit=PC` (skortur á efnislegum og félagslegum gæðum); `ilc_li02`, víddir `statinfo=MED_EI`, `rskpovth=B_60`, `unit=PC`, `sex=T` og `age=TOTAL` (hætta á fátækt eftir félagslegar tilfærslur; samsvarar eldri kóðanum LI_R_MD60); og `ilc_di12`, víddir `age=TOTAL` og `statinfo=GINI_HND` (Gini-stuðull). Sannprófun glæru 29 notar `ilc_peps03n` (hætta á fátækt eða félagslegri einangrun eftir tekjuþjórðungum, QU1, 2020) ásamt eldri töflunum `ilc_peps01`, 03, 04 og 07 (fryst „EU 2020“-skilgreining, sem glæran samsvarar) og endurskoðuðu töflunum `ilc_peps01n–07n`; glæra 30 samsvarar `ilc_peps04n` (18 ára og eldri) og `ilc_peps07n` (eftir stöðu á húsnæðismarkaði), árið 2020. Fimmtungahlutfallið S80/S20 er `ilc_di11` og samanburðarröðun OECD úr Income Distribution Database (Gini 2019). Fullsambærilegu íslensku gögnin sem greiningin birtir eru frá 2020; Ísland hefur ekki skilað lífskjararannsókninni til Eurostat síðan, og Hagstofa Íslands frestaði útgáfum um tekjudreifingu 2023–2025 í júlí 2026.

Annað. Maddison Project Database, breytan `gdppc` (Bolt og van Zanden 2024; söguleg staða

um aldamótin 1900); greining Áfram Íslands sjálf (Kontext ehf. 2026) og glærur hennar eins og þær voru birtar.

Myndaskrá: endurgerð hvernar myndar

Hver mynd greinarinnar á sér skjalfesta endurgerðarleið. Allar leiðirnar hér að neðan hafa verið keyrðar og útkoman borin saman við birtu myndina, punkt fyrir punkt þar sem sami teiknibúnaður er notaður. Skipanirnar `gera_myndir.m` og `lokagerdgogn/...` vísa í efnisskrá greinarinnar sjálfar; „meginpakki“ er https://gautieggertsson.github.io/Afram_Island_gogn og þakkar fyrri greina eru auðkenndir með tilvísun í heimildaskrá.

- `m1_hagvoxtur`, `m2_vlf_starfandi`, `m3_framleidni`, `m3b_framleidnistig`, `m4_ungmenn`, `m5_atvinnuleysi`, `m10_skuldir`, `m12_adhvarf`, `m13_atvinnuleysi`: `matlab -batch "run('gera_myndir.m')"` (frosin gögn í skránni sjálfri; heimildir hvernar myndar að ofan). Handfærðu framleiðnigildin í `m3b` eru að auki prófuð sjálfvirk gegn frystu skránni með `lokagerdgogn/framleidni_kjarna/profa_m3b_samraemi.py`.
- `styrivextir_bru`, `m8_vextir`, `heimili_60m`: sama keyrsla, og jafnframt fryst lokagerð með `matlab -batch "run('lokagerdgogn/mynd04_vextir/forrit/gera_vaxtamyndir.m')"`.
- `m2_verdlag`: fryst lokagerð, `matlab -batch "run('lokagerdgogn/mynd02_verdlag/forrit/gera_mynd02.m')"`.
- `m9_imd`: sama keyrsla `gera_myndir.m`, og fryst lokagerð með `lokagerdgogn/mynd05_samkeppnishafni/forrit/gera_mynd05.py`.
- `m15_kaupmattur`, `m15b_kaupmattur_2007`: sömu myndir og í kaupmáttar- og svargreinapökkunum (Eggertsson 2026b; 2026c), endurgerðar þar með `make_figure1.m/make_figure2.m` og `run_all.m`; útlitsútfærslan hér er önnur en tölurnar hinar sömu.
- `m16_radstofunartekjur`: endurgerð í `svar-radstofunartekjur/slide18_rebuild` í kaupmáttarpakkanum (Eggertsson 2026b).
- `m17_laun_evrur_kaupmattur`, `m18_vinnandi_hendur`, `m19_neysla`: endurgerðar úr frystum gögnum í `myndir_vidbot/` í meginpakkanum, ein Python-skipun hver.

Heimildaskrá

- Alþingi (2026). Þingsályktun um þjóðaratkvæðagreiðslu 29. ágúst 2026 um framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Þingskjöl 875 og 1245, 157. löggjafarþing. <https://www.althingi.is/altext/157/s/0875.html>. Samþykkt þingsályktun: <https://www.althingi.is/altext/157/s/1245.html>. Í greinargerð kemur fram að endanlegur aðildarsamningur yrði borinn undir þjóðaratkvæði sérstaklega.
- Áfram Ísland (2026). „Greining“. Kynningarsíða hreyfingarinnar með upptöku af ræðu Ólafs Ragnars Grímssonar frá 6. júlí og greiningunni „Staðreyndir um ESB og Ísland“, sótt 10. júlí 2026. <https://aframisland.is/greining/>.
- Balassa, B. (1964). „The Purchasing-Power Parity Doctrine: A Reappraisal.“ *Journal of Political Economy* 72(6), 584–596. <https://doi.org/10.1086/258965>. Tveggja geira líkanið í 4. kafla.
- Bítíð, Bylgjan (2026). Viðtal við Ólaf Ragnar Grímsson að morgni 7. júlí 2026, daginn eftir stofnfund Áfram Íslands. Tilvitnunin um Finnland fellur á mín. 26:24–26:27; ummælin um Finnland sem eina Norðurlandið sem bæði notar evru og á aðild að ESB á mín. 26:14–26:18. Upptaka á vef Bylgjunnar og Vísis. <https://www.visir.is/k/faa2f566-5e19-45f2-94c8-88b7fc80a666-1783414826721>.
- Bolt, J. & van Zanden, J. L. (2024). *Maddison Project Database 2023*. <https://www.rug.nl/ggdc/historicaldevelopment/maddison/>. Landsframleiðsla á mann í alþjóðadollurum frá 1870; íslenska röðin byggist á Guðmundi Jónssyni (1999), *Hagvöxtur og iðnvæðing: Þróun landsframleiðslu á Íslandi 1870–1945*, Þjóðhagsstofnun.

- Eggertsson, G. B. (2026a). *Drög að mati á lækkun vaxtakostnaðar íslenskra heimila við upptöku evru*. 19. júní 2026. Grein: https://gautieggertsson.github.io/vextir-uttreikningar/Drog_ad_mati_vaxtakostnadar_2026.pdf; gögn og forrit: <https://github.com/gautieggertsson/vextir-uttreikningar>. Raunvaxtasamanburðurinn í Meginniðurstöðum og 6. kafla byggist á aðferð og gögnum greinarinnar, þar á meðal næmnigreiningar matsins.
- Eggertsson, G. B. (2026b). „Er Ísland Manchester City og ESB Sheffield United?“ Vísir, 26. júlí 2026. Gögn, aðferðaskjal og forrit sem endurgera myndir greinarinnar: <https://gautieggertsson.github.io/kaupmattur>. Fyrri grein kaupmáttarsamanburðarins í 10. kafla; myndir 11 og 12 birtust þar fyrst.
- Eggertsson, G. B. (2026c). „Stór orð, lítil rök og ekkert dæmi um ranga tölu – Svar til Konráðs S. Guðjónssonar.“ Vísir, 31. júlí 2026. Gögn, aðferðaskjal og forrit: <https://gautieggertsson.github.io/svarvisir>. Svar við gagnrýni á fyrri greinina; rekur einnig samanburðinn frá aldamótum og næmnipróf kaupmáttarmælikvarðanna.
- Eggertsson, G. B. (2026d). *Verðlag: „ódýrt“ verður dýrast. Um þá fullyrðingu Áfram Íslands að Ísland sé ódýrt þegar verðlagi er deilt með tekjum*. Ágúst 2026. Gögn og tölvukóði: https://gautieggertsson.github.io/Afram_Island_gogn. Líkanið í 4. kafla er leitt þar út í heild, ásamt næmniprófum tekjuhugta; greinin er reiknuð á eigin frystri gagnaútgáfu.
- Eurostat (2025). *Young people on the labour market – statistics*. <https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/SEPDF/cache/66079.pdf>. Sérúrtak úr vinnumarkaðsskönnun 2016: 87% Íslendinga 15–34 ára sem lokið höfðu formlegu námi höfðu öðlast launaða starfsreynslu samhliða námi.
- Eurostat (2026). *GDP per capita, consumption per capita and price level indices*. Statistics Explained, sótt í ágúst 2026. https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=GDP_per_capita,_consumption_per_capita_and_price_level_indices. Þar segir að í alþjóðlegum magnsamanburði sé raunveruleg einstaklingsneysla (AIC) alla jafna talin heppilegri mælikvarði á efnisleg lífskjör heimila en landsframleiðsla eða einkaneysla.
- Eurostat og OECD (2024). *Eurostat-OECD Methodological Manual on Purchasing Power Parities (2023 edition)*. París: OECD Publishing, júlí 2024. <https://doi.org/10.1787/c9829192-en>. Aðferðahandbók jafnvirðisgengisáætlunarinnar: sérstakt jafnvirðisgengi er reiknað fyrir hverja hagstærð, og húsnaðisþjónusta, greidd og reiknuð húsaleiga, er verðmæld innan neyslunnar.
- Hagstofa Íslands (2024). *Mannfjöldi eftir bakgrunni 1. janúar 2024*, 12. desember 2024. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-efrir-bakgrunni-1-januar-2024/>. Innflytjendur voru 18,2% mannfjöldans.
- Hagstofa Íslands (2025). *GDP increased by 0.5% in 2024*, 28. febrúar 2025; leiðrétt 3. mars 2025. <https://www.statice.is/publications/news-archive/national-accounts/national-accounts-2024-provisional-estimates/>.
- Hagstofa Íslands (2026a). *Þjóðhagsreikningar 2025, áætlun*, 27. febrúar 2026. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/thjodhagsreikningar/thjodhagsreikningar-2025-aaetlun/>. Hagvöxtur 2024 endurskoðaður í –1,3% (fyrsta mat +0,5%).
- Hagstofa Íslands (2026b). *Vinnumarkaðurinn á 4. ársfjórðungi 2025*, 5. febrúar 2026. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/vinnumarkadur/vinnumarkadurinn-a-4-arsfjorungi-2025/>. Starfandi fólki fækkaði um 2.000 milli ára.
- IMD (2025). *IMD World Competitiveness Booklet 2025*. Lausanne: IMD World Competitiveness Center, júní 2025. ISBN 978-2-940485-60-4. Fryst eintak með SHA-256 gátsummu fylgir gagnapakka greinarinnar (lokagerdgogn/mynd05_samkeppnishafni).
- Kontext ehf. (2026). *Ísland og ESB – samanburður lífskjara og hagstærða*. Skýrsla unnin fyrir Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál (RSE) og Áfram Ísland, júlí 2026. <https://aframisland.is/skjol/stadreyndir-esb-island-juli-2026.pdf>. Greiningin sem þessi grein metur.
- OECD (2025). *OECD Economic Surveys: Iceland 2025*. París: OECD Publishing. Mat á framleiðni auðlindagreina og fjölbreytni íslensks atvinnulífs.

- Samuelson, P. A. (1964). „Theoretical Notes on Trade Problems.“ *The Review of Economics and Statistics* 46(2), 145–154. <https://doi.org/10.2307/1928178>. Tveggja geira líkanið í 4. kafla.
- Seðlabanki Íslands (2025). *Peningamál* 2025/4, kafli IV. <https://sedlabanki.is/frettir-og-utgefid-efni/grein/peningamal-2025-4>. Framleiðni á unna stund 2024 endurskoðuð í –2,3%; launakostnaður á framleidda einingu +8,4%.
- Seðlabanki Íslands (2026). *Peningamál* 2026/1. <https://sedlabanki.is/frettir-og-utgefid-efni/grein/peningamal-2026-1>. Verðbólguþá Seðlabankans, 3,5%, sem notuð er í raunvaxta-samanburðinum.
- Viðskiptablaðið (2026). „Ísland í meistaradeild en ESB í miðri annarri deild“, 6. júlí 2026. <https://vb.is/frettir/island-i-meistaradeild-en-esb-i-midri-annarri-deild/>; sjá einnig mbl.is sama dag, https://www.mbl.is/frettir/innlent/2026/07/06/esb_i_besta_falli_ad_keppa_i_midri-annarri-deild/.
- Viðskiptaráð Íslands (2022). „Leiðin að samkeppnishæfasta ríki heims.“ Vísbending/vi.is, 5. júlí 2022. <https://vi.is/greinar/lei%C3%B0in-a%C3%B0-samkeppnish%C3%A6fasta-riki-heims>. Þar segir að smæðin hafi töluverð áhrif en að teknu tilliti til vergrar landsframleiðslu ræði Ísland sér eigi að síður í botnsætin í erlendri fjárfestingu.
- Viðskiptaráð Íslands (2025). „Ísland hækkar um tvö sæti í samkeppnishæfni“, 18. júní 2025. <https://vi.is/frettir/samkeppnishæfni-2025>. Umfjöllun ráðsins um IMD-úttektina 2025; stærðarþjögun er þar hvergi nefnd.
- Vinnumálastofnun (2025). *Íslenskur vinnumarkaður árið 2024*, 5. febrúar 2025. <https://island.is/s/vinnumalastofnun/frett/islenskur-vinnumarkadur-arid-2024>. Hlutfall starfandi fólks með erlendan bakgrunn var 24%.
- Vinnumálastofnun (2026). *Skráð atvinnuleysi í maí var 4,2%*, 12. júní 2026. <https://island.is/s/vinnumalastofnun/frett/skrad-atvinnuleysi-i-mai-var-4-2>.
- Vísir (2026). „Ísland skari fram úr ESB á flestum mælikvörðum“, 8. júlí 2026. <https://www.visir.is/g/20262907108d/is-land-skari-fram-ur-esb-a-flestum-maeli-kvordum>. Frétt um opinbera birtingu og kynningu greiningarinnar.